












# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
17. september 2011
217. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Glímir við nýja bók**
*Rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir málar myndir og kennir börnum.*
**bækur** 22

**Ekkert karamellusmjatt**
*Hefðir og óskráðar siðareglur sem fylgja tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar.*
**tónlist** 20



**Oft bitin og klóruð**
*Hildigunnur Georgsdóttir dýralæknir varð eitt sinn fyrir árás risastórrar gyltu.*
**krakkar** 44



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna






**SMÖLUN** Fjórhjól og fjórfætlingar ösla hér yfir ána Syðri-Ófæru á Skaftártunguafrétti á leið sinni til byggða. Smölun hófst á afréttinum síðasta sunnudag og réttað er í Grafarrétt í Skaftártungu í dag. Öskuryk úr Grímsvatnagosinu var mönnum og skepnum til óþæginda fyrstu dagana. **Sjá síðu 24**

MYND/HAUKUR SNORRASON

# Gefið eftir í stóru málunum

**Framlenging gjaldeyrishafta verður helmingi styttri en áætlað var og forsætisráðherra fær ekki vald til að ákvarða fjölda ráðuneyta. Jóhanna Sigurðardóttir kveðst ánægð en segir septemberþing mislukkaða tilraun.**

**ALÞINGI** Gjaldeyrishöft verða framlengd um tvö ár í stað fjögurra og vald til að ákvarða fjölda ráðuneyta og verkaskiptingu milli þeirra verður áfram á höndum þingsins en ekki forsætisráðherra. Þetta eru helstu breytingarnar sem gerðar voru á tveimur umdeildum frumvörpum ríkisstjórnarinnar í gær svo nást mætti sátt um að ljúka þingstörfum í dag. Vonast er til að hægt verði að slíta þingi síðdegis.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ríkisstjórnina hafa beðið ósigur í málinu. „Þetta er fyrst og fremst sigur skynseminnar. Ríkisstjórnin hefur verið gerð afturreka með hugmyndir um að forsætisráðherravæða stjórnarráðið.“ Hann segir sjálfstæðismenn engu að síður ekki munu styðja frumvarpið um breytingar á stjórnarráðinu, og ekki heldur frumvarpið um framlenginguna gjaldeyrishaftanna.

Ríkisstjórnin hyggst samkvæmt heimildum Fréttablaðsins senda frá sér yfirlýsingu í tengslum við gjaldeyrismál þar sem kveðið verður á um stofnun þverpólitískra nefnda um eftirlit með afnámi hafta og mótun nýrrar peningastefnu og sérfræðinganefndar sem leggja á til breytingar á fjármálamarkaðnum.

„Ég er mjög ánægð með þessa niðurstöðu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Túlkun stjórnarandstöðunnar um ósigur ríkisstjórnarinnar sé röng. Það sé grundvallarbreyting að ekki þurfi lengur að breyta lögum til að ákvarða fjölda ráðuneyta heldur nægi til þess þingsályktunartillaga. „Það er miklu greiðari leið í gegnum þingið og skilar okkur skilvirkari stjórnsýslu og meiri sveigjanleika,“ segir hún.

Jóhanna er þó gagnrýnin á störf þingsins að undanförnu og segir daprar uppákomur þar ekki hafa verið því til sóma. Þá sé tveggja vikna septemberþing misheppnuð tilraun. „Þessir septemberstubbar hafa ekki nýst sem skyldi og ég held að þetta gæti verið sá síðasti sem við förum í gegnum.“ **- sh**




## SPURNING DAGSINS



*Tryggvi, ertu nú orðinn jafngóður og Ingi Björn?*

„Ég ætla mér að verða yfir hann hafinn!“

Knattspyrnukappinn Tryggvi Guðmundsson jafnaði á dögunum markamet Inga Björns Albertssonar í efstu deild. Hann ætlar alls ekki að láta þar staðar numið.

Kona sem grunuð er um að hafa búið um látið barn sitt í ruslagámi sætir enn farbanni:

# Geðlæknir metur litháísku móðurina sakhæfa

**LÖGREGLUMÁL** Litháísk kona, sem grunuð er um að hafa skilið andvana fætt barna sitt eftir í ruslageymslu í júlí, er sakhæf samkvæmt niðurstöðu geðrannsóknar sem nú liggur fyrir. Endanleg ákvörðun um sakhæfi hennar er í höndum dómara að aðalmeðferð málsins lokinni.

Konan sætir farbanni, sem rennur út 29. september næstkomandi. Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er á lokastigi og að henni lokinni verður málið sent til ríkissaksóknara.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leiddu niðurstöður DNA-rannsóknar í ljós að sveinbarnið átti blóðföður hér á landi. Faðirinn og móðirin bjuggu saman heima hjá föður hans um skeið eftir að hún kom til Íslands frá Litháen í október í fyrra, en slitu síðan samvistir. Faðir barnsins hafði ekki grun um að konan væri barnshafandi fremur en aðrir sem umgengust hana.

Það var laugardaginn 2. júlí sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann nýfætt andvana sveinbarn, sem komið hafði verið fyrir í plasti þar sem það var ekki fyrir sjónum manna í ruslageymslu við hótel Frón í Reykjavík.



**FRÁ VETTVANGI** Konunni var gert að sæta geðrannsókn og situr í farbanni til 29. september.

Rúmlega tvítug kona hafði skömmu áður fengið aðstoð á Landspítala vegna mikilla blæðinga. Þar töldu læknar að hún hefði fætt barn skömmu áður eða á síðasta sólarhring, þrátt fyrir að hún segðist ekki kannast við að hafa verið ófrísk. Hún hafði unnið sem herbergisþerna á umræddu hóteli og mun hafa fætt barnið þar. Lögregla taldi ljóst að barnið hefði verið á lífi og heilbrigt þegar það fæddist og er konan ein talin bera ábyrgð á andláti þess. - jss

Ráðherra veitir Jarðarberið:

# Verðlaunaður fyrir ljósmyndir af náttúrunni

**VERÐLAUN** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra veitti í gær Ragnari Axelssyni, ljósmyndara á Morgunblaðinu, Jarðarberið, fjölmiðlaverðlaun ráðuneytisins, í tilefni af degi íslenskrar náttúru.



RAGNAR AXELSSON

Ragnar var valinn úr hópi fjögurra tilnefndra. Í rökstuðningi dómnefndar segir að Ragnar hafi verið óþreytandi við að sýna náttúru Íslands á myndrænan hátt og hafi sérstaklega beint sjónum að samspili manns og náttúru á langri starfsævi sinni.

Dagur íslenskrar náttúru var haldinn í fyrsta sinn í gær og verðlaunin að sama skapi veitt í fyrsta sinn. - sh

Ný skoðanakönnun MMR:

# Fimmtungur kysi mögulega Besta flokkinn

**STJÓRNMÁL Rétt rúmur fimmtungur landsmanna, 21,4 prósent, segir að til greina kæmi að kjósa Besta flokkinn, byði hann fram í næstu þingkosningum. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun MMR. Í sambærilegri könnun frá því í mars sögðu 25,5 prósent það koma til greina að kjósa flokkinn í þingkosningum.**

**Yngri kjósendur eru líklegri til að velja flokkinn en eldri, þótt stuðningur yngsta hópsins hafi heldur minnkað síðan í mars. Karlar voru jafnframt líklegri en konur til þess að kjósa hann og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar líklegri en andstæðingar hennar.** - mþl

# Hryssur stórslasaðar eftir meintan níðing

**Þrjár hryssur sem voru í haga í Kjós eru taldar hafa orðið fyrir barðinu á dýraníðingi. Rifið eða skorið var út úr kynfærum einnar þeirra og önnur var svo illa farin, þegar hún komst undir hendur dýralæknis, að henni hefði getað blætt út.**

**LÖGREGLUMÁL** Hryssa fannst sárkvalin og blæðandi, með illa útleikin kynfæri, í girðingu í Kjós um síðustu helgi. Hún hefur verið til aðhlynningar á Dýraspítalanum í Víðidal undanfarna daga. Önnur hryssa í sömu girðingu hafði áður verið færð undir læknishendur af sömu ástæðu. Eigendur hryssanna hafa kært athæfið til lögreglu.

Samkvæmt lýsingu eigenda hryssanna fóru þeir fyrst í byrjun júlí í girðinguna til að skoða folöld þar. Kom þá í ljós að ein hryssanna var með skurð undir taglinu. Önnur var einnig með sár, sem reyndist vera minni háttar. Hryssan með meiri áverkana var færð til dýralæknis. Sárið á henni reyndist bæði langt og djúpt og varð að sauma það saman.

Síðastliðinn sunnudag fóru eigendurnir svo aftur í girðinguna til að draga undan hrossunum. Þá sást að tagl þriðju hryssunnar var alblóðugt og afturfætur einnig. Þegar farið var að rannsaka málið nánar reyndist blóðið koma úr kynfærum hryssunnar og var hún samstundis færð til dýralæknis á Dýraspítalanum í Víðidal, þar sem hún hefur dvalið þar til í gær, að henni var sleppt.

Hryssan sem minnstu áverkarnir voru á er ljónstygg í haga, en hinar tvær gæfari, einkum sú sem mest var sköðuð. Hún er barnahross, mjög spök og treystir öllum, þannig að auðvelt er að ganga að henni hvar sem er.

Lísa Bjarnadóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum, sem hefur, auk annarra, annast hryssurnar sagði í samtali við Fréttablaðið að báðar hefðu þær verið með áverka í skeið.

„Fyrri hryssan sem kom var rifin út þannig að áverkinn sást betur. Það þurfti heilmikinn saumaskap til að koma henni í lag. Svo var ljótt sár í síðari hryssunni, Hún var mjög bólgin og mikil blæðing. Hún var kófsveitt og hríðskjálfandi þegar komið var með hana og henni hefði hreinlega getað blætt út,“ lýsir dýralæknirinn ástandi hrossanna tveggja og bætir við að á báðum hryssunum hafi áverkinn verið innanvert öðrum megin.

„Mér finnst ólíklegt annað en að þetta geti verið af mannavöldum, miðað við áverkana, en það er svo sem ekki hægt að staðhæfa það meðan ekkert hefur sannast,“ segir Lísa og hvetur hestaeigendur til að fylgjast vel með hrossum sínum.

Héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis, Gunnari Erni Guðmundssyni, var tilkynnt um málið. Hann kynnti sér aðstæður og hvatti eigendur hryssanna til að kæra málið til lögreglu, sem þeir og gerðu. jss@frettabladid.is



**EFTIRLIT MEÐ HROSSUM** Dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal hvetur hestaeigendur til að fylgjast vel með hrossum sínum, þar sem grunur leikur á að hryssur hafi verið illa skaðaðar af mannavöldum.

## Tvö svipuð mál á árinu

Svipuð mál og getur um hér í blaðinu komu upp fyrr á árinu. Skurðir sem taldir voru til komnir af mannavöldum fundust á kynfærum og á snoppu þriggja hrossa í byrjun sumars. Hryssurnar þrjár sem um var að ræða eru frá hrossabúi í Skagafirði.

Um það bil mánuði áður hafði hestamaður á Austurlandi komið auga á áverka á hryssu sinni. Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis nyrðra var kallaður til, auk þess sem lögreglu var tilkynnt um bæði málin. Enginn hefur haft réttarstöðu grunaðs manns hingað til.



**ÖRNEFNI Á NETINU** Landmælingar tóku í gagnið örnefnasjá á vef sínum.

Nýjung hjá Landmælingum:

# Ný örnefnasjá tekin í gagnið

**TÆKNI** Landmælingar Íslands hleyptu í gær af stokkunum nýrri örnefnasjá á heimasíðu sinni, www.lmi.is.

Örnefnasjáin, sem var vígð á degi íslenskrar náttúru, er vefsjá af Íslandi þar sem má þysja niður á gervihnattamyndir og sjá þar yfir 58.000 örnefni úr gagnabönkum.

Á vef Landmælinga segir að sífellt sé að bætast í sarpinn, enda sé mikill áhugi meðal almennings á varðveislu örnefna. Vinna hefur staðið við Örnefnagrunninn undanfarin ár, meðal annars í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar. - þj

## SKÁK

### Óbreytt staða á NM öldunga

Staðan breyttist ekkert á toppnum eftir skákir dagsins á Norðurlandamóti öldunga í skák. Friðrik Ólafsson er í 3.-6. sæti með 5 vinninga, hálfum vinningi neðar en tveir efstu menn. Teflt er í Faxafeni 12 og hefst næstsíðasta umferð klukkan 14 í dag.

### Svidler vann Grischuk

Fyrstu skákinni í úrslitum heimsbikarmótsins lauk með sigri Rússans Peters Svidler gegn landa sínum, Alexander Grischuk. 128 þátttakendur hófu þessa útsláttarkeppni. Tefldar verða fjórar skákir í úrslitaeinvíginu.


## Námskeið – fyrir þá sem treysta sér ekki á hópnámskeið

**Reynir þú að komast hjá því að fara á námskeið** sem fyrirtækið vill senda þig á, er það farið að bitna á starfsframa þínum?

**Langar þig að fara á námskeið** en hikar vegna þess að þér líður of illa innan um ókunnuga?

**Áttu erfitt með að einbeita þér í stórum hópi?**
Langar þig t.d. á námskeið við félagskvíða en treystir þér ekki? Hefur þú gefist upp og hætt á námskeiði vegna þess að þér leið of illa?

**Svarið við því getur verið stutt einstaklings-**námskeið til að byrja með, og síðan heldur námskeiðið áfram í 3-5 manna hópi. Beitt er aðferðum HAM, jákvæð sálfræði og aðrar raunprófaðar aðferðir. Námskeið hefjast í lok september r og verða síðan haldin með reglulegu millibili.

**Umsjón:** Jón Sigurður Karlsson, sálfræðingur, sérfræðingur í kliniskri sálfræði. Sérnám í HAM.

**Staður:** Persona, sálfræðistofur Skúlatúni 6, 3. hæð 105 Reykjavík
Nánari upplýsingar og skráning: jon@persona.is


Reykjavíkurborg hætti samstarfi 21 grunnskóla við eineltisáætlun Olweus:

# Eineltisfé verður deilt á alla skólana

**SKÓLAR** Reykjavíkurborg er hætt í samstarfi við Olweus um eineltisáætlanir í grunnskólum.

Sigrún Björnsdóttir hjá menntasviði Reykjavíkur segir að undanfarin ár hafi verkefnastjóri Olweus-áætlunarinnar á Íslandi fengið fasta 2,5 milljóna króna greiðslu fyrir að veita 21 grunnskóla í Reykjavík stuðning. Skólarnir hafi unnið gegn einelti í samræmi við áætlunina. Tæplega tuttugu aðrir skólar sem kosið hafi að vinna samkvæmt öðru fyrirkomulagi hafi ekki fengið sambærilegan fjárstuðning í forvarnavinnu gegn einelti.

„Ekki þótti réttlætanlegt að gera með þessum hætti upp á milli skóla í miðlægri fjárveitingu, auk þess sem vonast var til þess að vinnubrögð og hugmyndafræði Olweus-áætlunarinnar hefði þegar fest sig í sessi í þeim skólum sem höfðu innleitt hana og unnið samkvæmt henni í mörg ár,“ segir Sigrún.

Að sögn Sigrúnar hefur Olweus-áætlunin skilað góðum árangri. Þeir skólar sem svo kjósi geti áfram keypt þjónustuna enda hafi þeir fjárhagslegt sjálfstæði til þess. „Því fjármagni sem veitt hefur verið miðlægt til Olweus-áætlunarinnar í grunnskólunum verður nú varið til að efla forvarnir gegn einelti á öllum starfsstöðvum nýs Skóla- og frístundasviðs með nýju verkefni sem verið er að skipuleggja.“ - gar



**SKÓLASTARF** Börn í 21 grunnskóla í Reykjavík hafa um árabil stuðst við Olweus-áætlunina til að verjast einelti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Raftæki

**20-50% afsláttur**

203 ltr.
ORKUNÝTING A+

Frigor
5 ára ábyrgð

**59.120**
~~73.900~~

**Frystikista**
G215.
H-84.5cm.B-94cm.D-55cm.
Frystirými 203 ltr.
1805482



## Verkfæri

**20-70% afsláttur**

**5.995**
~~9.995~~

**Höggborvél**
**Skil 6280,**
550 W, 110 fylgihlutir
5158850

# ÚTSALA ÁRSINS!



## Fatnaður

**20-60% afsláttur**



## Ljós

**20-40% afsláttur**



## Búsáhöld

**50-70% afsláttur**



## Garðverkfæri

**20% afsláttur**



## Hreinlætistæki

**15-50% afsláttur**



## Útimálning og viðarvörn

**25% afsláttur**



**Rýmingasala á flísum í Skútuvogi Brjálað verð!!!**

## Flísar

**20-60% afsláttur**



**Pylsa eða pizza og kók 199kr**

Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.



**Ís aðeins 99kr**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

ÚTSALA gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 16.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,65 | 116,21 |
| Sterlingspund | 183,01 | 183,89 |
| Evra | 159,68 | 160,58 |
| Dönsk króna | 21,435 | 21,561 |
| Norsk króna | 20,685 | 20,807 |
| Sænsk króna | 17,459 | 17,561 |
| Japanskt jen | 1,5069 | 1,5157 |
| SDR | 182,36 | 183,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,4703

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leggja til að þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun verði vísað frá fyrir þriðju umræðu:

# Vilja vísa tillögu um staðgöngumæðrun frá

**STJÓRNMÁL** Lagt hefur verið til á Alþingi að þingsályktunartillögu um skipun starfshóps sem semja á frumvarp um heimilun staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni verði vísað frá. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Mörður Árnason, þingmenn Samfylkingarinnar, lögðu frávísunartillöguna fram í gær.

„Sú tillaga sem liggur fyrir þingi gengur mjög langt. Hún er í raun og veru tillaga um það að lagt verði fram frumvarp sem heimili staðgöngumæðrun. Ég er alfarið á móti því og tel að umræðan um málið sé alltof skammt á veg komin, eins og fram kemur í flestum umsögnum um tillöguna,“ segir Sigríður Ingibjörg og bætir við: „Ég tel það algjörlega fráleitt að Alþingi afgreiði á nokkrum klukkustundum umræðu eins og þessa sem varðar grundvallarmannréttindi og alvarlegar siðferðisspurningar.“

Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun var lögð fram í nóvember í fyrra af átján þingmönnum úr öllum flokkum nema Hreyfingunni. Fyrsti flutningsmaður hennar er Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki.



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

Tillagan var afgreidd úr heilbrigðisnefnd 6. september og bíður nú þriðju umræðu á þingi. Meirihluti heilbrigðisnefndar mælti með tillögunni. Sigríður Ingibjörg og Mörður stóðu hins vegar ásamt Þuríði Backman að minnihlutaáliti þar sem lagst var gegn samþykki. Samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið gerði í janúar er mikill meirihluti landsmanna fylgjandi því að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði heimil. Meirihluti umsagnaraðila um þingsályktunartillöguna var hins vegar á öðru máli.

Samkomulag hefur náðst um þinglok sem verða í dag ef allt fer að óskum. Því verður frávísunartillagan sennilega tekin fyrir í dag. **- mþl**

Endurlífgaður á slysstað:

## Alvarlega slasaður eftir fall

**SLYS Fullorðinn karlmaður liggur alvarlega slasaður á gjörgæslu eftir að hafa fallið af húsþaki í Vestmannaeyjum. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn til Eyja og flutti á Landspítalann í Fossvogi. Að sögn lögreglu var framkvæmd endurlífgun á slysstað.**

**Framkvæmdir standa yfir við húsið sem maðurinn féll af sem er í eigu dóttur hans. Þar á meðal er verið að klæða þak. Talið er að maðurinn hafi jafnvel fokið á leið upp á þak hússins.**

**Slysið átti sér stað um klukkan 12.30 í gær. - mþl**

Sótti Vítisenglamót í Noregi:

## Vítisengill sendur til Íslands

**LÖGREGLUMÁL** Einari Marteinssyni, forseta Vítisengla á Íslandi, var vísað úr Noregi í gær ásamt tveimur öðrum Vítisenglum frá Englandi og Frakklandi.

„Ég var handtekinn í gær og mér hent í gæsluvarðhald. Svo var mér flogið frá Noregi til Íslands í gær,“ sagði Einar í samtali við Vísi í gærkvöldi en hann var mjög óánægður með móttökurnar.

Evrópumót norsku Vítisenglanna fer nú fram í Noregi en um 300 Vítisenglar eru í landinu. Þar er meðal annars verið að fagna fimmtán ára afmæli norska Vítisenglaklúbbsins. **- vg**

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á miðvikudag birtist frétt um kostnað hins opinbera vegna Landeyjahafnar. Þar sagði að kostnaður við höfnina væri hærri en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Hið rétta er að kostnaður við byggingu hafnarinnar er um 1.400 milljónum undir upphaflegri kostnaðaráætlun.

# Launamunur kynja eykst meira hjá hinu opinbera

**Um tuttugu prósenta munur er á launum hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði. Óútskýrður launamunur kynjanna eykst meira meðal opinberra starfsmanna en á almennum vinnumarkaði milli ára.**

**KJARAMÁL** Óútskýrður launamunur kynjanna hefur aukist úr 9,1 prósenti í 13,2 á milli ára meðal félagsmanna SFR. Á sama tíma jókst óútskýrður launamunur hjá VR, stærsta stéttarfélagi landsins, úr 10,1 prósenti í 10,6 prósent.

Fram kemur í nýrri umfangsmikilli launakönnun stéttarfélaganna SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar að launabil á milli hins opinbera og almenns vinnumarkaðar hefur aukist á milli ára, að teknu tilliti til kyns, aldurs, starfsstétta og annars. Nemur munurinn nú um tuttugu prósentum.

Heildarlaun hjá félagsmönnum VR, sem starfa á almennum vinnumarkaði, hækkuðu um 4,5 prósent á milli ára, en um eitt prósent hjá félagsmönnum SFR. Í krónum talið er launamunurinn nú að meðaltali 112 þúsund krónur á mánuði.

Enn fremur kemur fram í könnuninni að yfir sextíu prósent félagsmanna SFR séu óánægð með laun sín og dregur úr henni þriðja árið í röð. Konur mælast óánægðari en karlar.

VR kynnti nýlega launakönnun sína í gær og þar kom fram að óútskýrður launamunur karla og kvenna hefði ekki minnkað hjá félagsmönnum síðustu þrjú ár.

„Félagið hefur tekið marga slagi um þetta mál og sem betur fer hefur ýmislegt unnist í þeim efnum. Þó er ljóst að við virðumst ekki hafa náð að halda þeirri þróun áfram sem þó var komin á nokkurt skrið um miðjan síðasta áratug,“ sagði Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Hann sagði viðhorfsbreytingu þurfa í samfélaginu til að útrýma þessu óréttlæti.



**STARFSMENN REYKJAVÍKURBORGAR** Meðalstarfsaldur starfsmanna borgarinnar er 12,4 ár og meðallaun eru rúm 335 þúsund á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þar kynnti hann herferð sem VR ætlar að hefja í næstu viku með það að markmiði að útrýma kynbundnum launamun. Stefán benti á að frá árinu 2001 til ársins 2009 hefði kynbundinn launamunur lækkað úr 13,8 prósentum í 10,1 prósent. Á síðustu þremur árum hefði hins vegar enginn árangur náðst í að útrýma þessum mun.

VR ætlar vegna þessa að skora á fyrirtækin í landinu að útrýma launamuninum. Þá verða fyrirtæki hvött til að veita konum tíu prósenta afslátt af vörum og þjónustu dagana 20. til 26. september næstkomandi til að leiðrétta með táknrænum hætti launamismuninn og vekja um leið athygli á honum.

sunna@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is

### Kynbundinn launamunur mestur hjá félögum SFR

| Samanburður á félögum 2011 | St.Rv. | SFR | VR |
|---|---|---|---|
| Meðallaun á mánuði (krónur) | 335.255 | 328.800 | 441.001 |
| Kynbundinn launamunur | 9,2% | 13.2% | 10,6% |
| Hlutfall með háskólapróf | 29,4% | 9,7% | 30,4% |
| Hlutfall ánægðra með laun sín | Ekki spurt | 18,5 | 43,3% |
| Hlutfall með starfshlunnindi | 52,1% | 52,7% | 70,8% |

### Launamunur starfsstétta áhyggjuefni



**Árni Stefán Jónsson,** formaður SFR, segir það mikið áhyggjuefni að launamunur fólks á opinberum markaði og á hinum almenna sé eins mikill og raun beri vitni. Það komi ekki á óvart að mikil óánægja ríki meðal félagsmanna.

„Opinberir starfsmenn hafa hækkað mun minna í launum en á hinum almenna markaði, þar sem hefur verið eitthvert launaskrið undanfarið,“ segir hann. „Við viðurkennum vissulega að við höfum ekki orðið eins mikið fyrir barðinu á atvinnuleysi og á almenna markaðnum og við erum með góð lífeyrisréttindi. En við liggjum þó töluvert á eftir.“

Árni segir nauðsynlegt að bregðast við kynbundnum launamun opinberra starfsmanna. Munurinn hafi farið upp í 14 til 17 prósent árið 2008 en niður í 9,9 árið 2010. „Það er grætilegast í þessu. En þá kom í ljós að lækkunin var vegna lækkunar launa hjá körlum en ekki hækkunar hjá konum. Það var ekki að gleðja okkur.“

Árni segir að nú sé mögulega það sama að eiga sér stað; ef eitthvað sé að rísa aftur sé það meira hjá körlum en konum. „Það er áhyggjuefni að þetta sé á leiðinni í sama horfið aftur. 13,2 prósent er alveg skelfilegt.“


Kennarastarfið er pólitískt – Hvað á að kenna?

MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Mánudaginn 19. september kl. 15–16**
**Menntavísindasvið við Stakkahlíð, E-301**

**Dr. Alistair Ross** prófessor emeritus við London Metropolitan University

Kennarar þurfa að taka þýðingarmiklar ákvarðanir um menntun ungra borgara. Dr. Ross mun færa fyrir því rök að þessar ákvarðanir séu í eðli sínu pólitískar; kennarar séu pólitískir gerendur og kennslan sjálf í eðli sínu pólitísk athæfi. Hann mun beina athyglinni sérstaklega að því hvernig megi þroska hugsun ungra borgara um mannréttindi.

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT** verður í veðri næstu daga en á morgun dregur til tíðinda eftir þurrt og sums staðar nokkuð bjart veður í dag. Það hvessir sunnan og vestan til á morgun og fer að rigna þegar líður á daginn. Mesta úrkoman færist til austurs á mánudag en þá dregur úr vætu vestanlands.



**Á MORGUN** Strekkingur eða allhvasst S- og V-lands, annars hægari.

**MÁNUDAGUR** Strekkingur með NA-strönd, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 19° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



# Jafnrétti í vöggugjöf!

Þrátt fyrir baráttu undanfarinna áratuga liggur óútskýrður launamunur kynjanna enn sem mara á þjóðinni. Gefum börnum okkar jafna möguleika í framtíðinni og léttum álögunum.

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

**KJÖRKASSINN**



*Myndir þú kaupa rauðvín fyrir lottóvinning og geyma í 20 ár?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 12,9% |
| NEI | 87,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að endurskoða hvalveiðar í atvinnuskyni vegna aðgerða Bandaríkjanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Efnahags- og viðskiptaráðherra fagnar fyrirhuguðum kaupum á Grímsstöðum á Fjöllum:

# Kaupin breyta verðmati á ósnortnu víðerni

**EFNAHAGSMÁL** Fyrirhuguð kaup kínverska kaupsýslumannsins Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum munu breyta verðmati á ósnortnu víðerni. Þetta segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

„Þetta hefur þau ánægjulegu áhrif að það verður skyndilega einhvers virði að sökkva landi í sæ eða spilla ósnertri víðáttu á Íslandi með óafturkræfum hætti.“

Ráðherra segir það hafa verið ríkjandi vandamál í umhverfismati hingað til að erfitt hafi reynst að sýna fram á það fjárhagslega hverju sé verið að fórna í framkvæmdum á víðerni landsins.

„Menn hafa getað farið um og spillt ósnortnu landi án þess að sýna fram á fjárhagslegar afleiðingar vegna þessa,“ segir hann og bætir við að fyrirætlanir Nubo muni breyta því verðmati. Landeigendur sanda, hóla og hrauna munu nú vita betur hvers konar verðmæti þeir séu með í höndunum.

„Breytt verðmat hjálpar okkur sem stendur ekki á sama um hvað verður um hin ósnortnu víðerni í landinu,“ útskýrir Árni Páll. „Og það er mjög til góðs.“

Innanríkisráðherra þarf nú að ákveða hvort veita beri Nubo undanþágu til að kaup hans á Grímsstöðum gangi eftir. Kaupsýslumaðurinn ætlar sér meðal annars að byggja lúxushótel og heilsulind á svæðinu, en Grímsstaðir eru ein stærsta jörð á Íslandi, um 300 ferkílómetrar að stærð, og standa fáar landareignir hærra yfir sjávarmáli. - sv



> Breytt verðmat hjálpar okkur sem stendur ekki á sama um hvað verður um hin ósnortu víðerni í landinu
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON,** EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA


Fríkirkjan
í Hafnarfirði

Hausthátíð!
í dag kl. 15-17

Tónlistarveisla

Fram koma:
Kór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði
Bjargræðistríóið
Kirstín Erna Blöndal
Guðmundur Pálsson
Hildigunnur Einarsdóttir
Tómas Axel Ragnarsson
Ester Jökulsdóttir
Fríkirkjubandið
Kammerkór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði
Friðrik Dór og Jón Jónsson

Kynning á söfnuðinum og starfi hans verður í safnaðarheimilinu á sama tíma.

Vöflukaffi í boði safnaðarins

Allir hjartanlega velkomnir

Sunnudagurinn 18. september:
Sunnudagaskóli kl. 11
Guðsþjónusta kl. 13





# Ráðherra efast um sjálfbærni hvalveiða

**Draga má í efa að veiðar á langreyðum séu sjálfbærar segir utanríkisráðherra. Hann segir veiðar á hrefnu hins vegar augljóslega sjálfbærar. Íslensk stjórnvöld mótmæla harðlega aðgerðum bandarískra stjórnvalda vegna langreyðaveiða.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld mótmæltu aðgerðum bandarískra stjórnvalda vegna veiða á langreyði á fundi með bandaríska sendiherranum. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að efast megi um að langreyðaveiðar séu sjálfbærar á meðan ekki sé markaður fyrir afurðirnar.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Við höfum alltaf sagt að við nýtum auðlindir okkar með sjálfbærum hætti. Það má draga í efa að við nýtum þær með sjálfbærum hætti ef við veiðum langreyði sem ekki er hægt að selja. Það hafa verið borin ar brigður á að hægt sé að selja afurðirnar,“ segir Össur.

„Í mínum huga er engin spurning um að veiðar á hrefnu eru sjálfbærar, en í strangasta skilningi sjálfbærni er hægt að setja spurningarmerki við að langreyðarveiðarnar séu það.“

Hann segir að ekki verði betur séð en ekki sé hægt að selja afurðirnar nú, sem sé væntanlega ástæða þess að ekki sé verið að veiða stórhveli um þessar mundir.

Þrátt fyrir efasemdir um sjálfbærni stórhvelaveiða Íslendinga segist Össur hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með að vinaþjóð eins og Bandaríkin skuli hafa gripið til þeirra ráða að beita Ísland diplómatískum þvingunaraðgerðum vegna hvalveiða í atvinnuskyni, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

„Það veldur mér vonbrigðum að sjá þá skammsýni sem felst í því að ætla hugsanlega að láta þetta koma niður á samstarfi um norðurslóðir,“ segir Össur.

Hann segir að viðræður hafi staðið yfir við bandarísk stjórnvöld um samstarf sem þjónað hefði hagsmunum beggja þjóða.

„Það verður hver að fljúga eins og hann er fiðraður, það eru margar þjóðir sem vilja samstarf við Íslendinga um norðurslóðir. Við verðum þá bara að einbeita okkur að þeim, ef Bandaríkjamenn hafa ekki áhuga á að eiga við okkur samstarf,“ segir Össur. „Ég get nefnt Rússa, Kínverja, Norðmenn og fleiri.“ brjann@frettabladid.is



**STOPP** Engar langreyðar eru veiddar þetta sumarið og segir utanríkisráðherra það benda sterklega til þess að ekki sé markaður fyrir afurðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Enginn grundvöllur fyrir aðgerðunum

Hvorki er lagalegur né vísindalegur grundvöllur fyrir aðgerðum bandarískra stjórnvalda vegna hvalveiða Íslendinga, að því er segir í tilkynningu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem send var fjölmiðlum í gær.

„Fyrir liggur að hvalveiðar Íslendinga eru löglegar og alþjóðleg viðskipti þeirra með hvalaafurðir eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Jafnframt eru veiðar Íslendinga á hrefnu og langreyði sjálfbærar og byggðar á traustum vísindalegum grundvelli,“ segir í tilkynningunni. Þar segir jafnframt að veiðar Íslendinga á langreyðum séu sjálfbærar, alveg eins og norðhvalsveiðar sem stundaðar séu við Alaska í Bandaríkjunum.

Ekki náðist í Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vegna málsins í gær.



**JÓN BJARNASON**

Fjármálaráðherrar Evrópuríkja fresta greiðslum til Grikklands:

# Strangari fjárlagareglur í ESB

**GRIKKLAND, AP** Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um strangari reglur um ríkisfjárlög. Þær gera Evrópusambandinu meðal annars auðveldara að samþykkja refsiaðgerðir á hendur þeim ríkjum sem brjóta þessar reglur.

Jasek Ratovski, fjármálaráðherra Póllands, sagði að samkomulag um þetta hefði náðst á fundi ráðherranna í Póllandi í gær.

Fjármálaráðherra evrusvæðisins hafa síðan frestað ákvörðun um næstu greiðslu úr neyðarsjóði sínum til Grikklands, þrátt fyrir mikinn þrýsting, ekki síst frá Tim Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, um að hraða öllum ákvörðunum um lausnir á skuldavanda Grikkja.

Evrópsku fjármálaráðherrarnir vilja að Grikkir sýni fyrst fram á að þeir muni standa við aðhaldsaðgerðir, sem duga þeim ásamt fjárhagsaðstoðinni til að greiða afborganir af skuldum sínum.

Verulegur ágreiningur hefur verið innan Evrópusambandsins um það hvaða leiðir eigi að fara til að bjarga Grikkjum úr skuldavandanum.

Angela Merkel Þýskalandskanslari stendur enn hörð á því að Grikkland og önnur stórskuldug Evrópuríki þurfi sjálf að bera ábyrgð á eigin vandamálum. Eina leiðin til að hjálpa þeim sé að veita þeim neyðarlán svo þau geti greitt afborganir sínar á réttum tíma. - gb



**Á FUNDI Í PÓLLANDI** Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, ásamt Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, sem jafnframt er formaður ríkjahóps evrusvæðisins. NORDICPHOTOS/AFP


true
Kjóll
st. S-XXL
litir: brúnt, svart
7.999,-
true
Leggings
st. S-XXL
2.999,-
Ökklaskór
st. 36-41
9.999,-
true
Kjóll
st. S-XXL
litir: svart, kakigrænt
7.999,-
true
Peysa
st. S-XL
litir: brúnt,svart
6.999,-
true
Bolur
st. S-2XL
margir litir
Tilboð
2.499,-
Skór
st. 36-41
10.999,-
true
Kjóll
st. S-XXL
litir: brúnt, kakigrænt
7.999,-
Ökklaskór
st. 36-41
7.999,-
HAUST
TÍSKAN
Duffy
Skór
st. 36-42
11.990,-
Duffy
Skór
st. 36-42
11.990,-
Duffy
Skór
st. 36-42
12.990,-
Duffy
Skór
st. 36-42
11.990,-
Duffy
Skór
st. 36-42
11.990,-
true
Bolur
st. S-XXL
litir: brúnt, svart, kakigrænt
5.999,-
Buxur
st. 10-20
3.499,-
true
Kjóll
st. S-XXL
litir: brúnt, svart
6.999,-
Ökklaskór
st. 36-41
7.999,-
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Eigð'ann!

## Einstakt tækifæri til að eignast 2010 árgerð af bíl, á afar hagstæðum kjörum.

**VW Polo 1.2** | **5,9 l /100 km*** | ergo

Eigð'ann

Verð 1.690.000
Útborgun 338.000
**Mánaðargreiðsla*** 28.981
Binditími 60 mánuðir



**Hyundai i20 1.4** | **6,0 l /100 km*** | ergo

Eigð'ann

Verð 1.690.000
Útborgun 338.000
**Mánaðargreiðsla*** 28.981
Binditími 60 mánuðir






* M.v. Ergo bílasamning með 80% fjármögnun, 8,8% óverðtryggðum vöxtum og gullvildarkjörum.

# Leigð'ann!

## Engin útborgun!

Bjóðum takmarkað magn af bifreiðum, árgerð 2010, til langtímaleigu.

Einföld og sveigjanleg leið til að leysa bílaþörf fyrirtækja og heimila.

**VW Polo 1.2** | **5,9 l /100 km***

Leigð'ann

**Samtals á mán:*** 49.900
Leigutími 12 mánuðir



**Hyundai i20 1.4** | **6,0 l /100 km***

Leigð'ann

**Samtals á mán:*** 49.900
Leigutími 12 mánuðir



**Innifalið í „leigð'ann"*
- Tryggingar
- Bifreiðagjöld
- Vetrar- og sumardekk
- Olíuskipti
- Allt hefðbundið viðhald
- 20.000 km á ári

**Verum skynsöm!**
*Það er ekki lengur nauðsynlegt að eiga stóran og eyðslufrekan jeppa. Möguleiki á að fá stærri bíla tímabundið gegn vægu gjaldi.*

AVIS

Við gerum betur.

www.avis.is • sími 591 4000

ENNEMM / SÍA • NM48670




# Baráttan er ekki búin þrátt fyrir sigurinn

**Vinstri flokkanna í Danmörku bíður krefjandi verkefni eftir kosningasigur. Helle Thorning-Schmidt verður forsætisráðherra þrátt fyrir fylgistap jafnaðarmanna. Minni flokkarnir gætu komist í lykilstöðu í stefnumótun til framtíðar.**

**DANMÖRK** „Okkur tókst það!“ sagði Helle Thorning-Schmidt, formaður jafnaðarmanna, í hópi stuðningsmanna í fyrrakvöld, þegar ljóst varð að vinstriflokkarnir hefðu náð þingmeirihluta eftir tíu ára valdasetu hægrimanna.

Sigurinn var þó ekki eins öruggur og kannanir höfðu gefið í skyn, en vinstriflokkarnir fengu 89 sæti gegn 86 hjá hægriflokkunum.

Sigurvíman var fölskvalaus en verður þó að skoðast í því samhengi að jafnaðarmenn misstu eilítið fylgi og hafa raunar ekki hlotið verri kosningu í rúma öld.

Thorning-Schmidt fékk í gær umboð drottningar til stjórnarmyndunar og verður þar með fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra.

Fyrst verður hún hins vegar að mynda stjórn, en með henni verður Sósíalistaflokkurinn og jafnvel Róttæki flokkurinn, sem vann verulega á í kosningunum. Þá mun Samstöðulistinn, sem er vinstrisinnaðastur allra flokka, verja stjórnina falli.

Það sem fyrir liggur hjá nýrri stjórn er að örva efnahags- og atvinnulíf Danmerkur, en auk þess hafa vinstriflokkarnir lofað því að standa vörð um velferðarkerfið og jafnvel auka skatta á banka og aðrar fjármálastofnanir.

Það sem flækir málin er að Róttækir, sem eru frjálslyndasti flokkur vinstriblokkarinnar, höfðu fyrr á árinu samið við hægriflokkana um víðtæka hagræðingaráætlun í ríkisfjármálunum. Má ætla að þeir setji sig gegn því að sú áætlun verði dregin til baka og um það þurfi að semja.

Ein stærstu tíðindi kosninganna eru þau að Danski þjóðarflokkurinn, sem hafði mikil áhrif á stefnu hægristjórnarinnar, missti fylgi. Við það ætti áhersla á hert innflytjendalög að minnka.

Lars Lökke Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra, er í einkennilegri stöðu þar sem flokkur hans, Venstre, hélt sínu og vel það, en Íhaldsflokkurinn, sem var með honum í stjórn, galt afhroð og missti tíu af átján þingmönnum.

Þrátt fyrir að sigurinn væri sætur lagði Thorning-Schmidt engu að síður áherslu á það í sigurræðu sinni að allir væru velkomnir að borðinu og samvinna „yfir miðjuna“ yrði henni afar mikilvæg á komandi kjörtímabili. **thorgils@frettabladid.is**




**HRÓSAR SIGRI** Helle Thorning-Schmidt verður næsti forsætisráðherra Danmerkur eftir kosningasigur vinstriflokkanna. Hún verður fyrsta konan til að gegna því embætti. NORDICPHOTOS/AFP

## Úrslit þingkosninga í Danmörku 2011

**Vinstriflokkarnir fögnuðu naumum sigri og taka við valdataumunum:**

| Flokkur | fylgi | breyting | þingmenn | breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jafnaðarmannaflokkurinn | 24,9% | -0,6 | 44 | -1 | 89 |
| Sósíalistaflokkurinn | 9,2% | -3,8 | 16 | -7 | |
| Róttæki flokkurinn | 9,5% | 4,4 | 17 | +8 | |
| Samstöðulistinn | 6,7% | 4,5 | 12 | +8 | |
| Venstre | 26,7% | 0,4 | 47 | +1 | 86 |
| Danski Þjóðarflokkurinn | 12,3% | -1,6 | 22 | -3 | |
| Íhaldsflokkurinn | 4,9% | -5,5 | 8 | -10 | |
| Bandalag frjálslyndra | 5% | 2,2 | 9 | +4 | |

Auk þess eru fjögur þingsæti frá Færeyjum og Grænlandi, en þrjú þeirra féllu vinstriflokkunum í skaut.

## Helle Thorning-Schmidt

**Jafnaðarmannaflokkurinn**
Helle Thorning-Schmidt verður fyrsta konan til að setjast í stól forsætisráðherra í Danmörku eftir nauman sigur vinstri flokkanna í dönsku þingkosningunum.

- **Fædd:** Rödovre í Danmörku 14. desember árið 1966 (44 ára gömul).
- **Æska:** Ólst upp í úthverfi Kaupmannahafnar. Foreldrar hennar skildu þegar hún var 10 ára gömul. Hóf afskipti af stjórnmálum í framhaldsskóla.
- **Menntun:** Hefur tvær meistaragráður, í stjórnmálafræði frá Kaupmannahafnarháskóla og Evrópufræðum frá College of Europe í Belgíu.
- **Störf:** Gekk í danska Jafnaðarmannaflokkinn árið 1993. Evrópuþingmaður árin 1999-2004. Þingmaður og formaður Jafnaðarmannaflokksins frá árinu 2005.
- **Einkalíf:** Árið 1996 giftist hún Stephen Kinnock, syni Neils Kinnock, fyrrum leiðtoga breska Verkamannaflokksins. Þau eiga tvær dætur saman.

Fyrrverandi ráðamenn ósammála um hvers vegna flóttakonum var boðið til Íslands:

# Pólitísk skylda segir Ingibjörg

**STJÓRNMÁL** Það var pólitísk skylda íslenskra stjórnvalda að taka á móti flóttakonum frá Írak vegna stuðnings íslenskra stjórnvalda við Íraksstríðið, að mati Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra.

Þetta kemur fram í bókinni Ríkisfang: Ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur sem kom út í vikunni.

Túlkun Ingibjargar á ástæðum þess að flóttakonunum var boðið hingað til lands er ekki í samræmi við sýn Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Þau sátu saman í ríkisstjórn þegar ákveðið var að bjóða konunum að koma til landsins sem flóttamenn.

Í bókinni er haft eftir Geir að það hafi „fyrst og fremst verið mannúðarmál og litið á það þannig“ að bjóða konunum að koma hingað til lands. Þær komu frá Írak en foreldrar þeirra, ömmur og afar höfðu flúið frá Palestínu og þær voru því ríkisfangslausar.

„Ísland bar vitanlega ekki ábyrgð á Íraksstríðinu og ég sá það ekki þannig að verið væri að gefa pólitískar yfirlýsingar með komu hópsins á Akranes,“ segir Geir í bókinni. „Hins vegar vissu allir að í Írak var um að ræða brýnan flóttamannavanda og það var gott að geta hjálpað til við að leysa hann.“

Ingibjörg orðar það öðruvísi: „Í mínum huga var alltaf skýrt að ákvörðunin um flóttafólkið tengdist siðferðilegri ábyrgð og pólitískri skyldu íslenskra stjórnvalda vegna Íraksstríðsins.“ **- bj**



**ÓSAMMÁLA** Fyrrverandi forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar ber ekki saman um hvers vegna flóttakonum frá Írak var boðið að koma hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56341 09/11

# Samfélagsstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður hyggst veita 35 samfélagsstyrki til mannúðar-, menningar- og menntamála, samtals að upphæð 15.000.000 kr. Umsóknarfrestur er til 1. október 2011.

**Styrkir skiptast með eftirfarandi hætti:**

» 5 styrkir að upphæð 1.000.000 kr. hver.
» 10 styrkir að upphæð 500.000 kr. hver
» 20 styrkir að upphæð 250.000 kr. hver.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**

» verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
» verkefni á sviði menningar og lista
» menntamál, rannsóknir og vísindi
» forvarna- og æskulýðsstarf
» sértæk útgáfustarfsemi

**Umsóknarfrestur framlengdur**

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja hefur verið framlengdur til og með 1. október 2011 (póststimpill gildir). Dómnefndir eru skipaðar fagfólki á hverju sviði.

Sækja þarf um styrkina sérstaklega og senda umsókn merkta: Samfélagsstyrkir, Landsbankinn, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA





BYLGJAN 25 ÁRA 98.9

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar





**LÍKLEGUR SIGURVEGARI** Stór veggmynd af Nils Usakovs, hinum 34 ára gamla leiðtoga rússneskumælandi Letta, blasir við á húsvegg í höfuðborginni Ríga. NORDICPHOTOS/AFP

# Rússum spáð kosningasigri

## Flokkur rússneskumælandi Letta er á góðri leið með að vinna stórsigur í þingkosningum í dag. Vill sýna að Rússum er vel treystandi í ríkisstjórn landsins.

**LETTLAND, AP** „Það er mjög mikilvægt að Samhljómsflokkurinn komist í ríkisstjórn,“ sagði Nils Usakovs, leiðtogi flokksins, sem spáð er stórsigri í þingkosningum í Lettlandi í dag.

Samhljómsflokkurinn er flokkur sósíaldemókrata en hefur til þessa sótt fylgi sitt að mestu til rússneska minnihlutans í Lettlandi, en nærri þriðjungur íbúa landsins á rætur að rekja til Rússlands.

Usakovs segir það vera sitt hjartans mál að sýna landsmönnum fram á að vel sé hægt að treysta Rússum til að taka þátt í stjórn landsins.

Vandinn er hins vegar sá, að flokkurinn hefur ekki viljað viðurkenna að Lettland var hernumið af Sovétríkjunum í hálfa öld. Usakovs hefur meira að segja lagt til, að bannað verði að ræða þessa sögu þangað til árið 2014, þegar næst verður kosið til þings í Lettlandi.

Valdis Dombrovski forsætisráðherra hefur hafnað þeirri hugmynd og segir að Samhljómsflokkurinn verði fyrst að viðurkenna hernámið áður en hann geti tekið þátt í stjórnarsamstarfi.

Kosningarnar í dag eru aukakosningar, sem óvænt var boðað til í maí síðastliðnum eftir að Valdis Zatlers, þáverandi forseti, lenti í hörðum ágreiningi við þjóðþing landsins. Sú deila snerist um spillingarrannsókn, sem þingið fór að skipta sér af. Forsetinn leysti þá upp þingið, og sú ákvörðun forsetans fékk yfirgnæfandi stuðning í þjóðaratkvæðagreiðslu í sumar. Þingið brást hins vegar ókvæða við og endurgalt Zatler með því að endurkjósa hann ekki í forsetaembættið, þegar forsetakjör fór fram í júní.

Usakovs, leiðtogi Samhljómsflokksins, er 34 ára. Hann var blaðamaður þangað til hann var kjörinn á þing árið 2006. Árið 2009 varð hann síðan borgarstjóri í Ríga, höfuðborg landsins, en það var í fyrsta sinn sem fulltrúi rússneska minnihlutans fékk það embætti síðan landið varð sjálfstætt fyrir tuttugu árum.

Nýleg skoðanakönnun sýnir að ríflega fimmtungur kjósenda hugsar sér að kjósa Samhljómsflokkinn, sem yrði þá stærsti flokkur landsins. Óákveðnir kjósendur eru hins vegar nærri 29 prósent, þannig að mikið veltur á því hvert atkvæði þeirra fara.

Usakovs vonast til þess að komast í stjórn og ná þar árangri, en segir að jafnvel þótt þeirri stjórn takist ekki vel upp þá hafi honum að minnsta kosti tekist að brjóta ísinn. „Næst þegar rússneskumælandi vinstrimenn verða ráðherrar, þá verður það auðveldara fyrir þá.“ 

gudsteinn@frettabladid.is


Icelandair American Express®

AMERICAN EXPRESS

Þú færð Vildarpunkta
af allri veltu, líka
við notkun erlendis

Kynntu þér kostina á **americanexpress.is**




Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Fíton/SÍA



Eymundsson.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Raunverulegt framlag Íslands til umheimsins:

# Bókauppskeran

Meðbyr er með íslensku bókmenntalífi þessi dægrin. Reykjavík var á dögunum valin ein af bókmenntaborgum Unesco, en það býður upp á mikla möguleika til grasrótarstarfs; fjöldi merkra rithöfunda lagði leið sína á nýafstaðna Bókmenntahátíð í Reykjavík; fram undan er bókamessan í Frankfurt þar sem Ísland verður heiðursgestur; Gyrðir Elíasson tekur við Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember; að ógleymdu hinu árlega jólabókaflóði, en fyrstu bárur þess falla nú þegar að landi. Allt eru þetta birtingarmyndir gróskumikils bókmenntastarfs þar sem við njótum góðs af störfum rithöfunda á sviði skáldskapar, fræða og annarra bókmenntategunda.

SKOÐUN



Bergsteinn Sigurðsson

bergsteinn@frettabladid.is

Fullyrðingin um bókaþjóðina, sem við grípum til á tyllidögum, kann að vera orðum aukin en ýmislegt rennir stoðum undir hana. Samkvæmt áætlun Félags íslenskra bókaútgefenda koma alls um 1.500 titlar af allra handa bókum út á hverju ári hér á landi. Til samanburðar koma út um milljón titlar á ári í Bandaríkjunum, sem eru um þúsund sinnum fjölmennari en Ísland.

Samkvæmt íslenskri menningarvog, skýrslu sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í fyrra, lesa rúmlega 80 prósent landsmanna sér til ánægju. Ákvörðun stjórnvalda um að lækka virðisaukaskatt á rafbókum úr 25 prósentum niður í sjö prósent sætir allnokkrum tíðindum; Ísland verður þar með fyrsta ríkið í Evrópu (og eitt af örfáum í heiminum) til að færa virðisaukaskatt á rafbókum til jafns við innbundin verk.

Margt má þó betur fara. Úrval þýðinga verður til að mynda einsleitara með hverju árinu, þar sem glæpasagan fær sífellt meira vægi á kostnað annarra bókmenntategunda. Það er undir hælinn lagt að þær bækur sem hvað merkilegastar þykja á ári hverju á Norðurlöndum, til dæmis handhafar Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, séu þýddar á íslensku – jafnvel þótt til sé sérstakur sjóður fyrir norrænar þýðingar. Bókmenntalegt samtal Íslands við frændþjóðirnar er langtum minna en á milli þeirra innbyrðis. Eins og fæðuöryggið byggist menningaröryggi okkar að miklu leyti á aðföngum að utan.

Ríkið leikur mikilvægt hlutverk í bókmenntalífi okkar, einkum með framlagi í ritlaunasjóði. Aftur á móti skortir fastmótaða bókmenntastefnu með skilgreindum markmiðum. Hvers vegna er til dæmis bókaútgáfa á vegum ríkisins svo sjaldan boðin út? Hví er svo lítil endurnýjun í gerð skólabóka fyrir börn? Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að 30 prósent ungmenna á aldrinum 18 til 29 ára lesa ekki bækur sér til ánægju. Þetta er sérlega varhugaverð þróun í ljósi þess að framlög til skólabókasafna hafa verið skorin niður við trog á undanförnum árum. Sporna þarf við þessari hnignun.

Bókamessan í Frankfurt markar viss tímamót. Eftir að hafa læðst með veggjum í samfélagi þjóðanna undanfarin þrjú ár stígum við loksins fram keik og í þetta sinn með raunveruleg verðmæti fram að færa. Vonandi nýtist athyglin sem íslenskar rithöfundar njóta í Þýskalandi og víðar nú um mundir þeim vel. Góður skáldskapur á jú erindi við allan heiminn. En þótt við njótum nú góðrar uppskeru skulum við ekki gleyma að hirða um garðinn sem hún sprettur úr.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

TIL LEIGU

HÖFÐATORG TURN

SKRIFSTOFUR Á 15. HÆÐ

Til leigu fullbúið 330 m² skrifstofuhúsnæði með húsgögnum og innréttingum á 15. hæð í Höfðatorgsturninum.

Hentar vel fyrir lögfræðiskrifstofu eða fjármálafyrirtæki.

*Nánari upplýsingar gefur Örn V. Kjartansson,*

**orn@m3.is, gsm 825 9000.**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Tölurnar sem ekki var talað um

Hagtölur eru fáum skemmtiefni. Eigi að síður eru þær nauðsynlegt viðmið fyrir stjórnendur þjóðarbúsins. Um leið eru þær undirstaða pólitískrar umræðu. Eðlilega álykta menn ólíkt eftir því frá hvaða bæjarhellu er horft. Þá getur skipt máli hvaða hagtölur eru valdar til umræðu. Á árunum fyrir hrun krónunnar var helst vitnað í tölur um ríflegan afgang af rekstri ríkissjóðs, tölur um góðan hagvöxt, tölur um vaxandi gildi krónunnar og tölur um stöðuga kaupmáttaraukningu. Þetta voru velsældartölur sem styrktu málflutning þáverandi ríkisstjórnar. Af sjálfu leiddi að stjórnarandstaðan fékk lítið púður í slíkum hagtölum í stríðið gegn ríkisstjórninni.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Á þessum árum var hins vegar sjaldan vitnað í talnaröð sem sýndi vaxandi halla af viðskiptum við útlönd. Þó að hluti þeirrar þróunar skýrðist af miklum fjárfestingum sýndu þær tölur að þjóðin lifði um efni fram, í of ríkum mæli á erlendum lánum án þess að nægjanleg verðmætasköpun stæði að baki. Nú sjá allir að þessar hagtölur voru einmitt vísirinn sem benti á hrun gjaldmiðilsins.

En hvers vegna notuðu þáverandi stjórnarandstöðuflokkar ekki þessar hagtölur til að veikja trúverðugleika ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans? Skýringin er sú að þeir lögðu til aukin ríkisútgjöld og vísuðu á afganginn sem ríkisstjórnin hafði lagt til hliðar eða notað til að greiða niður skuldir. Þessi afgangur hefði hins vegar gufað upp ef ráðstafanir hefðu verið gerðar til að jafna viðskiptahallann.

Viðskiptahallinn var þannig veikleiki bæði í stefnu stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Munurinn er aðeins sá að hrunið hefði orðið miklu meira og kreppan dýpri ef stjórnarandstaðan hefði ráðið för og náð að eyða meir en gert var. Umræður um viðskiptahallann trufluðu einfaldlega stöðu allra flokka.

# Tölurnar sem ekki er talað um

Eftir að forsætisráðherra og fjármálaráðherra útskrifuðust úr skóla AGS á dögunum hafa hagtölur verið notaðar til vitnisburðar um árangurinn svo sem vera ber. Í þeim tilgangi er vísað í tölur sem sýna nokkurn árangur í ríkisfjármálum, lítils háttar hagvöxt, tiltölulega stöðugt verðgildi krónunnar og kaupmáttaraukningu. Hagtöluspár um viðskiptin við útlönd liggja hins vegar í þagnargildi. Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna nota þær ekki einu sinni til að koma hælkróki á stjórnina.

Eitt af helstu markmiðunum í efnahagsáætlun AGS og fyrri ríkisstjórnar var að tryggja að nægjanlegur afgangur myndaðist í vöruviðskiptum við útlönd til að þjóðarbúið hefði gjaldeyri til að standa í skilum með afborganir og vexti af erlendum lánum. Gjaldeyrishöftunum var komið á í þessum tilgangi. Þetta ráð dugði. Ríflegur afgangur varð strax af vöruviðskiptum við útlönd. En það er ekki framtíðarlausn.

Í nýjum hagtölum má sjá viðvörunarmerki. Afgangurinn af vöruviðskiptunum í ár er umtalsvert minni en á sama tíma í fyrra. Þá hefur spá Seðlabankans um afgang af heildarviðskiptum þjóðarinnar, að fráskildum hlut þeirra banka sem eru í slitameðferð, breyst á verri veg. Fyrri spár sýndu umtalsverðan afgang í ár og næsta ár. Nú sýna þær óverulegan afgang á þessu ári og því næsta og halla á árinu 2013. Þetta þýðir að tvísýnt er um áform í AGS-áætluninni um sjálfbæran þjóðarbúskap.

# Að sjá hvað verða vill

Eftir fyrri reynslu er eðlilegt að spyrja: Hvers vegna er þessi mælikvarði ekki notaður í umræðum um mat á stöðu þjóðarbúsins og um nauðsyn á nýrri efnahagsáætlun? Svarið er þetta: Tölurnar rugla pólitískar átakalínur allra.

Sterk tilhneiging hefur verið til að gera gott úr hruni krónunnar. Það bjargaði útflutningsgreinunum, segja menn. Flokkur fjármálaráðherrans og báðir stjórnarandstöðuflokkarnir fylgja þeirri línu. Blettur má ekki falla á þá kenningu. Framtíðarsýn þeirra er að nota gengisfellingar til að leiðrétta samkeppnisstöðu þjóðarbúsins. Það þýðir að stöðugleiki er aukaatriði. En þeirri spurningu er ósvarað hvert hlutverk markaðarins á að vera.

Með hruni krónunnar færðust peningar frá almenningi til útflutningsfyrirtækja. Útflutningshagvöxturinn hefur á hinn bóginn ekki glæðst. Það veikir málflutning þeirra þriggja flokka sem ríghalda í óbreytta stefnu í peningamálum þó að hún eigi vissulega ekki alla sök. Stefnuleysið í orkunýtingarmálum á þar líka stóran hlut að máli. Samfylkingin vill síðan ekki viðurkenna að hún hafi gefið allt eftir gagnvart VG og jafnvel hopað í aðildarviðræðunum. Hún lokar því augunum fyrir þessum tölum eins og aðrir.

Fólkið í landinu bíður bara eins og fyrir síðasta hrun krónunnar og sér hvað verða vill. Það á ekki annarra kosta völ.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Er þetta ásættanlegt?

Landssamband lögreglumanna

# Amerískir dagar



TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

TILBOÐ
KALKÚNABRINGA FERSK
2.519 kr/kg.
Verð áður 3.599.-



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

TILBOÐ
BUFFALÓ KJÚKLINGALUNDIR
2.249 kr/kg.
Verð áður 2.998.-



TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

TILBOÐ
TEXAS KJÚKLINGA LEGGIR
678 kr/kg.
Verð áður 969.-

**HÚLLUMHÆ Í HOLTAGÖRÐUM**

Hoppukastali og andlitsmálun fyrir börnin milli kl. 12 og 16 í dag laugardag.

Hagkaup Holtagarðar

*Ferskt með flugi beint frá USA*



Earthbound Farm ORGANIC
*Food to live by.*



**Vöfflur með sýróp**
– ekta amerískur morgunmatur



**Karamellu popp**
– bara gott...



**USA súkkulaðibita kökur**
– ljósar, dökkar og djúsí



**Alvöru súkkulaðidrykkur**
– þessi klikkar ekki



**Reese´s Puffs ofl.**
– takmarkað magn



**Oreo freistingar**
– tvöfaldar, þrefaldar og ....



**Jet-Puffed sykurpúðakrem**
– geggjað í baksturinn



**Girnilegt snakk**
– ostapopp, ostasnakk, smjörpopp

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 25. september á meðan birgðir endast.

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans






*stakar ekta nautasteikur*

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EDA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
PRIMERIB
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
RIBEYE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
ENTRECOTE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



*Starbucks kaffi – hið eina sanna*



Canada Dry **Tonic**, Canada Dry **Ginger Ale**, Canada Dry **Diet Ginger Ale**, **Caffeine free** Coke, **Kirsuberja** Coke, **Kirsuberja** Pepsi, **TaB**, **Grape** Fanta...





**Arizona ice-tea**
– sætt og grænt te



899 kr/4pk.

**Coca Cola 4 í pakka 2 ltr.**
– frábært verð



**Rótarbjór**
– öðruvísi gosdrykkur



1.399 kr/stk.

**Amerísk karamelluterta**
– bara gott...



**Spennandi safar**
– frá Tropicana



**Gourmet Texas salsa**
– alveg geggjað...



**Trix í morgunmatinn**
– yummie...



**Ótrúlega kúúúúl**
– svalara verður það varla...

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Málstofa um „Alzheimers undir stýri“

Árlega er alþjóðlega Alzheimersdagsins hinn 21. september minnst um heim allan. FAAS mun í tilefni dagsins standa fyrir málstofu á Grand Hóteli miðvikudaginn 21. september 2011 kl. 17-19 undir heitinu:

***Alzheimers undir stýri***

**Dagskrá:**

Stutt erindi flytja:
**Jón Snædal**, *læknir*
**Kristján Guðnason**, *lögreglumaður*
**Brynjar Níelsson**, *lögfræðingur*
**Guðný J. Helgadóttir**, *aðstandandi*

Auk þess verða sjónarmið Alzheimerssjúklings kynnt.

*Umræður og fyrirlesarar munu svara fyrirspurnum.*

**Málstofustjóri:**
**Guðlaugur Þór Þórðarson** *alþingismaður og fyrrverandi heilbrigðisráðherra.*

***Kaffiveitingar eru í boði FAAS***

***Allir eru hjartanlega velkomnir***

*RUV hefur frestað sýningu á heimildarmyndinni Bicycle Spoon Apple sem sýna átti að kvöldi hins 21. september. Myndin segir frá því hvernig Pasqual Maragall, borgarstjóra í Barcelona sem greindist með Alzheimerssjúkdóminn árið 2007 tókst á við sjúkdóminn fyrstu árin eftir sjúkdómsgreininguna. Fyrirhugað er að sýna myndina í sjónvarpinu í október 2011.*

***- Munum þá sem gleyma -***

# Nú ber Evrópusambandið peninga í áróðurinn

ESB-aðild

**Guðni Ágústsson**
fv. ráðherra



Eitt stærsta fyrirtæki heims er Coca Cola. Það ver miklum peningum í að selja vöru sína og segir aldrei frá ókostum drykkjarins. Eitt fyrirtæki ver þó hærri upphæð í áróður um eigið ágæti, það er Evrópusambandið sjálft. Halda menn að ESB segi frá vanköntum þess að tilheyra sambandinu? Nei, þar sitja þessi stóru fyrirtæki við sama borð, allt er gott.

Íslendingum var talin trú um að aðildarviðræðurnar snerust um kosti og galla þess að ganga í ESB og samninga. Nú er upplýsingaherferð ESB hafin á Íslandi og fyrirtæki valið til að berjast fyrir aðildinni sérstaklega. Þetta er almannatengslafyrirtækið Athygli sem vinnur verkið. Samkvæmt útboðslýsingunni er um að ræða „Maximum budget 1400 000 EUR“. Eða í íslenskum krónum 224 milljónir króna. Nú skulum við spyrja okkur að einni spurningu, hvers vegna skyldi „Upplýsingaherferð“ Evrópusambandsins hér á landi vera hlutlæg eða hlutlaus þegar sambandið hefur hvergi staðið fyrir slíku annars staðar?

### Stjórnarskrá okkar bannar íhlutun

Upplýsingamiðlun ESB mun væntanlega alfarið vera byggð á efni frá sambandinu beint eða óbeint. Það er að segja einhliða upplýsingamiðlun. Með öðrum orðum áróðri. ESB fer ekki í aðildarviðræður öðruvísi en að hafa eitt markmið á hreinu að vinna kosningarnar hverju sinni. Heldur fólk almennt að ESB sé líklegt til að veita hlutlægar upplýsingar um sjálft sig í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu? Frekar en stjórnmálaflokkur í aðdraganda kosninga til Alþingis? Öll þekkjum við fagurgalann og fallega fólkið á flettiskiltunum og loforðin góðu?

Svo skulum við spyrja okkur að hinu, samkvæmt íslenskum lögum og stjórnarskrá er erlendu ríki bannað að vera með íhlutun í málefni Íslands eða pólitík. Hér hefur ESB í kjölfar viðræðnanna opnað sendiráðsskrifstofu og býr sig undir að standa með ríkisstjórninni að landsmenn samþykki aðlögunarsamninginn og fúlgur fjár fylgja í áróðurinn.

### Aðlögun að ESB?

Ef stjórnvöld í Króatíu eru spurð hvort þau séu í samningaviðræðum við Evrópusambandið er svar þeirra skýrt nei, við erum í aðlögunarferli. ESB fer ekki í svona viðræður nema á sama grunni við allar umsóknarþjóðir. Heimild Alþingis gekk út á samninga með skilyrðum, ekki satt? Alþingi gaf aldrei ríkisstjórninni heimild til að aðlaga íslenska stjórnkerfið lögum og reglum ESB. Það er leynd yfir samningsmarkmiðum Íslands, eru þau til? Eða hefur leiðtogi Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, þetta allt í hendi sinni, jafn sannfærandi og málflutningur hans hefur verið á erlendri grund?

> Heldur fólk almennt að ESB sé líklegt til að veita hlutlægar upplýsingar um sjálft sig í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu?

### Umsóknin lögð til hliðar

Stærstur hluti mannafla stjórnarráðsins er undirlagður í vinnu við aðlögunina og kostnaðurinn hleypur á milljörðum króna. Evrópusambandið sjálft hefur tekið miklum breytingum á síðustu tveimur árum og glímir við mikinn innri vanda bæði vegna evrunnar, skuldakreppu og stefnumörkunar inn í framtíðina sem ríkjabandalag á mörgum sviðum. Við þessar aðstæður og vegna þess að viðræðurnar snúast ekki um samninga heldur aðlögun er rétt að leggja aðildarviðræðurnar til hliðar um sinn. Við skulum því sameinast um að skora á alþingismenn okkar og Alþingi að leggja umsóknina til hliðar. Það gerir þú með því að fara inn á Skynsemi.is og skrifa undir slíka áskorun.




## AF NETINU

### Stæðaæði

Fyrir fáeinum dögum var sagt frá því í Ríkisútvarpinu að starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar væru óánægðir með að þurfa að greiða „himinhá“ gjöld fyrir bílastæði í bílakjallaranum í Hörpu. Fréttinni fylgdu þær upplýsingar að starfsmennirnir þyrftu að greiða 2.750 krónur á mánuði en að heildarkostnaður við hvert stæði væri um 11.000 krónur. Það kom líka fram að starfsmennirnir fá helmingsafslátt af heildarverðinu og svo greiðir Sinfóníuhljómsveitin hluta til viðbótar. Afganginn áttu starfsmennirnir að greiða, um það bil 25% af heildarverði. Með það eru þeir óánægðir. Ég ætla ekki að vera kaldhæðinn en vil þó leyfa mér að spyrja: Hverjir eiga að borga fyrir þessi bílastæði, ef ekki þeir sem nota þau?

Ekki veit ég hvernig þetta mál verður leyst. Í fréttinni var sagt að gjaldtökunni yrði frestað þar til kjarasamningum lýkur. Ég geri því ráð fyrir að niðurgreiðsla á bílastæðiskostnaði verði hluti af kjarasamningum starfsmannanna. Sú ráðstöfun kallar á aðra spurningu: Hvað með þá starfsmenn hljómsveitarinnar sem kjósa að koma gangandi, hjólandi eða með strætó í vinnuna? Fá þeir sinn ferðamáta niðurgreiddan?

blog.eyjan.is
**Hjálmar Sveinsson**

### Hagvöxtur er ósjálfbær

Hagvöxtur er gallað hugtak. Mælir bara breytingar á umfangi kaupsýslu. Hætti fólk að baka brauð og fari að kaupa þau, eykur það hagvöxt. Eykst líka, ef fólk hættir að þvo bílinn sjálft og fer með hann í þvottastöð. Hann mælir ekki eigin vinnu, vinnuskipti eða samhjálp, sem eykst í kreppum. Að þessu frádregnu er eðlilegur hagvöxtur innan við 1% á ári. Skrítið er, að hagkerfi með 1% hagvöxt standi undir 4% raunvöxtum. Mælikvarðar á borð við hagvöxt eru dæmi um ósjálfbær hagkerfi …

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**

# ILVA
einfaldlega betri kostur



**NUD.** Perustæði, tausnúra. L3 m. **7.995,-**
**GLOBE.** Mött sparpera, E27 5W Ø10 cm. **4.495,-**

NÝTT



**RAW. NÝTT**
Svart ljós. Ø40 cm. **29.995,-**



**ROLLY. NÝTT**
Prjónaður gólfpúði úr ull fylltur með trefjum.
Ø48 cm. **24.900,-**

# Fallegt heimili
## þú átt það skilið

NÝTT



**ROUEN. NÝTT**
Sófi m/höráklæði. Útskornar eikarfætur. L210 cm. **239.900,-** *Sérpöntun.*



**BORNEO.**
Borðstofustóll. Bast.
Sætishæð: 46 cm.
**11.900,-**

NÝTT



**WHITE ELCH. NÝTT**
Elgshöfuð á vegg.
Hvítt/pólýresin.
38x35 cm. **14.995,-**



**CHESTERFIELD.**
3ja sæta leðursófi. L229 cm. **269.900,-**
*Einnig til 2ja sæta og hægindastóll.*



**LOKE.**
Kertastjaki. Mangótré.
16x7 cm. **1.295,-**
**LOKE.**
Kertastjaki. Mangótré.
13x6 cm. **1.295,-**



**WOOD. NÝTT**
Trébox. 20x50x15 cm.
3 gerðir. **4.995,-**



**ASTRID. NÝTT**
Brúnn púði m/blómamunstri.
40x40 cm. **3.995,-**
60x60 cm. **5.995,-**

VÆNTANLEGT



HANNAÐU ÞINN EIGIN
**HOUSTON EININGASÓFA**



**CANNET. NÝTT**
Sófaborð. Glerplata m/stálgrind.
150x90x45 cm. **49.900,-**

ILVA kaffi
Smurt brauð m/hangikjöti
**Verð 490,-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

*NÝTT KORTATÍMABIL*
**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30 www.ILVA.is**

# Skálholt – Nýr biskup

Trúmál

Jakob Á. Hjálmarsson
fv. dómkirkjuprestur

Úr húmi aldanna rís hugsunin um Skálholt eins og myndin af frelsaranum á altarisveggnum þar, óræð, margsaga en engu að síður með áskorun fyrir ókominn tíma. Hver sem kemur þangað finnur til sín kallað: Hver ert þú förumaður og hvert ætlar þú? Hver er ákvörðunarstaður þinn? Vel væri svarað ef sagt væri: Himinn Guðs, Guðs eilífa borg.

Skálholt hefur vaxið í samtíð okkar, er eitt af því sem kallað hefur verið til leiks okkar samtíðarmanna úr örófi alda. Þar hefur risið helgidómur sem á sér tilkall í huga okkar og vonum. Er ágengur við hugsun hvers okkar sem þar höfum komið. Segir eitthvað við okkur, spyr spurninga um vegferð okkar.

Margt er það orðið sem þaðan hefur borist út yfir land og lýð, enda staðurinn í miðjum straumi Íslandssögunnar. Ísleifur settist þar að fyrstur biskupa; Gissur var þar þrennt í senn: Hirðir, konungur og víkingur; Þorlákur gaf fordæmi um sið og helgi; Marteinn kom á nýjum sið og Jón Arason stóð í móti; Vídalín talaði inn á hvert heimili gegnum postillu sína og Hannes Finnsson skrifaði hina fyrstu hagfræðiritgerð um það að landið bætti sig á aldarfjórðungi hvað sem á hefði dunið; Sigurbjörn, ég tel hann hér, talaði einnig inn á hvert heimili Íslands og minnti á hann sem var og er og kemur.

Biskupsþjónusta er fyrirferðarmikil í íslenskri sögu eins og Skálholt. Hlutverk biskupa er að halda kirkjunni saman í samtíð og sögu. Minna á það sem hefur ævarandi gildi. Það er erfitt hlutverk í samtímanum sem hefur gert allt að álitamálum og varpað öllu í efa. En eitt var það, sem stöðugt stóð og stendur alla tíð, það virki, er styrka höndin hlóð, þín hjálpin, Drottinn, blíð, kvað sr. Sigurjón í Saurbæ. Skálholt minnir á það virki, rís upp úr sögunni og náttúruhamförunum og flytur nýjum tíma nýjan boðskap.

Á sunnudaginn bætist sr. Kristján Valur Ingólfsson í röð þeirra sem hafa veitt Skálholti forstöðu. Af honum er góðs að vænta svo reyndur sem hann er í lífi og starfi kirkjunnar. Prestur við hið ysta haf, lærdómsmaður við einn virðulegasta menntabrunn álfunnar, fræðari presta og prestsefna, áður kunnur Skálholti sem rektor lýðskólans þar og sannur ármaður kirkjunnar alla tíð. Við öll sem unnum kirkju og kristni á Íslandi skulum fagna honum.

Hvernig sem okkur finnst hlutunum megi vera varið í kirkju okkar skiptir það mestu að þau sem veljast til þjónustunnar þar séu heil í áhuga sínum, að þau séu rótfest í fagnaðarerindinu um Krist og viti hvert hlutverk kirkjunnar er í samtíð sem í fortíð. Enginn getur girnst það hlutverk í dag sem leiðtogar kirkju okkar gegna nema þau hafi ást á kirkjunni, ástríðufulla ást sem sprettur af dagskipan hennar sem felst í þeirri skipan að gera allar þjóðir að lærisveinum, kenna þeim og helga nafni guðs, föður, sonar og heilags anda. Í því ljósi verður lífi mannanna lyft upp mót hugsjónum um frið og sátt í veröld okkar mannanna.

# Misskilningur skjalaþýðandans

Sumarbústaðaeigendur

Magnús Magnússon
ritstjóri Skessuhorns

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi, skrifar töluvert hvassyrta grein í minn garð á bls. 24 í Fréttablaðinu 15. september sl. Þar leggur hún út frá leiðara sem ég skrifaði í Vesturlandsblaðið Skessuhorn 7. september undir yfirskriftinni „Dulin búseta“. Í fyrstu velti ég fyrir mér af hverju hún skrifaði ekki svargrein sína til birtingar í sama blaði, þar hefði birting verið auðsótt. Svarið veit ég svo sem ekki en velti fyrir mér hvort skýringin sé sú að lesendur Fréttablaðsins geta fæstir dæmt um hvað stóð í Skessuhorni og hún hafi af einhverjum ástæðum kosið að þeir vissu ekki of mikið svo hún gæti túlkað orð mín út og suður.

Í leiðara mínum fjallaði ég, eins og glöggir lesendur Skessuhorns geta vitnað, um þá hópa fólks sem annars vegar dvelja langdvölum í háskólanámi úti á landi og hins vegar hópa fólks sem dvelja meginhluta ársins í sumarhúsum, eða heilsárshúsum sínum, án þess að færa þangað lögheimili sín. Þarna fjallaði ég EKKI um hinn almenna sumarhúsaeiganda, fólkið sem dvelur í húsum sínum af og til en stundar vinnu annars staðar þar sem það á jafnframt lögheimili. Að ég hafi kallað allt það góða fólk afætur er alrangt hjá löggilta skjalaþýðandanum. Þeir hópar fólks sem dvelja lungann úr árinu í Borgarfirði, jafnvel svo árum skiptir, án þess að færa þangað lögheimili sín, greiða ekki skatta og skyldur til Borgarbyggðar eða til Skorradalshrepps, gætu hins vegar með réttu kallast afætur.

Töluvert er um að fólk búi allt árið í heilsárshúsum, stundi þaðan vinnu eða sé einfaldlega hætt vinnu og njóti ævikvöldsins í húsunum sínum úti á landi. Flestir gætu tekið undir að það er einungis sanngirniskrafa að það fólk flytji einnig lögheimili sín á þessa staði. Þannig vill til að í Borgarbyggð eru tveir fjölmennir háskólar og á annað þúsund sumarhús. Í hluta þessara sumarhúsa eru dæmi um að fólk hafi búsetu allt árið án þess að lögheimili þess sé þar skráð. Slíkt kalla ég dulda búsetu. Um þennan hóp fólks var ég að skrifa í leiðara mínum, ekki hinn almenna sumarhúsaeiganda. Í leiðaranum fjalla ég um það ójafnvægi sem orðið er í greiðslum hins opinbera til ríkisstofnana á landsbyggðinni, svo sem til löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Þegar íbúatala margfaldast, án þess að tekjur komi á móti, býr lögregla og heilsugæsla á þessum stöðum við aukið álag. Greiðslur frá hinu opinbera miðast nefnilega við skráða íbúa á svæðinu með lögheimili sín þar. Dæmin hafa sýnt að álag á þessar stofnanir hefur verið svo mikið að það bitnar á almennum íbúum og þeim sem treysta verða á þjónustuna. Erfitt er að fá samband við lækna eða lögreglu sem endalaust glíma við fjárskort og niðurskurð frá ríkinu.

Ekki ætla ég að fara í smáatriðum út í efnistök Ellenar í grein hennar þar sem hún virðist hafa kosið að snúa orðum mínum svo illilega á haus. Eitt sagði hún þó sem mér fannst verulega umhugsunarvert: „Ekki er ætlast til svars enda þessi grein ekki hugsuð sem upphaf frekari orðaskipta,“ sagði hún. Þetta er ekki góð latína hjá Ellen, að skrifa harðorða skammargrein vegna skrifa einhvers í allt öðrum fjölmiðli, snúa svo orðum viðkomandi á haus, og frábiðja sér loks að sá hinn sami geti svarað fyrir sig! Ellen Ingvadóttir er örugglega góður og gegn eigandi sumarhúss í Borgarbyggð og býð ég hana sem og alla aðra eigendur sumarhúsa í mínu heimahéraði velkomna hér eftir sem hingað til. Hins vegar þegar og ef að því kemur að Ellen Ingvadóttir hættir skjalaþýðingum og löggiltri dómtúlkun og flytur í fallega heilsárshúsið sitt á bökkum Langár, þá þarf hún bara að muna að færa lögheimilið sitt þangað. Um það snerust skrif mín og ekkert annað.

> Hins vegar þegar og ef að því kemur að Ellen Ingvadóttir hættir skjalaþýðingum og löggiltri dómtúlkun og flytur í fallega heilsárshúsið sitt á bökkum Langár, þá þarf hún bara að muna að færa lögheimilið sitt þangað. Um það snerust skrif mín og ekkert annað.



# Fatlað fólk á tímamótum
# Eru mannréttindi virt?

## Fundaröð Öryrkjabandalags Íslands 2011

### Dagskrá

- **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**
- **Er breytinga að vænta?**
- **Krafa Öryrkjabandalags Íslands: Mannréttindi fyrir alla**
- **Umræður og fyrirspurnir**

**Fundarstjóri: Steinunn Þóra Árnadóttir**

Hvetjum fatlað fólk, aðstandendur, alla sem starfa að málefnum fatlaðs fólks og aðra áhugasama til að mæta. Réttindagæslumaður fatlaðs fólks mætir á fundinn.

## Fundir á höfuðborgarsvæðinu

- **Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes:**
  22. september kl. 17.00-18.30,
  Hraunseli, Flatahrauni 3, Hafnarfirði
- **Mosfellsbær, Kjós:**
  6. október kl. 17.00-18.30,
  Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna, Þverholti 2
- **Kópavogur:**
  12. október kl. 17.00-18.30,
  Félagsheimilið Boðinn, Boðaþingi 9
- **Laugardalur og Háaleiti:**
  2. nóvember kl. 17.00-18.30,
  Grand Hótel Reykjavík
- **Breiðholt, Árbær, Grafarholt, Grafarvogur, Kjalarnes:**
  3. nóvember kl. 17.00-18.30,
  Gerðuberg, A sal, Gerðubergi 3-5
- **Vesturbær, Seltjarnarnes, Miðborg og Hlíðar:**
  9. nóvember kl. 17.00-18.30,
  Ráðhúsi Reykjavíkur, vestursalur

Þeir sem þurfa á táknmálstúlkun eða tónmöskva að halda tilkynnið það til Önnu Guðrúnar Sigurðardóttur á netfangið anna@obi.is eða í síma 530 6700 í síðasta lagi viku fyrir fundinn.

**Ekkert um okkur án okkar!**

ÖBÍ

www.obi.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KO
DALA FETA
198
KR. 150 G
DALA FETAOSTUR
TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM
KOMIN Í BÓNUS
létt & laggott
198 KR.
GOUDA
TILBOÐ
GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG
Trópí
198
KR. 1 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.
BÓNUS
SAMLOKUSKINKA
198
KR. 237 G
BÓNUS BRAUÐSKINKA
ÍSLENSKT JÁ TAKK
BÓNUS
KJARNABRAUÐ
198
KR. 1/2 KG.
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500 GRÖMM
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
165
KR. 250ML
HÁMARK er íslenskur próteindrykkur úr íslenskri mjólk með háu hlutfalli mysu- og mjólkurpróteina og 25 gr. af próteinum eða 10% af heildar innihaldi.
198
KR. 4 STK.
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR
ÞRJÁR GERÐIR - 4 STK Í POKA
Myllu
DANSKT RÚGBRAUÐ
198 KR.
TVEIR PAKKAR
MYLLU DANSKT RÚGBRAUÐ
SJÖ SNEIÐAR TVEIR FYRIR EINN
159
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
Floridana
APPELSÍN
SUSAFI
98
KR. FLASKAN
330 ML FERSKUR
ÁVAXTASAFI
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Jarðepli
198
KR. 1.5 KG
Trópí
98
KR. FLASKAN
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
359
KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

# ÍSLENSKT JÁ TAKK ÍSLENSKT JÁ TAKK




**FERSKT LAMBALÆRI** NÝSLÁTRUN HAUST 2011




**FERSKT LAMBAFILLET**
NÝSLÁTRUN HAUSTIÐ 2011

## ÍSLENSKT JÁ TAKK

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans




**FERSKT LAMBAPRIME**
NÝSLÁTRUN HAUSTIÐ 2011




**HÁLFUR LAMBASKROKKUR**
FROSINN: NIÐUR SAGAÐUR

## ÍSLENSKT JÁ TAKK

FERSKUR KJÖRFUGL




FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

## ÍSLENSKT JÁ TAKK

FERSKT GRÍSAKJÖT

Ali




ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Skáldskapurinn er mikill leikur

**Vigdís Grímsdóttir** er ekki einhöm kona. Allir vita að hún er skáld og rithöfundur. Hitt er á vitorði fárra að hún málar litríkar myndir og er að taka að sér barnakennslu. Hún sagði ***Gunnþóru Gunnarsdóttur*** frá nýrri bók sem hún hefur glímt við í nokkur ár, baráttunni við reykingarnar, aðdáun sinni á náttúru og mannlífi í Árneshreppi á Ströndum og ástinni til lífsins.

Vigdís kemur til dyranna eins og hún er jafnan klædd, í svörtu frá toppi til táar, og heilsar hjartanlega. Hún býr á efri hæð og upp með stiganum og inni á heimili hennar eru myndir af kisum, rauðum kisum, öllum á svörtum grunni. „Ég fór að mála kisur fyrir tveimur og hálfu ári til að kynnast betur stelpunni sem ég var að skrifa um – hún málar ketti á svartan múrinn sem umlykur þorpið hennar. Ég mála auðvitað alls ekki eins og hún, því hún er mjög góður málari, myndirnar mínar eru bara auðmjúk nálgun við málverkin hennar,“ útskýrir Vigdís þegar hún sér hvert augun leita.

### Trúir þú á töfra?

Erindið er einmitt að forvitnast um söguna sem Vigdís hefur verið að skrifa. Hún er strax byrjuð að ljóstra upp atriðum um aðalpersónuna. Best að reyna að klappa þann stein. Skyldi þetta vera einhver landsfræg listakona? Man ekki í svipinn eftir neinni sem málar bara ketti – en það er ekki að marka. Þetta er sem sagt alvöru stelpa? (eins og að reyna að komast að nafni leynigests.) „Já, já. Algjör alvörustelpa. En hún var aldrei til. Bókin byggir ekki á alvöru lífshlaupi.“

> Mig langaði til að skrifa skáldsögu um einhvers konar ferðalag þar sem ljóðahefðin rynni í gegn og kallaði kynslóða á milli.

Við tyllum okkur við eldhúsborðið með kaffi í bollum og nettar kökur milli puttanna. Nýjasta kisumyndin hallar sér upp að skáp við enda borðsins því eldhúsið er líka gallerí. Og skáldkonan leysir frá skjóðunni, róleg og yfirveguð.

„Það er sem sagt að koma út bók. Titillinn? Trúir þú á töfra? Þetta er saga stelpu í lokuðu þorpi. Hún hefur aldrei farið þaðan enda hvergi komist. Hún er barn þegar sagan gerist en fullorðin þegar hún segir hana.“

*Er hún dulræn?*

„Nei, það þarf hún heldur ekki að vera þó hún trúi á töfra. Stundum er bara alveg nauðsynlegt að hafa einhverja von til að lifa af,“ – þagnar – „hún vill að fólk kynnist sér, þess vegna segir hún söguna. Sjálf var hún heldur ekki lokuð, bara einangruð í sínu litla plássi og fólkið sem þar bjó var það líka. Hennar er að finna leiðina út og þótt það sé þrautinni þyngra og taki langan tíma var það bæði gaman og vel þess virði. Þetta fylgir því að þroskast, að finna leiðina út, og það getur verið gefandi og óskaplega sársaukafullt í senn. Það var það hjá henni og það var það hjá öllu hennar fólki. Ég hugsa að við þekkjum það flest með einum eða öðrum hætti.“

### Brá á það ráð að mála

*Er langt síðan þú kynntist sögupersónunni?*

„Hún fór að sækja dálítið á mig árið 2000, þá var ég mikið að lesa eftir Nínu Björk Árnadóttur skáldkonu sem var nýlátin. Stelpan mín í Töfrunum heitir reyndar í höfuðið á henni og það er alls engin tilviljun.

Nema hvað, mig langaði til að skrifa skáldsögu um einhvers konar ferðalag þar sem ljóðahefðin rynni í gegn og kallaði kynslóða á milli. Þetta hefur tekið langan tíma en það var alltaf gaman. Þó hafa komið löng stopp og aðrar bækur í millitíðinni. En síðan Sagan um Bíbí kom út, 2007, hef ég alveg verið með Nínu Björk og það hefur aldrei beinlínis slest upp á vinskapinn. Stundum hefur hún samt þagnað og ég hef ekki komist yfir til hennar og því ekki getað haldið áfram með bókina. Það gerðist til dæmis fyrir tveimur og hálfu ári. Skáldsagnapersónur eiga það til að vera viðkvæmar og sjálfsagt hefur henni þótt eitthvað við mig. En þá brá ég á það ráð að mála kisur, mála ketti á svart eins og hún gerði. Ég vildi gá hvort hún talaði ekki til mín aftur, hvort ég sigraði hana ekki á hennar eigin bragði – og viti menn! Hún gerði það, hún kom til mín og gerði sig líklega og samvinnan hélt áfram sem aldrei fyrr. Maður verður að leika á skáldsagnapersónurnar sem verða stundum svo lifandi fyrir manni að maður heyrir í þeim – og svo verður maður auðvitað að geta leikið á sjálfan sig. Skáldskapurinn er mikill leikur.“

*Er eitthvað sérstakt sem þú sækir í þegar þú ert í skriftarham?*

„Það er kaffið og sígarettan. Ég tók samt upp þá reglu að reykja ekkert þegar ég skrifa og ekki heldur þegar ég mála. En mér tekst samt að reykja allt of mikið. Nú eru víst komnar rafmagnssígarettur, ekki með nikótíni en gera víst það sama. Ég verð að fara að finna þær, annarra vegna.“

*Hlustarðu á tónlist þegar þú ert að skrifa?*

„Já, lágstemmd tónlist lætur vel í eyrum þegar ég skrifa og mér finnst líka gott að það sé umgangur og þægilegt að vita af fólki einhvers staðar nálægt mér.“

### Umkringd fjöllum

*Hvernig takt hafa dagarnir þegar þú ert að skrifa?*

„Mér finnst gott að fara í burtu, leita annað. Ég gerði það í fyrravetur. Þá hafði ég vetursetu í Árneshreppi á Ströndum og það var mjög gott. Kyrrðin er heillandi og fólkið líka. Ég bjó í Kaffi Norðurfirði sem er rekið á sumrin en lokað að vetrinum. Þar upplifði ég þennan sterka íslenska veðravetur, umkringd fjöllum og sterkum straumum. Svo liggur leiðin þangað aftur í janúar, ég hef ráðið mig sem barnakennara í Finnbogastaðaskóla til vorsins. Ég kenndi börnum einn vetur þegar ég var tvítug og mér bauðst að rifja þá reynslu upp. Ég þáði það og er mjög hamingjusöm. Það þýðir nýtt blóð og nýjan kraft.“

*Þú heldur áfram að mála, er það ekki?*

„Þessa mynd hér í eldhúsinu málaði ég eftir að bókin fór í prófórk en þá var Nína litla auðvitað hætt að mála, enda á leiðinni í prentun. Kannski ég fari að ráðum fimm ára ömmustelpunnar minnar sem sagði: „Það er nú komið nóg af kisum, amma mín. Þú ættir að fara í hundana næst.“ Ég hugsa að ég geri það!“

*Var vera þín í Árneshreppi liður í að kynnast einangruninni sem þú skrifar um í bókinni?*

„Nei, alls ekki; ég hef kynnst einangruninni í Reykjavík og í ýmsum stórborgum, en annars er einangrun alls staðar eins og hún getur orðið jafn skelfileg og hún er í bókinni; hún getur leitt af sér grimmd og ógnir þótt yfirborðið sé slétt og tilgangurinn annar. En enginn af atburðum sögunnar hefur neitt með Árneshrepp að gera; þar er hlýjan og mýktin og sagan þakkar ljóðrænu sína meðal annars hreppnum og fólkinu þar. Það liggja miklir töfrar í fegurð landsins og náttúrunnar. Annars er bókin mín um töfrana að mestu leyti ástaryfirlýsing til lífsins, skáldskaparins og fegurðarinnar jafnvel þótt hún lýsi svo miklum ljótleika og grimmd – eða kannski einmitt þess vegna.“

*Kom einhvern tíma annað til greina hjá þér en að verða rithöfundur?*

„Ég hugsaði ekki sem stelpa að ég ætlaði að verða rithöfundur, ástæðan fólst kannski í orðinu sjálfu, hinu málfræðilega kyni þess, rithöfundar hlytu að vera karlar; þetta hugsaði ég þá og forðaðist að hugsa lengra. Og því var ég frelsinu fegin þegar ég kynntist orðinu skáldkona. Skáldkonur voru kerlingar og ég gat látið mig dreyma um að verða skáldkona, mig langaði til þess og ég hafði sannarlega frábærar fyrirmyndir. Ég hef sem sagt alltaf skrifað og alltaf elskað það.“



**RITHÖFUNDURINN** „Nú eru víst komnar rafmagnssígarettur, ekki með nikótíni en gera víst það sama. Ég verð að fara að finna þær, annarra vegna,“ segir Vigdís. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ■ RAUÐAR KISUR Í ÓTAL ÚTGÁFUM



**EIN AF MÖRGUM** Þessi mynd hangir við stigann sem liggur að heimili Vigdísar. Fimm ára dótturdóttir hennar sér þar sjálfa sig í kerru með foreldrana hvort til sinnar handar en ömmu sína undir vagninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vigdís Grímsdóttir rithöfundur gerir fleira en að skrifa og skálda. Hún er líka ástríðumálari. Það var fyrir tveimur og hálfu ári sem aðstæður höguðu því svo að henni fannst hún verða að grípa til pensilsins til að geta haldið áfram með ritverkið sem hún var með í tölvunni. Afraksturinn er tilkomumiklar myndir í sterkum litum – og allar af rauðum kisum. Langar myndir og stuttar, mjóar og breiðar, stórar og litlar.

Ritverkið sem um ræðir kemur út á bók á næstu vikum. Það heitir Trúir þú á töfra? og fjallar um stelpu sem málar rauða ketti.

Vigdís sýnir myndir sínar í kaffihúsi Gerðubergs frá 12. október til 20. nóvember í tengslum við ritþing um ævi hennar og feril sem haldið verður í Gerðubergi í nóvember.



MENNTAVÍSINDASVIÐ

# Upplifum fjör og fræði

## í Stakkahlíð í dag frá kl. 13–16

### Fjölskylduskemmtun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands



Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands verður opið hús í Stakkahlíð þar sem áherslan verður á gagn og gaman. Komdu í heimsókn og uppgötvaðu gildi menntunar í óvæntum leikjum og skemmtilegum uppákomum.

### Fjölbreytt og afar fjörleg dagskrá í boði:

- Spennandi smiðjur og leikir fyrir börn á öllum aldri
- Vöfflukaffi
- Frumsamið tónverk eftir nemendur Víkurskóla
- Eineltisforvarnarspilið Trabb frá nemendum Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Barnaföt sem nemendur úr Valhúsaskóla saumuðu til styrktar barnaheimili í Tógó
- Verkefnið *Heilsueflandi skóli* kynnt sem Egilsstaðaskóli hefur unnið í samstarfi við Landlæknisembættið
- Tónlist í boði Brother Grass
- Korpuskóli kynnir tónlist sem nemendur sömdu í tónmenntatímum
- Grunnskóli Snæfellsbæjar kynnir átthagafræði sem snýr að fræðslu um heimabyggð, sögu og mannlíf
- Leikskólarnir Lindarborg, Njálsborg og Barónsborg sýna skáklistaverk og kynna söguheim norrænnar goðafræði og umhverfismennt
- Fjörulallar og útinám í leikskólanum Bakkabergi
- Drafnarborg og Dvergasteinn kynna *Ótrúleg eru ævintýrin*, *Grænfánann* og *Vinakakó*
- Opnun fróðlegrar ljósmyndasýningar
- Gjörningur í lyftu

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

1911–2011

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Í VÍÐÁTTUNNI** Fjórhjólin hafa tekið við hlutverki hestanna í smölunum á Skaftártunguafrétti á síðustu áratugum. MYNDIR/HAUKUR SNORRASON

# Í öskumistri að smala úfið land

Öskufok var á **Skaftártunguafrétti** í byrjun vikunnar. *Haukur Snorrason* ljósmyndari tók þá þátt í smalamennsku þar með bændum og búaliði. Þótt eltingarleikur við sauðkindurnar væri aðalviðfangsefnið tók hann líka myndavélina úr bakpokanum af og til þegar tækifæri gafst. Haukur lýsti þessu ævintýri fyrir *Gunnþóru Gunnarsdóttur* og gaf henni leyfi til birtingar mynda.

Þetta var þolraun því Skaftártunguafréttur er einn sá erfiðasti yfirferðar á landinu. Hann er jafnframt afar fallegur enda fer ég oft með erlenda ljósmyndara á þetta svæði, frá Hrífunesi í Skaftártungu, þar sem ég og kona mín rekum ferðaþjónustu,“ segir Haukur. Það sem gerði gangnamönnum enn erfiðara fyrir nú en önnur ár var mikið öskufok á svæðinu framan af vikunni að hans sögn. „Fólk var krímótt í framan af ösku úr Grímsvatnagosinu í vor. Hún fyllti öll vit og mann sveið í augun.“

Skaftártunguafréttur liggur milli Tungnaár og Skaftár inn að Vatnajökli. Haukur segir um tuttugu manns hafa lagt á hann síðasta sunnudag, ungt og sprækt fólk innan um eldri reynslubolta. Einnig voru frábærir smalahundar með. Mannskapurinn skiptist í tvo hópa, annar var á fjórhjólum en hinn fótgangandi. Tveir bílar með kerrur fylgdu svo rekstrinum eftir. „Uppgefið fé var sett á kerrurnar og það sem var lengst í burtu ef það náðist,“ lýsir Haukur, sem kveðst hafa gengið í grennd við Uxatinda fyrsta daginn og niður með Tungnaá næsta dag. „Það er verkfræðilegt afrek að stjórna smölun í þessu úfna landslagi en fjallkóngurinn, Halldór Magnússon í Ytri-Ásum, var í talstöðvarsambandi við gangnamenn og bílstjóra og hafði alla þræði í hendi sér,“ segir Haukur. Hann segir Hólaskjól hafa breyst í gangnamannakofa á kvöldin og þar hafi féð verið sett í áheldi eftir hvern dag.

Heiðarnar næstar byggð voru smalaðar í gær, þá var komin væta og öskumistrið úr sögunni í bili svo öllum var léttara um andardrátt. Í dag er dregið í sundur í Grafarrétt og réttardansleikur er í Tunguseli í kvöld með hinni bráðfjörugu hljómsveit Nefndinni.

> Fólk var krímótt í framan af ösku úr Grímsvatnagosinu í vor. Hún fyllti öll vit og mann sveið í augun.



**FJALLKÓNGURINN** Gísli Halldór Magnússon í Ytri-Ásum stjórnar gangnafólki gegnum talstöð



**ALVEG BÚIN Á ÞVÍ** Askan fór illa í bæði menn og skepnur.



**VIÐ SYÐRI ÓFÆRU** Fénu líst ekkert á að fara að svamla yfir ána og reynir að forða sér undan yfirráðum mannanna.



**REKSTUR** Sauðféð á hraðri leið úr sumarhögum.




**30 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ ACTIC GILDIR TIL 20. SEPT 2011**








Skoðaðu heimasíðuna www.acticgym.is

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Salalaug Kópavogi og líkamsrækt, spinning og sund í Sundlaug Kópavogs. Tækjakennsla með þjálfara innifalin.

ACTIC LÍKAMSRÆKT & SUND

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Salalaug Kópavogi / sími 570 0480

# RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is




BARNA-SOKKAR **1.495**

**Barnasokkar 8 pör í pakka**
Góðir sokkar á frábæru verði!
Stærðir: 23-38.

BARNA-STÍGVÉL **2.995**



NÝTT

**Barnastígvél**
Fást í svörtu, rauðu og röndóttu. Stærðir: 22-35.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 995 **495**

**COOL MAX veiðisokkar**
Sérstaklega styrktir sokkar fyrir veiðitúrinn. Stærðir: 37-47.
Fást í grænu og svörtu.



NÝTT

STÍGVÉL **3.995**

**Fullorðinsstígvél**
Nýkomin sending af flottum stígvélum fyrir fullorðna. Fást í svörtu, rauðu og fjólubláu.
Stærðir: 37-41.

**Regnsett fyrir fullorðna**
Flott, svart regnsett fyrir fullorðna. Fæst í nokkrum stærðum. Jakki og buxur saman í setti.

FULLORÐ-INSREGNSETT **4.995**





NÝTT

BARNA-REGNJAKKI **1.995**

**Barnaregngallar**
Flottir barnaregngallar á stráka og stelpur. Buxur fást í bláu og gulu. Regnjakki **1.995**
Regnbuxur **2.995**



40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 59.950 **34.950**



**DIXIE 3ja sæta sófasett og stóll**
Fallegt sófasett og stóll með svörtu PU áklæði. 3ja sæta sófi: B201 x D80 x H72 sm. áður: **59.950** nú: **34.950**
Stóll: B83 x D80 x H72 sm.
áður: **29.950** nú: **16.950**

FULLT VERÐ: 29.950 **16.950**



32% AFSLÁTTUR

**SPRINGFIELD stóll**
Flottur stóll með slitserku áklæði. Litur: Dökkgrár.

FULLT VERÐ: 24.950 **16.950**



SPARIÐ 10.000



FULLT VERÐ: 34.950 **24.950**

**NYKOBING baðinnrétting**
Flott og stílhrein baðinnrétting á frábæru verði! Spegill fylgir.
Ath. verð eru án blöndunartækja.
Baðskápur + vaskur: 75 x 48 x 55 sm.
Spegill: 75 x 60 x 2 sm.




**HEFUR ÞÚ SÉÐ NÝJA DÝNU-BÆKLINGINN OKKAR? STÚTFULLUR BÆKLINGUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM!**



FULLT VERÐ: 34.950 **24.950**

SPARIÐ 10.000

**LIFEGEAR göngubretti**
Frábært göngubretti með tölvumæli sem mælir: Hraða, púls, vegalengd og kaloríubrennslu.
Tækið er með tveimur hallastillingum.



SPARIÐ 17.000

**LIFEGEAR fjölþjálfi**
Frábær fjölþjálfi með tölvumæli sem mælir: Hraða, púls, vegalengd og kaloríubrennslu. 8 hraðastillingar.

FULLT VERÐ: 56.950 **39.950**

# FRÁBÆR HELGAR-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 17.09-18.09



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.995

**2.995**

**Lampi með stækkunargleri**
Frábært hjálpartæki! Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana. Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.



FLÍSTEPPI

**995**

**FLORA flísteppi**
Mjúk og góð flísteppi á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.






40% AFSLÁTTUR

**LUISIA sængurverasett**
Mjög fallegt, rómantískt hágæða sængurverasett. Einstaklega mjúkt og notalegt. Efni: 100% hágæða bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm.

VERÐ ÁÐUR: 4.995

**2.995**



SKART-GRIPAHÖND

**795**

**Skartgripahönd**
Flott skartgripahönd til að geyma skartgripina.



40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 995

**595**

**ALMIRA púði**
Fallegir púðar með skemmtilegri áferð. Fást í brúnu, beige og gráu. Stærð: 30 x 60 sm.

DÚNDURTILBOÐ!

VERÐ ÁÐUR: 28.950

**19.950**

HREIN EFNI

60°

Astma-Allergi Forbundet

DÖNSK GÆÐAVARA

Greenfirst

TempraKON®



**TEMPRAKON andadúnssæng**
Dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur tilbaka til líkamans. Sængin er fyllt með 90% af hvítum andadúni og 10% af smágerðu andafiðri. Sængin er astma- og ofnæmisprófuð.

SPARIÐ 9.000



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.995

**2.995**

NÝTT KORTATÍMABIL!

Basic

40°

**Fiðursæng**
Þetta er sæng á frábæru verði! Fyllt með smágerðu andafiðri. Bómullaráklæði. Langsaumuð. Stærð: 135 x 200 sm.

**Mottur**
Fallegar mottur sem fást í nokkrum flottum munstrum og stærðum.
1. SAMIRA AFRICA verð frá: **1.995**
2. ESSENZA SQUARES verð frá: **3.995**
3. DECORA verð frá: **3.995**
4. ZEBRA verð frá: **1.995**



VERÐ FRÁ AÐEINS:

**1.995**



**LÁRA JÓHANNA JÓNSDÓTTIR** Sinnti Stúdentaleikhúsinu betur en háskólanáminu og afréð loks að sækja um í Leiklistarskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Er stödd í stóru ævintýri

**Lára Jóhanna Jónsdóttir** leikkona hefur lært margt af ævintýrinu Galdrakarlinum í Oz sem hefur átt hug hennar allan undanfarið. Lára Jóhanna fer með hlutverk Dóróteu í verkinu, sem verður frumsýnt í dag. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** ræddi við hana.

Þetta er svo stór og viðamikil uppfærsla og svo mikið að gerast í sýningunni að ég er alltaf eins og sprungin blaðra eftir rennsli," segir Lára Jóhanna Jónsdóttir, sem fer með hlutverki Dóróteu í verkinu Galdrakarlinum í Oz sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu í dag.

Lára Jóhanna segir magnað að fást við svona stórt og þekkt hlutverk. Hún er þó merkilega róleg þegar viðtalið er tekið, þremur dögum fyrir frumsýningu. Fær sér heilsudrykk og brosir bara út í annað spurð hvort hún sé ekki stressuð að syngja eitt þekktasta lag allra tíma, Over the Rainbow, eða Ofar regnbogahæðum eins og það heitir á íslensku. „Nei, alls ekki, en auðvitað er þetta mikil áskorun. Ég er ekki að reyna að syngja eins og Judy Garland en ég geri eins vel og ég get."

Lára Jóhanna hafði séð kvikmyndina frægu þegar henni var boðið hlutverk Dóróteu en þekkti verkið ekki sérlega vel. „Ég fór að sjálfsögðu að stúdera það þegar ég hafði hreppt hlutverkið. Þetta er risaævintýri en eins og í góðum ævintýrum leynist boðskapur í því. Og það má eiginlega segja að heimspekin í verkinu sé að það sé ekki til nein allsherjarlausn á vandamálum heimsins, heldur verði maður að læra að treysta á sjálfan sig," segir Lára Jóhanna, en Dórótea kemst að því eftir ævintýraferðina til Oz að galdrakarlinn þar getur lítið hjálpað henni.

**Töfralausnir virka ekki**

Fylgisveinar Dóróteu á leiðinni til Oz, Pjáturkarlinn, Fuglahræðan og Ljónið, uppgötva líka í ferðalaginu að þeir hafa yfir hæfileikum að ráða sem þeir héldu að þeir byggju ekki yfir – af því að þeim hafði verið talin trú um það. Hinn hjartalausi Pjáturkarl er tilfinningaríkur, heilalausa fuglahræðan fær snilldarhugmyndir og huglausa ljónið býður hættunum byrginn.

„Það er auðvelt að finna hliðstæður í þessum boðskap. Dórótea finnur styrk hjá sjálfri sér þegar heimurinn hrynur, töfralausnin virkar ekki," segir Lára Jóhanna og bætir við að sýningin sé samt fyrst og síðast eitt stórt ævintýri. „Við erum ótrúlega mörg á sviðinu, fullt af krökkum meðal annars. Sviðsmyndin er síðan alveg mögnuð, og fullt af sviðsmönnum sem eru alveg sveittir á hlaupum hingað og þangað á meðan á sýningunni stendur," segir hún og hlær.

Lára Jóhanna útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans í fyrra. Hún hefur haft í nógu að snúast síðan, var fastráðin strax í Borgarleikhúsið og lék þar meðal annars í Ofviðrinu og Nei ráðherra sem er enn á fjölunum. Margir kannast síðan eflaust við andlitið á henni úr auglýsingaherferðinni Inspired by Iceland, en Lára var andlit herferðarinnar.

En hvernig vildi það til að leiklistarnám varð fyrir valinu? „Ég var alls ekki skemmtikraftabarn," segir Lára Jóhanna og hlær. „Ég held að enginn hafi búist við því að ég yrði leikkona, ég var sílesandi. En mig langaði mikið að taka þátt í leiklistinni í menntaskólanum mínum, MS, og mannaði mig loks upp í það í þriðja bekk. Og síðan hef ég verið að. Ég skráði mig reyndar í háskólann eftir stúdentspróf en sinnti Stúdentaleikhúsinu betur en háskólanáminu, þannig að ég endaði á því að sækja um í leiklistarnám."

Lára Jóhanna er alin upp í Seljahverfinu í Breiðholti fyrir utan tvö ár í Englandi. „Foreldrar mínir voru í námi og við bjuggum í námsmannaíbúð í London. Það var góð reynsla eftir á að hyggja en mig langaði nú alltaf heim."

**Flipparinn í fjölskyldunni**

Lára er yngst fjögurra systkina og segist gerólík systkinum sínum. „Systir mín er læknir og bræðurnir rafmagnstæknifræðingur og hagfræðingur, þannig að ég er flipparinn." Fjölskyldan fylgist stolt með ferlinum og Lára Jóhanna lítur oft við á æskuheimilinu í Seljahverfi. „Það er voðalega gott að geta kíkt til pabba og mömmu í frumsýningarviku og fengið fisk og kartöflur, þau vita að ég hef ekki tíma til að búa til hollan mat."

Fyrir utan Dóróteu í Galdrakarlinum bíða nokkur spennandi hlutverk Láru Jóhönnu í Borgarleikhúsinu í vetur. Sjónvarpsáhorfendur munu svo sjá hana bráðum á skjánum í hlutverki sínu í sjónvarpsþáttaseríunni Heimsendi sem sýnd verður á Stöð tvö.

„Ég leik þar einn vistmannanna á geðveikrahælinu Heimsenda. Vinnan við þá var afar gefandi og skemmtileg. Metnaðurinn í þessum hópi sem stendur að þáttaröðinni er svo mikill. Ég fékk hlutverkið og átti svo að lesa mér til um geðveiki og vinna með persónuna mína. Sumt var síðan notað en annað ekki. Við unnum mikið í spuna en fengum síðan handrit í hendurnar. Það verður spennandi að sjá þættina, enn sem komið er hef ég ekki séð meira en stikluna," segir Lára Jóhanna að lokum.

## FRÆGASTA LAGIÐ NÆSTUM ÞVÍ EKKI MEÐ

Þetta er ein af þessum myndum sem ég horfi á reglulega og alltaf sé ég eitthvað nýtt," segir Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður sem er mikill aðdáandi ævintýrisins Galdrakarlinn í Oz. Páll Óskar hitti leikarana í sýningunni síðastliðið vor og varði góðum degi með þeim þar sem horft var á kvikmyndina sígildu og ævintýrið rætt í þaula.



**PÁLL ÓSKAR**

Páll Óskar segir vinsældir kvikmyndarinnar eiga sér einfalda skýringu. „Ástæðan er sú að þetta er sígilt ævintýri og skilningurinn á því dýpkar í hvert sinn sem maður horfir á það. Sem barn tekur maður inn persónurnar, ógnina og ferðalagið. Við sem erum fullorðin tökum kannski betur eftir boðskapnum, og höfum kannski lent í því eins og Dórótea að vera fengið verkefni sem við höfum ekki sjálfstraust í að leysa en getum svo leyst á endanum."

Kvikmyndin Galdrakarlinn í Oz var frumsýnd árið 1939. Hún er byggð á samnefndri bók eftir Lyman Frank Baum sem kom út í upphafi 20. aldarinnar og var reyndar upphaf að langri ritröð. „Þetta voru Harry Potter-ævintýri þess tíma," segir Páll Óskar og bendir á að sagan falli auðveldlega í flokk hetjusagna, þar sem uppbyggingin fylgir ákveðnu formi. „Í þessum sögum er hetjan yfirleitt ósátt í byrjun og þráir ævintýri. Svo kemur eitthvað fyrir og henni er ýtt út í ævintýrið. Á leiðinni hittir hún skrautlegar týpur sem leiða hana í gegnum ævintýrið. Yfir öllu saman svífur svo stöðug ógn, óvinurinn, sem gjarnan leggur gildrur fyrir hetjuna. Þetta er saga Dóróteu, saga Loga geimgengils og saga miklu fleiri hetja."





**SÍGILT ÆVINTÝRI** Lára Jóhanna sést hér í hlutverki Dóróteu í Galdrakarlinum frá Oz, en hægra megin má sjá Judy Garland í sama hlutverki.

Kvikmyndin var á sínum tíma sú dýrasta sem Metro Goldwyn Meyer stúdíóið hafði gert. Hún skilaði ekki verulegum hagnaði fyrr en tíu árum síðar þegar hún var tekin aftur til sýningar. Ein ástæða vinsældanna er tónlistin. „Höfundar tónlistarinnar, þeir Harold Arlen og I.Y. Harburg, fengu tvo mánuði til að gera tónlistina. Over the Rainbow varð síðast til og það er reyndar gaman að segja frá því að það munaði minnstu að það væri ekki með í myndinni, Louis B. Mayer [kvikmyndaframleiðanda] fannst það hægja of mikið á myndinni," segir Páll Óskar. Lagið varð svo eins og kunnugt er eitt þekktasta sönglag allra tíma í flutningi aðalleikkonunnar Judy Garland.

„Lagið er fallegt, það fjallar um vonina og þá þrá að losna úr hinum svarthvíta heimi og upplifa eitthvað annað og betra. Samkynhneigðir tóku það upp á sína arma, bæði vegna boðskaparins en þeir voru flokkaðir sem annars flokks þegnar á þessum tíma og miklu lengur auðvitað. En Judy Garland var líka átrúnaðargoð samkynhneigðra sem höfðu ríka samúð með því hvernig farið hafði verið með hana í æsku, mamma hennar og Mayer voru farin að gefa henni amfetamín á unglingsárum til þess að hún væri hressari í vinnunni. Gáfu henni svo svefntöflur svo hún gæti sofið með þeim afleiðingum að hún var orðin dópisti sextán ára," segir Páll Óskar. Útgáfa hans á Over the Rainbow hefur verið gefin út í tilefni frumsýningarinnar á leikritinu.





Erikan
er komin

3 stk.
Erika og Caluna
Veljið sjálf!
1.299 kr.

Haustlaukar
magnpakkningar!

50 stk. TÚLIPANAR 1.699 kr.
50 stk. KRÓKUSAR 1.699 kr.
20 stk. PÁSKALILJUR 1.699 kr.

Frábært verð!

# Haust í Blómavali

OPIÐ TIL KL. 21 Í SKÚTUVOGI

## ÚTSALA ÁRSINS ER HAFIN!

Pottaplöntur
síðustu dagar
25-50% afsl.

Silkiblóm
30-70% afsl.

Garðstyttur
30-50% afsl.

Útipottar
30-50% afsl.

Skreytingaefni
50-70% afsl.

Blómapottar
30-50% afsl.

Bastkörfur
30-70% afsl.

...og margt fleira



Haustlaukarnir
eru komnir!
Verð frá 349 kr.







Villidýrasýning í Skútuvogi,
á Egilsstöðum og á Selfossi

Uppstoppuð dýr af sléttum Afríku!
Nashyrningur, ljón, antílópa og fleira.
**Ótrúleg upplifun fyrir alla fjölskylduna!**

KAFFI GARÐUR
SKÚTUVOGI - OPIÐ TIL KL. 17

ALLAR HELGAR
Pylsa og kók verð
eða pizza og kók 199 kr.





Ís á
99 kr.
í Skútuvogi

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

DYNAMO REYKJAVÍK/17091I

# Siðareglurnar hjá sinfóníunni

Nú þegar aðsókn á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands er í sögulegu hámarki er ekki úr vegi að kynna sér þær óskráðu siðareglur sem þeim fylgja. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* ræddi við **Örnu Kristínu Einarsdóttur** um gamlar hefðir og tilgang þeirra.

Margvíslegar hefðir hafa skapast í kringum sinfóníutónleika sem við fyrstu sýn gætu virst óþarflega fastir í forminu. Þess þarf að gæta að mæta sérstaklega tímanlega, setjast niður í sitt sæti og láta lítið fyrir sér fara. Þá getur það verið ansi snúið fyrir óvana tónleikagesti að átta sig á því hvenær á að klappa og jafnvel enn frekar – hvenær á helst ekki að klappa á slíkum tónleikum.

Arna Kristín Einarsdóttir, tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, segir þessar óskráðu reglur og hefðir koma til af einföldum ástæðum. Þær hjálpi til við að skapa ákveðinn galdur sem verði til með sameiginlegri einbeitingu áheyrenda og hljómsveitar. „Galdurinn verður til af samspili áhorfenda í salnum og hljóðfæraleikaranna á sviðinu. Þetta er spurning um að koma sér vel fyrir, stilla sig saman og einbeita sér að því að skapa þessa stund saman.“



**ÁNÆGJA MEÐ EINLEIKINN** Stjórnandinn Vladimir Ashkenazy og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands klöppuðu Víkingi Heiðari Ólafssyni lof í lófa eftir einleik hans á opnunartónleikunum sem fram fóru í Hörpunni 8. september síðastliðinn. Þar lék Víkingur þriðja píanókonsert Rakhmaninoffs, sem álitinn er einn erfiðasti píanókonsert sem saminn hefur verið. Víkingi þótti takast svo vel upp að hann tók tvö aukalög eftir uppklapp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Að klappa eða ekki

Eitt af því sem vafist getur fyrir tónleikagestum er sú einfalda athöfn að klappa. Það er ekki svo einfalt að klappa skuli í hvert sinn sem maður verður hrifinn. Af hverju skyldi það vera? „Hefðbundin klassísk tónlist er mjög formföst og byggist upp af þremur til fjórum þáttum. Í gegnum þættina er oft verið að leika með andstæður, en það er hins vegar alltaf ákveðinn þráður sem leiðir okkur áfram. Sumir líta svo á að þessi þráður slitni þegar klappað er á milli þátta. En auðvitað viljum við að fólk sýni tilfinningar sínar og hrifningu. Það er gaman þegar fólk stendur upp og brýst út í klappi, af því það hreinlega getur ekki setið kyrrt. En almennt séð er það talið trufla hljómræna þróun tónleikanna að klappa á milli þátta.“

### Séríslenskar hefðir

Ólíkar hefðir tilheyra hinum ýmsu sinfóníuhljómsveitum. Til að mynda hefur sú hefð skapast á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands að alltaf er klappað fyrir konsertmeistaranum þegar hann gengur á sviðið. Þetta tíðkast einnig annars staðar á Norðurlöndunum, en ekki endilega á tónleikum víðar. „Við höfum haft tvær konur í stöðu konsertmeistara. Fyrst Guðnýju Guðmundsdóttur og nú Sigrúnu Eðvaldsdóttur. Þetta eru báðar stórglæsilegar konur og sjálfsagt að klappa fyrir þeim! Ætli hefðin hafi ekki bara skapast út frá því?“ segir Arna og brosir breitt.

Annað sem einkennir íslenska tónleikagesti er að þeir klappa í takt, þegar þeir vilja klappa upp hljómsveitina. Það eiga þeir sameiginlegt með Spánverjum en þetta heyrist óvíða annars staðar. En þetta þýðir hins vegar ekki að tónleikagestir geti klappað upp sinfóníuhljómsveitina eins og hún leggur sig. Sólóistar eru stundum klappaðir upp og taka jafnvel aukalag. Það gerir sinfóníuhljómsveitin sjálf alla jafna ekki. Nema þá þegar hún er á ferðalagi í útlöndum og lendir í uppklappi. Þá tekur hún alltaf sama aukalagið – Á Sprengisandi í útsetningu Páls Pampichler – sem



**ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR** Hefðirnar snúast um að auðvelda hljómsveitinni að skapa galdur.

ku vekja mikla hrifningu í hvert sinn, enda fjörugt lag þar á ferð.

### Andrúm fyrir listina

Í grunninn, segir Arna, snúast hefðirnar allar um að auðvelda hljómsveitinni að skapa galdur og gefa listinni líf, með hjálp tónleikagestanna sjálfra. Áheyrendur geri sér kannski ekki grein fyrir því hversu stórt hlutverk þeir leika sjálfir í því að vel takist til. „Áheyrendur leggja sína hlustun til stundarinnar og upplifunarinnar. Þeim mun betur sem þeir hlusta og eru meðteknir galdrinum, því magnaðri verður stundin fyrir alla. Ég held að þessar hefðir hafi þróast út frá þessu. Það er verið að skapa listinni andrúm.“

## VINSÆLDIR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR VAXA

### Margfalt fleiri sæti seld í áskrift

Það er einstök upplifun að láta hátt í hundrað þrautþjálfaða tónlistarmenn leika fyrir sig. Æ fleiri virðast vera að kveikja á þessari staðreynd, en sprenging hefur orðið í sölu á áskriftarkortum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þegar hefur sala á áskriftarkortum aukist um tæp 70 prósent á milli ára. Þegar salan í ár er borin saman við veturinn 2008 til 2009 þá eru 250 prósentum fleiri sæti seld í áskrift nú en þá. Munurinn verður væntanlega enn meiri því salan er enn í gangi.

Aðdráttarafl Hörpunnar er án vafa sterkasti þátturinn í þessari þróun. Fyrri heimkynni hljómsveitarinnar, Háskólabíó, voru ekki einungis takmörkuð hvað hljómgæði varðar, heldur var framboð af góðum sætum þar lítið.

Þeir eru ekki einungis fleiri sem sækja tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar, heldur hefur samsetning hópsins breyst og er yngra fólk nú orðið meira áberandi meðal tónleikagesta. Markaðsstarf hljómsveitarinnar hefur enda um nokkra hríð miðað að því að ná til breiðari hóps og þá ekki síst ungs fólks. Þeirri hugmynd hefur markvisst verið haldið á lofti að Sinfóníuhljómsveitin sé hljómsveit sem allir geta notið. Það virðist hafa skilað sér.




### Eins og púsluspil að raða í frátekin sæti

Fjöldi fólks er með fasta áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Margir hafa verið áskrifendur í áraraðir, jafnvel áratugi, og áskriftarkortin erfast oft frá einni kynslóð til annarrar. Áskriftarmiðum fylgja föst sæti og nú, þegar Sinfónían hefur fært sig um set yfir í Hörpuna, þurfa fastagestir að koma sér fyrir í nýjum sætum. Ekki er laust við að gætt hafi titrings meðal handhafa áskriftarkorta vegna þessa. Fastagestunum er mörgum hverjum hreint ekki sama hvar þeir eiga að sitja. Margir þeir sem vermdu bestu sætin í Háskólabíói telja sig eiga heimtingu á bestu sætunum í Hörpu líka og víst að margir hafa sérþarfir sem taka þarf tillit til.

Mikil vinna hefur farið í þetta skemmtilega púsluspil hjá starfsfólki Hörpunnar að undanförnu og reynt af fremsta megni að koma til móts við óskir áskrifendanna. Enn á eftir að leysa úr einhverjum flækjum, enda mun verkefnið jafnast á við að raða á borð í flóknustu brúðkaupsveislum. Arna Kristín Einarsdóttir, tónleikastjóri Sinfóníunnar, er þó ekki í vafa um að úr sætamálum muni leysast farsællega: „Það er ekki til slæmt sæti í Eldborg.“



## 3 GULLNAR REGLUR fyrir óreynda tónleikagesti

**1. Mættu tímanlega**

Áður en tónleikar hefjast þykir mikilvægt að allir nái ró og einbeitingu. Gildir það jafnt um áheyrendur og hljóðfæraleikara. Því þykir við hæfi að allir séu sestir tímanlega og láti lítið fyrir sér fara á meðan hljóðfæraleikararnir eru að stilla hljóðfærin sín. Áheyrandi sem mætir seint og truflar þessa stund er ekki líklegur til vinsælda. Og það þýðir ekkert að mæta eftir að tónleikar hefjast. Þá er ekki hleypt inn.

**2. Hafðu hægt um þig**

Aukahljóð utan úr sal geta pirrað tónleikagesti sem vilja komast á vald þess seiðs sem verið er að magna á sviðinu. Það er ekki gott að mæta í fötum sem skrjáfar í við hverja hreyfingu eða smjatta á karamellum meðan á tónleikum stendur. Það þykir heldur ekki sérlega skemmtilegt þegar hósta eða hnerra kveður við á viðkvæmu augnabliki. Ef þú þarft skyndilega að hnerra á miðjum tónleikum skaltu klípa þig fast í húðina á milli vísifingurs og þumalfingurs. Það er ekki þægilegt, en svínvirkar.

**3. Sparaðu klappið**

Hefð er fyrir því að klappa ekki á milli þátta í klassískum verkum, þó það sé orðið algengara í seinni tíð. Tónleikagestir í íhaldssamari kantinum eru ekki hrifnir af því. Þeir líta svo á að þráður gangi í gegnum hvert verk, sem hætt er við að slitni ef klappað er milli þátta. Það má heldur ekki þjófstarta í fagnaðarlátunum þegar verki lýkur. Þá er hætt við að lokatónarnir týnist í klappinu. Klappreglurnar stoppa ekki hér. Til að vera með á nótunum er gott að velja sér annan áhorfanda, til dæmis virðulegan gamlan mann, og gera eins og hann.

strætó.is

# FJÖLSKYLDUDAGUR STRÆTÓ

**HESTHÁLSI 14, Í DAG, LAUGARDAGINN 17. SEPT. MILLI 13 OG 16**

**Stökktu um borð með allri fjölskyldunni og taktu þátt í fjörugri dagskrá á Hesthálsi í höfuðstöðvum Strætó.**

**Frábær skemmtiatriði fyrir börn og fullorðna og gómsætar pylsur á grillinu, gos og djús á meðan birgðir endast.**

- Sveppi heilsar upp á krakkana milli kl. 13:30 og 14:30
- Þeir sem vilja fá mynd af sér í bílstjórasæti strætó
- Slökkviliðið mætir með kranabíl og hífir þig í hæstu hæðir
- Hoppukastali og fjöldi leiktækja
- Fáðu far með vagninum gegnum þvottastöðina
- Skoðaðu eldri vagna og kynntu þér söguna
- Andlitsmálun og blöðrur
- Strætókórinn tekur lagið kl. 14:30

Fjöldi vagna verður í ferðum til og frá hátíðarsvæðinu á Hesthálsi. Bæði verða ferðir frá Hlemmi, gegnum Grensás og Ártún, og einnig frá Hamraborg í gegnum Mjódd. Ferðir verða farnar á þrjátíu mínútna fresti frá öllum stöðunum. Sjá nánari tímasetningar á strætó.is

Stökktu um borð og skemmtu þér með okkur.

# Enginn vissi hvað myndi gerast

**Karl Steinar Valsson** aðstoðaryfirlögregluþjónn fluttist til Bandaríkjanna örfáum dögum eftir hryðjuverkaárásirnar hinn 11. september 2001 og varði vetrinum við starfsnám á vegum bandarísku alríkislögreglunnar. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá því hvernig þessi sérstaki tími hafði áhrif á samfélagið, samvinnu löggæslustofnana og hans eigið starf á Íslandi.

Það er varla fyrr en núna fyrst, þegar ég er fær um að setja þessa atburði og eftirköst þeirra í samhengi, sem ég átta mig almennilega á því hversu margt og merkilegt ég fékk að upplifa. Í raun og veru var þetta einstakt tækifæri, en ég gerði mér alls enga grein fyrir því þegar við tókum þá ákvörðun að fara út,“ segir Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, sem flutti til Bandaríkjanna ásamt þáverandi unnustu sinni og núverandi eiginkonu, Gyðu Björgu Olgeirsdóttir, í september 2001, örfáum dögum eftir hryðjuverkaárásirnar hinn 11. þess mánaðar.

Ástæðan fyrir vetrarlangri dvöl Karls og Gyðu í Bandaríkjunum var sú að skömmu áður hafði umsókn Karls, fyrsts útlendinga, verið samþykkt í starfsnám og -þjálfun hjá deild innan bandarísku Alríkislögreglunnar (FBI) sem sér um alla stjórnunarkennslu stofnunarinnar.

Karl, sem hefur starfað sem lögreglumaður nánast óslitið síðan 1985 og var á þessum tíma aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá forvarnadeild lögreglunnar, hafði áður sótt mörg námskeið á vegum FBI, þar á meðal hjá skóla stofnunarinnar í bænum Quantico í útjaðri Washington í Virginíuríki. „Líklega verð ég seint talinn með aðdáendum J. Edgar Hoover og þessi skóli er það eina jákvæða sem kemur upp í hugann varðandi forstjóratíð hans hjá FBI,“ segir Karl. „Hoover fyrirskipaði stofnun þessa skóla árið 1972 og lagði þar með að miklu leyti þá línu að FBI ætti að láta sig varða menntun lögreglumanna til að auka gæði löggæslu í Bandaríkjunum og víðar. Félagi minn, sem ég kynntist í gegnum fyrri námskeið sem ég hafði sótt, hvatti mig til að sækja um þessa nýju stöðu starfsnema sem ynni með deildinni sem sér um alla kennslu FBI á stjórnunarsviði. Ég sló til en tíu dögum áður en við áttum að fljúga út voru hryðjuverkaárásirnar gerðar.“



**EINSTAKT TÆKIFÆRI** Karl Steinar var fyrsti útlendingurinn sem var tekinn inn í starfsnám og -þjálfun hjá deildinni sem sér um alla stjórnunarkennslu innan FBI. Hann segir reynsluna hafa kennt sér margt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Við vorum rólegri en margir aðrir

Í hönd fóru miklar vangaveltur hjá Karli, Gyðu og fjölskyldum þeirra hvort réttast væri að halda áætlun, fresta förinni eða hætta við.

„Ég og Gyða vorum líklega rólegri en flestir aðrir,“ segir Karl og hlær, „en við skildum vel þennan titring. Auðvitað vissi enginn hvað myndi gerast. Ég ræddi við leiðbeinandann minn úti um stöðuna, hvort þessir atburðir yrðu til þess að lögregluembættin neyddust til að kalla nemendur sína út úr skólanum og kennsla félli því niður. Eins veltum við fyrir okkur hvort fleiri árásir yrðu gerðar og þá hvort sjónir hryðjuverkasamtaka myndu beinast að lögregluyfirvöldum og FBI, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Washington og einn sinn stærsta hóp mannafla í Quantico. Við ákváðum þó að fara og ég sé ekki eftir því,“ segir Karl og bætir við að þótt atburðirnir hinn 11. september hafi sannarlega verið hræðilegir hafi ástandið sem skapaðist í kjölfar þeirra líklega gert að verkum að hann hafi náð að læra og tileinka sér fleira en ella hefði orðið.

### Margir orðnir þægilega ráðsettir

Í nágrenni Quantico leigðu Karl og Gyða húsnæði hjá íslenskum hjónum og Karl sökkti sér ofan í starfið. Hann segist strax hafa skynjað þau gríðarlega miklu áhrif sem atburðarás daganna á undan hafði á flestar hliðar samfélagsins. Risavaxnar stofnanir á borð við FBI, með mörg þúsund starfsmenn, umsvifamikla starfsemi um öll Bandaríkin og tengifulltrúa víða um heim, voru þar engin undantekning.

„Það gjörbreyttist allt á þessum degi. Ég tók strax eftir því að menn voru greinilega mjög meðvitaðir um að gagngerrar endurskoðunar væri þörf og viljugir til að ráðast í slíkar aðgerðir. Fólk spurði sig spurninga á borð við: Beinist sýn okkar og áherslur í rétta átt? Hefðum við átt að sjá þessa atburði fyrir og hvað hefðum við getað gert öðruvísi? Hvað getum við lært? Í aðdraganda árásanna vissu menn ýmislegt en lásu ekki rétt í upplýsingarnar. Kannski voru margir orðnir þægilega ráðsettir og mögulega hefur þurft þetta mikla áfall til að fá þá til að hugsa sinn gang. Sem þeir gerðu, og í mínum augum einkenndi mikil dýnamík þennan tíma,“ segir Karl.

Sem aðstoðarmaður leiðbeinanda, nemandi og síðar fyrirlesari um stjórnun segist Karl hafa verið í fyrirtaks aðstöðu til að merkja hvernig áherslur breyttust í slíkri kennslu hjá FBI.

„Stofnunin tók allar sínar deildir til endurskoðunar. Sem dæmi get ég nefnt marga fundi þar sem rædd voru áhrif atburðanna á hegðun lögreglumanna sem koma að vettvangi, til dæmis orkuveri, þar sem tilkynnt hefur verið um undarlegar mannaferðir. Eru nokkrir nýir snertifletir á þeirri aðstöðu sem hafa þyrfti í huga?“ rifjar Karl upp.

### Samsvörun við íslenska stjórnkerfið

Hann segir eitt atriði ítrekað hafa komið upp í umræðu um bætta löggæslu í kjölfar atburðanna 11. september. Betri samvinnu þeirra fjölmörgu stofnana, meðal annars FBI og bandarísku leyniþjónustunnar (CIA), sem sjá um slík mál.

„Það virtist samdóma álit býsna margra að miðlun upplýsinga væri ábótavant. Þau skilaboð voru skýr að menn og stofnanir yrðu að fara að vinna betur saman,“ útskýrir Karl. „Eftir á að hyggja hef ég stundum tengt þetta ástand við íslenska stjórnkerfið. Á ferli mínum sem stjórnandi í lögreglunni hafði ég kynnst því sem kalla mætti „smákóngaveldi“ innan gæsalappa, þar sem ákveðnir einstaklingar sátu í makindum sínum og söfnuðu að sér heilum haug af upplýsingum en töldu þessar upplýsingar best geymdar hjá sér. Töldu jafnvel að upplýsingarnar gæfu sér vægi, í stað þess að átta sig á því að upplýsingarnar gæfu þeim ekki vægi fyrr en þeir byrjuðu að miðla þeim og nota á réttan hátt. Í Bandaríkjunum virðast svipuð vandamál hafa verið en á mun stærri mælikvarða. Þetta kerfi hefur heldur skánað í íslensku samfélagi en hér eru enn einstaklingar sem fylgja þessari gömlu hugmyndafræði. Mikil áhersla var því lögð á aukna samvinnu milli stofnana í Bandaríkjunum í september 2001, sem leiddi meðal annars af sér aukið vægi stofnunarinnar Homeland Security, regnhlífarstofnunar sem á meðal annars að tryggja gott samstarf milli stofnana í hryðjuverkavörnum. Þessar reglur, sem ég tók þátt í að ræða um á þessum tíma, eru enn að miklu leyti við lýði í Bandaríkjunum. Þar leikur aukin menntun stórt hlutverk.“

> Kannski voru margir orðnir þægilega ráðsettir og mögulega hefur þurft þetta mikla áfall til að fá þá til að hugsa sinn gang.

Karl telur Bandaríkjamenn hafa farið heiðarlega að því að endurskoða innviði stofnana sinna en það hafi ekki verið sjálfgefið.

„Hefði þessi atburðarás átt sér stað í öðru landi, sem hefði ekki á að skipa svo sterkri lýðræðishefð, er ég ekki viss um að menn hefðu verið reiðubúnir að ráðast í gagnrýna skoðun á sjálfum sér og gildum sínum. Einhvers staðar hefðu menn látið nægja að láta nokkra hausa fjúka og þannig viðhaldið ástandinu. Að því leyti dáist ég að því hvernig Bandaríkjamenn fóru í naflaskoðun og voru tilbúnir að læra af þeim mistökum sem gerð voru.“

### Lítið hrifinn af stöðnun

Karl segir dvölina í Bandaríkjunum hafa fest í sessi ákveðnar hugmyndir sem hann hafði áður um starfið.

„Sem stjórnandi hef ég alltaf lagt mikla áherslu á að taka ekki ákvarðanir fyrr en allir þeir hlutir sem mögulega gætu skipt máli liggja fyrir. Ég vil fá sem flesta til að vinna með mér, því þannig tel ég mestar líkur á skynsamlegri niðurstöðu. Mesti styrkur minn liggur í því að hafa náð að velja bestu fáanlegu samstarfsmennina. Í dag horfi ég á deildina sem ég sé um, í skipulagðri brotastarfsemi, og sé að mínu mati eina bestu skipuðu rannsóknardeild lögreglu sem til er. Hér er valinn maður í hverju rúmi og þess vegna hefur okkur tekist að ná góðum árangri í geysilega mörgum málum. Ekki vegna mín, heldur vegna þess að starfsmennirnir eru sterkir og fá rými til að njóta sín. Þetta fræddist ég mikið um í Bandaríkjunum.“

Hann segist vel geta hugsað sér að snúa aftur til Bandaríkjanna í umhverfið sem hann kynntist vel fyrir áratug. „Ég er lítið hrifinn af hvers kyns stöðnun. Ef ég sé ekki margt sem þarf að laga í kringum mig verð ég dálítið ókyrr. Ég hef yfirleitt gert breytingar á umhverfi mínu á fimm til sjö ára fresti og ég held að slíkt sé öllum hollt. Lykilstjórnendur eiga ekki að verða of ráðsettir.“

Tourette-samtökin á Íslandi
Hátúni 10b. 105 Reykjavík · tourette@tourette.is · 8402210

## Tourette samtökin 20 ára

**Í tilefni af 20 ára afmæli Tourette samtakanna á Íslandi bjóðum við til afmælishátíðar í Skemmtigarðinum við Gufunesveg í Grafarvogi, sunnudaginn 25. september á milli kl. 15 og 17.**

Þarna verður tækifæri fyrir krakka með Tourette, systkini, foreldra, ömmur og afa, vini og vandamenn að hittast og eiga skemmtilega stund saman. Boðið verður í minigolf og pylsur.

Nýjasta bók Tourette samtakanna, Órólfur, verður auk þess kynnt sérstaklega. Hér er um að ræða skemmtilega og gagnlega bók fyrir kvíðna krakka og foreldra þeirra. Bókin mun kosta 1400 kr. en hægt verður að fá hana á afmælishátíðinni fyrir aðeins 1200 kr. Athugið að ekki verður tekið við kortagreiðsl-um, einungis peningum.

Við viljum biðja áhugasama vinsamlegast að skrá sig á tourette@tourette.is.
**Lokadagur skráningar er 22. september.**

Með von um að sjá sem flesta,

Stjórn Tourette samtakanna á Íslandi

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGAR SALA

# BÓKAÚTGEFENDA

# BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

**VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!**

**ALLT Á AÐ SELJAST!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



~~2.990,-~~
790,-



~~5.480,-~~
1.990,-



~~11.260,-~~
3.980,-



~~1.990,-~~
990,-



~~9.900,-~~
3.990,-



TILBOÐSVERÐ
9.900,-



~~5.980,-~~
2.480,-



~~1.780,-~~
690,-



~~2.490,-~~
990,-



~~3.990,-~~
2.990,-



~~1.980,-~~
690,-



~~18.900,-~~
9.900,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · Crymogea · Setberg · Tindur bókaútgáfa · Opna · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · Útkall · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

Uppheimar · Sögur útgáfa · Ormstunga bókaútgáfa · heimur · Veröld · Skrudda · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · Bjartur

## Loðkragar og fóður

**Kannski ekki pelsar fyrir karlmenn en næsta skref við, loðkragar og fóður í jakka er ekki bara hlýtt heldur líka mjög smart. Stuttir jakkar með loðkraga, brúnir loðfrakkar, leður- og gallajakkar með loðfóðri er það sem halda á hita á karlmönnum í vetur.**


GUCCI


LOUIS VUITTON


BURBERRY PRORSUM

## Grátt og ógirt

**Grái liturinn á eftir að vera einkennandi í vetur. Dökkum og ljósum tónum blandað saman og jafnvel sami liturinn frá toppi til táar. Skyrtur leika líka stórt hlutverk í herratískunni þetta árið en núna eiga þær ekki að vera vandlega girtar ofan í buxurnar heldur ógirtar og helst undir fallegri prjónapeysu í lit. Prjónapeysur í öllum stærðum, gerðum og litum eiga að halda hita á herramönnunum í vetur.**


ACNE


3.1 PHILLIP LIM


ACNE

# LITRÍKIR OG ÓGIRTIR HERRAMENN

**Herratískan fyrir veturinn 2011-12** er margbreytileg og greinilegar sviptingar ef marka má tískuhúsin úti í heimi. Svarti liturinn víkur fyrir mikilli litadýrð. ***Álfrún Pálsdóttir*** skoðaði herratískuna fyrir komandi vetur og komst að því að síðir frakkar, lakkskór, loðkragar og ógirtar skyrtur væru það sem karlmenn ættu að klæðast í vetur vildu þeir tolla í tískunni.

## Síðir frakkar

**Frakkarnir eru komnir aftur og nú helst skósíðir. Jafnt klassískir með þremur tölum, tvíhnepptir og litríkir rykfrakkar sáust á herramönnunum á tískuvikunum í byrjun árs.**


ALEXANDER MCQUEEN


ACNE


COMME DES GARCONS

## Litadýrð

**Nú er tími til kominn að koma sér út fyrir þægindarammann og leggja svarta litnum. Sinnepsgulur, heiðblár og vínrauður voru áberandi litir á tískupöllunum. Ekki einskorða sig við einn lit í einu heldur blanda þeim öllum saman og prufa sig áfram í litagleðinni.**


CALVIN KLEIN

ALEXANDER MCQUEEN

CALVIN KLEIN

3.1 PHILLIP LIM

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

september 2011

## Karlar kenna körlum

Bjarni Gunnar Kristinsson og Björn Albertsson standa fyrir matreiðslunámskeiði fyrir karla þar sem sælkeramatur úr vönduðu og ódýru hráefni verður í fyrirrúmi.

SÍÐA 2





## Vestfirskar kræsingar

Ísfirsku hjónin og matreiðslumeistararnir Guðlaug Jónsdóttir og Karl Ásgeirsson vinna að bók um matarmenningu á Vestfjörðum. SÍÐA 6



# Einfalt að gera allt frá grunni

Sigurveig Káradóttir er ástríðukokkur sem leggur alúð í eldamennskuna og er örlát á góðar uppskriftir. Hér efnir hún til sjávarréttaveislu.

Ég geri allt frá grunni og það er einfaldara en margur heldur," segir Sigurveig Káradóttir matgæðingur og tekur sem dæmi að hún hafi aldrei keypt fars eða marineraðan mat. Brauðrasp og majónes kemur við sögu í uppskriftunum sem hér fylgja á eftir og hvort tveggja gerir hún sjálf. „Áherslur í minni matargerð snúast um hreint og ferskt hráefni. Ég kaupi til dæmis fiskinn í fiskbúð og rækta kryddjurtir heima," segir Sigurveig, sem er nýbúin er að gefa út handhægt og fallegt kver sem heitir Sultur allt árið með mörgum nýstárlegum útfærslum. Einnig er hún einn þriggja höfunda bókarinnar Hollt nesti heiman að. - gun

FRAMHALD Á SÍÐU 4

CANDY AFSLÁTTARDAGAR

15% afsláttur

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



CANDY

# PIPARSVEINN ELDAR PIZZU

**Friðrika Benónýsdóttir**

Piparsveinar kunna ekki að elda segir klisjan og allir kunna sögur af hjálparlausum karlmönnum sem varla kunna að sjóða egg, hvað þá ýsu. Á þessu eru auðvitað ótal undantekningar og af einhverri ástæðu eru flestir frægustu kokkar heims karlkyns. En klisja verður ekki klisja nema sannleikur liggi að baki og í undirbúningsvinnunni við þetta blað, þar sem bæði er rætt um matreiðslunámskeið fyrir piparsveina og vestfirska matarmenningu, rifjaðist upp fyrir mér eitt undarlegasta matarboð sem mér hefur verið boðið í. Gestgjafinn var vestfirskur piparsveinn.

Á Ísafirði í þá daga var deitmenning óþekkt fyrirbæri og óhugsandi að strákur sem var skotinn í stelpu byði henni út að borða, enda fátt um fína drætti í veitingahúsaflórunni. Piparsveinninn átti því úr vöndu að ráða þegar hann langaði að eiga með mér huggulega kvöldstund þar sem matur væri hluti af huggulegheitunum. En hann var skotinn og mikið í mun að sjarmera stúlkuna og réðist því í það stórvirki að bjóða mér heim á laugardagskvöldi og sjá sjálfur um matargerðina.



Ég mætti á tilsettum tíma, var boðið til sætis við eldhúsborðið og rétt rauðvín í vatnsglasi. Laumaðist til að líta í kringum mig í eldhúsinu en sá engin merki þess að rómantískur dinner væri í uppsiglingu. Vaskurinn var fullur af óuppvöskuðu leirtaui og það eina matarkyns sem sjáanlegt var voru Cheerios-pakkar og tekex. Drengurinn settist þó hinn rólegasti á móti mér við kámugt eldhúsborðið og spjallaði um daginn og veginn dágóða stund. Eftir svo sem hálftíma spjall spurði hann hvort ég væri orðin svöng. Ég játti því og hann spratt upp eins og byssubrenndur, opnaði frystihólfið á ísskápnum og tók út frosna pizzu. Reif af henni umbúðirnar og skellti henni serímóníulaust í örbylgjuofninn. Gramsaði síðan í leirtauinu í vaskinum um stund, dró upp tvo diska og skolaði þá lauslega. Þegar örbylgjan pípti eftir sirka fimm mínútur dró hann út frekar ógirnilega klessu, skar hana í tvennt og skellti á diskana, hnífapör voru ekki í boði. Mér tókst ekki að koma niður nema nokkrum bitum af þessu ógirnilega ostasulli og stuttu síðar þakkaði ég pent fyrir mig og lét mig hverfa. Óþarfi er að taka fram að þessi rómans varð aldrei að veruleika.

Ég hef ekki haft spurnir af þessum vestfirska piparsveini árum saman en vonandi hefur hann snúið sér að eldamennsku úr vestfirsku hráefni og skellt sér á matreiðslunámskeið sem hefur gert honum kleift að snara upp sjávarréttahlaðborði án þess að blása úr nös. Ef ekki, þá ætti Matarblaðið að þessu sinni að hjálpa honum til að lenda ekki í svona klúðri aftur.

**vísir** *Hægt er að nálgast uppskriftir úr blaðinu á Vísi*

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

| | | |
|---|---|---|
| F Forréttur | A Aðalréttur | E Eftirréttur |
| Hvunndags/til hátíðabrigða | Fiskur | Skelfiskur |

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *Sigridurdagny@365.is*









**Þátttakendur læra með einföldum aðferðum að búa til sælkeramat. Nautaribeye í súrdeigsloku er einn réttanna sem karlarnir fá að spreyta sig á.**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# FRÍ FRÁ ÚTIGRILLINU

Bjarni Gunnar Kristinsson og Björn Albertsson standa fyrir matreiðslunámskeiði fyrir karla þar sem sælkeramatur úr vönduðu og ódýru hráefni verður í fyrirrúmi.

Hugmyndin er að hjálpa körlum að fikra sig frá útigrillinu sem hefur verið hálfgert vígi karlmennskunnar í matargerð og yfir í eldhúsið. Enda er ekki nóg að setja upp svuntuna í þrjá mánuði á ári ef menn ætla að gera þetta með stæl," segir Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari um fyrirhugað námskeið þeirra Björns Albertssonar, Matargerð fyrir stráka á öllum aldri, í Tómstundaskólanum í Mosfellsbæ í október.



**Björn Albertsson.**

Eins og heitið gefur til kynna er námskeiðið stílað inn á karla og hentar byrjendum jafnt sem lengra komnum. „Fyrir sumum opnar það dyr að nýjum heimi en verður öðrum hvatning til frekari afreka í eldhúsinu," upplýsir Björn.

Námskeiðið stendur í tvo daga. „Þetta verður ekki leiðinleg sýnikennsla heldur fá karlarnir að búa til sælkeramat með einföldum aðferðum, úr góðu og ódýru hráefni," segir Bjarni. „Fyrri dagurinn er undirbúningur að þeim síðari en þá verður veislu slegið upp. „Við kennum nefnilega gott skipulag, svo hægt sé að njóta afrakstursins í rólegheitunum seinni daginn, svona rétt eins og gert er þegar halda á velheppnað matarboð." - rve

## NAUTA-RIBEYE Í SÚRDEIGSLOKU MEÐ HEIMATILBÚNUM FRÖNSKUM

### RIB EYE

*Brúnið kjöt á öllum hliðum. kryddið með salti og pipar. Eldið þar til kjarnhiti nær 57°C.*

### OFNBAKAÐIR SVEPPIR

*Skerið sveppi í bita. Veltið upp úr mataroliú. Salt og pipar eftir smekk. Bakið í ofni við 100°C í 40 mín.*

### BERNAISE-SÓSA

**2 eggjarauður**
**200 g smjör**
**bernaise-bragðefni (e. essence)**
**fáfnisgras (e. estragon)**
**salt og pipar**
**örlítill sítrónusafi**

*Þeytið eggjarauður og bernaise-bragðefni yfir vatnsbaði þar til blanda verður létt og ljós. Bræðið smjör og hellið rólega yfir. Hrærið stöðugt í. Bætið fáfnisgrasi við. Salt og pipar eftir smekk. Bætið við sítrónusafa.*



### SALAT EFTIR SMEKK

**Til dæmis salat frá Lambhaga, tómatar, rauðlaukur, jöklasalat, gúrka, paprika, klettasalat.**

### HEIMATILBÚNAR FRANSKAR

**2 bökunarkartöflur**

*Skerið kartöflur í strimla. Setjið þær í sjóðandi vatn með teskeið af salti. Sjóðið í 10 mín. Kælið.*

**HJÚPUR Á KARTÖFLUR**
**175 g hveiti**
**15 g sesamfræ**
**15 g þurrkrydd að eigin vali (hvítlaukur, fennel, karrý, paprika eða það sem er við hendina)**
**150 g sódavatn**

*Blandið öllu saman þar til engir kekkir sjást. Veltið kartöflum upp úr og djúpsteikið við 180°C þar til þær verða gullinbrúnar.*

FORRÉTTABARINN

# Forboðinn draumur

„Forréttabarinn hefur verið draumur okkar Guðmundar árum saman, því þegar maður fer út að borða langar mann oft í marga forrétti en kann ekki við að láta það eftir sér," segir matreiðslumeistarinn Ottó Magnússon, sem ásamt Guðmundi Þór Gunnarssyni – en báðir eru þeir kenndir við Humarhúsið – lætur drauminn rætast í húsi Netagerðarinnar á Nýlendugötu 14 á helgi komanda. Í húsinu verða einnig vinnustofur mikilsvirtra listamanna og allt opið á milli, sem skapar einstaka stemningu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hægt verður að gæða sér á heilum og hálfum forréttum á forréttabarnum og fanga leitað hvaðanæva úr heiminum. Um miðjan daginn verður hægt að fá sér kaffi og sætabrauð, en auk úrvals forrétta eru dýrindis aðalréttir og eftirréttir á matseðli og bjór og vín í glasa- og flöskuvís; allt á viðráðanlegu verði.

„Reykjavík hefur skort ódýran veitingastað með ljúffengum sælkeramat. Eldhúsið verður galopið og fer eldamennskan nánast fram uppi á sviði, en salurinn er einstaklega kósí og hannaður af Stássi með upprunalegum, nýtilegum hlutum úr húsinu, eins og trégólfi á barnum og vestfirskum rekaviði í borðum."


NÝTT!
Sirius
MEÐ LAKKRÍSFYLLINGU
PIPP
MEÐ LAKKRÍSFYLLINGU
NÚ ER ÞAÐ SVART...
Sirius
PIPP
Pipp er gæðasúkkulaði með
mjúkri ómótstæðilegri fyllingu.
Fáðu þér PIPP þegar þú vilt
gera vel við þig og þína.
Fíton/SÍA




ILVA Korputorgi, 112 Reykjavík
sími 522 4500 www.ILVA.is






Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pitsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is



FASTUS

Pottar og pönnur í miklu úrvali

Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum fyrir allar gerðir eldavéla.
Allt að 50 lítra pottar.
Góð gæði og frábært verð.




Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


FRAMHALD AF FORSÍÐU

1


2




Sigurveig Káradóttir er matgæðingur af bestu gerð sem leggur áherslu á hreint og holt hráefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

3


4


5


F A E

## UPPSKRIFTIR SIGURVEIGAR

### 1. RABARBARARÓNUR

**6 eggjahvítur**
**250-300 ml þykkt rabarbarasíróp**

**Setjið eggjahvíturnar í stálskál ásamt örlitlu salti og þeytið þær með handþeytara þar til þær eru orðnar vel stífar.**

*Leyfið sírópinu að bullsjóða á meðan og hellið því svo varlega í mjórri bunu út í eggjahvíturnar. Þeytið áfram þar til þetta er orðið alveg stíft. Best er að setja deigið í poka með frekar stórum stút og sprauta á pappírslagða plötu en líka má setja það á með teskeið. Bakið í ofni við 100-120 gráður þar til kökurnar eru orðnar stökkar – fer eftir stærð hversu langan tíma þær taka. Ekki hafa áhyggjur ef þær verða ekki alveg harðar – þær eru líka góðar dálítið mjúkar.*

### 2. ALGJÖRAR GELLUR

*Veltið gellunum upp úr hveiti, eggjablöndu (egg með smá mjólk) og brauðraspi með smátt söxuðu estragoni. Steikið á pönnu upp úr ólívuolíu og smjöri eina mínútu á hvorri hlið þar til raspurinn er gullinn.*



### 2. FENNEL

**2 stk. fennel**
**ólívuolía**
**smjör**
**grænmetisteningur**
**vatn**

*Hvert fennel er skorið í fjóra parta. Brúnað á pönnu í smá ólívuolíu og smjöri. Því næst er vatninu og grænmetisteningum bætt út á pönnuna þannig að rétt fljóti yfir og lok sett yfir. Leyfið þessu að malla 10 til 15 mínútur, þar til það er mjúkt en ekki komið í mauk. Takið lokið af og leyfið vökvanum að gufa aðeins upp.*

### 3. SKELFISKSOÐ

**ólívuolía og/eða smjör**
**2-3 stórir skalottlaukar**
**2-300 ml hvítvín**
**2-300 ml vatn**
**2-3 lárviðarlauf**
**2 tsk. grófmalaður svartur pipar**
**2-3 tsk. sjávarsalt**
**nokkrar greinar af estragoni (fáfnisgrasi) og/eða steinselju**
**skelfiskur**

*Saxið skalottlaukinn smátt og setjið í pott ásamt smjörinu/ólívuolíunni. Leyfið lauknum að malla þar til hann linast. Bætið þá afganginum af hráefninu út í og látið suðuna koma upp. Setjið skelfiskinn í og lok á pottinn og eftir þrjár til fimm mínútur er rétturinn tilbúinn.*

### 4. MARINERAÐUR KOLKRABBI

**200 ml hvítvínsedik**
**200 ml ólívuolía**
**2 msk. Maldonsalt**
**1 msk. grófmalaður pipar**
**1 kg soðinn og skorinn kolkrabbi**
**1-2 bakaðir hvítlaukar (sjá hér að neðan)**

*Skerið toppinn af hví lauknum en ekki taka af honum. Setjið han í álpappír, smávegis ólívuolíu yfir og Malc salt. Lokið álpappírnu bakið laukinn í ofni í mínútur við háan hita*

*Setjið allt saman í ma vinnsluvélina – nema krabbann, sem síðan settur út í. Leyfið þes að standa í nokkra tí kæli en takið það sar aðeins áður en þið b krabbann fram, svo h nái að jafna sig aðeir*

### 5. HUMAR MEÐ HVÍTLAUKSSMJÖ

**humar**
**raspur úr eigin brau afgöngum og söxuð kryddjurtum**
**hvítlaukur**
**steinselja**

*Klippið humarinn eft inni langsum. Opnið og raðið þétt á papp klædda ofnplötu.*

*Takið lint smjör og se matvinnsluvél. Saxið hvítlauk og steinselju*



**Hryggjarstykki** nefnist sýning á nýjum verkum eftir Svövu Björnsdóttur sem verður opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í dag klukkan 15. Hún verður opin um helgar til 27. nóvember.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN
í september í íslensku, stærðfræði og ensku

**NÁMSAÐSTOÐ**

Öll skólastig - Réttindakennarar

*Nemendaþjónustan sf* **www.namsadstod.is** **s. 557 9233**



**YOGA**
**MEÐ ÁSTU**



**MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI**

**BYRJENDANÁMSKEIÐ 8 VIKUR** **Tilboð 2 vikur FRÍTT**
Hefjast 19. sept, 17. okt, 14. nóv

**MORGUNYOGA 7.15** **Tilboð 2 FYRIR 1**
Hefst 20. sept

**KRAKKAYOGA LEIKSMIÐJA**
Hefst 26. sept og 31. okt.

**Frítt í yoga 19. - 23. sept.**

**Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is**
**Lótus jógasetur • www.this.is/asta**



**HAUSTMARKAÐUR**
**LAGERSALA**

**Á LAXDAL VETRAFATNAÐI**
**Í KJÖRGARÐI 2. HÆÐ**

RÝMUM FYRIR NÝJUM
VETRAR FATNAÐI

**30%-50%-70% AFSLÆTTIR**

**VETRAKÁPUR - VETRARÚLPUR**
**ULLARJAKKAR - PEYSUR - SKINN**
**O. M. FL**

**OPIÐ 13-18**

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR**

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


**Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins í knattspyrnu, er heimakær um helgar.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# *Æðislegt að tapa 11-0*

Mér líður langbest í faðmi fjölskyldunnar um helgar og fer nánast aldrei út á lífið. Það er helst að við hjónin skreppum í bíó saman en annars förum við í sund eða fótbolta með sex ára dóttur okkar," upplýsir Siggi Raggi, eins og hann kallar sig sjálfur.

En er hann þá að undirbúa þá litlu fyrir kvennalandslið framtíðar? „Nei, nei," svarar hann og skellir upp úr. „En hún æfir fótbolta og fimleika og líkar vel. Fyrsta markið sitt skoraði hún á Símamótinu í sumar en það var sjálfsmark og bara skemmtilegt. Þá tapaði hún fyrsta leiknum sínum 11-0, sem var líka æðislegt," segir Siggi Raggi, meðvitaður um helsta markmið íþróttaiðkunar barna, sem er að hreyfa sig og hafa gaman með öðrum börnum.


;FRAMHALD | 2



*Gæði & Glæsileiki*

**Mikið úrval af fallegum skóm og töskum**



www.gabor.is

Sérverslun með
Gabor®

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



BYLGJAN 989 25 ÁRA

**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00





**Sýning á ljósmyndum** franska búnaðarljósmyndarans Bruno Compagnon stendur yfir í safnaðarheimili Akureyrarkirkju, en þar gefur að líta myndir af íslenskum nautgripum og öðru búfé. Myndirnar hefur Bruno tekið á ferðum sínum um Ísland síðastliðin tvö ár.







Framhald af forsíðu

„Það er ómögulegt að sjá á börnum hvort þau eru fótboltaefni. Leikmenn koma stöðugt á óvart og þótt börn virðist áhugalaus og vankunnandi fram eftir aldri er það ekkert að marka. Í landsliðinu er ég bæði með barnastjörnur sem urðu strax afgerandi góðar og stelpur sem byrjuðu ekki að æfa fyrr en á unglingsárunum," segir Siggi Raggi, sem ólst upp í Efra-Breiðholti og byrjaði að æfa fótbolta með Leikni en spilaði síðar með Víkingi, Þrótti, KR og ÍA, ásamt því að starfa sem atvinnumaður á Englandi og í Belgíu.

„Ég byrjaði með kvennalandsliðið í ársbyrjun 2007. Þá vorum við í 21. sæti á heimslistanum en erum nú í því sautjánda. Smátt og smátt nálgumst við bestu lið heims og gætum lent í 14. sæti ef vel gengur í haust," segir Siggi Raggi, sem í dag leiðir landsliðið gegn því norska á Laugardalsvelli í undankeppni Evrópumóts landsliða.

„Það hefur komið skemmtilega á óvart að þjálfa konur. Bæði kvenna- og karlaknattspyrna hefur sinn sjarma, en ég er heillaður af því hversu mikið knattspyrnukonur eru tilbúnar að leggja á sig og hversu staðráðnar þær eru í að ná árangri. Þeim fylgja engir stjörnustælar eða óraunhæfar kröfur, og þær eru virkilega gefandi," segir Siggi Raggi, sem er iðulega spurður hvort hann ætli ekki að söðla um og taka að sér eitthvert félagsliðanna karlamegin.

„Það var stefnan í upphafi en svo er ekki lengur. Ég vinn með svo frábærum hópi og það yrði erfitt að fara frá liði eftir að hafa fjárfest svo miklum tíma í þjálfun þess."



Íslenska kvennalandsliðið hefur aldrei unnið það norska á heimavelli. Landsliðsþjálfarinn hvetur landsmenn til að mæta á völlinn klukkan 16 í dag og hvetja okkar konur til dáða, enda mikið í húfi nú og á miðvikudag gegn Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Freistar ekki einu sinni staða landsliðsþjálfara karla, sem nú er laus? „Víst væri gaman að ná svo langt einn daginn að bjóðast það starf en tíminn er varla kominn. Nú verður líklega ráðinn útlenskur þjálfari sem nær vonandi að rífa liðið upp og það verður fróðlegt að sjá hvernig hann vinnur. Eftir áratug í starfi fræðslustjóra KSÍ hef ég séð hvernig margir landsliðsþjálfarar vinna og lært sitthvað af þeim öllum," svarar Siggi Raggi.

Helgartilvera hans snýst líka um að sjá leiki félagsliða kvenna til að sjá hverjar standa sig best.

„Eitt það mikilvægasta sem ég get gert sem landsliðsþjálfari er að velja rétt lið, og mikill tími fer í það. Ég er heppinn að fá góðan stuðning að heiman því konan mín er mjög áhugasöm um boltann," segir Siggi Raggi, sem náð hefur fádæma árangri með landsliðið.

„Áhugasamur þjálfari með ástríðu fyrir starfinu á auðveldara með að hafa áhrif á leikmenn og fólkið í kringum sig. Þannig mundi ég lýsa sjálfum mér. Lykilatriði velgengninnar liggur í góðum leikmönnum, þjálfara- og stuðningsteymi. Ég lít ekki á starfið sem vinnu heldur forréttindi og þá er maður tilbúinn að leggja mikið á sig. Við viljum sjá hversu langt við komumst."

> Víst væri gaman að ná svo langt einn daginn að bjóðast starf landsliðsþjálfara karla en tíminn er varla kominn.

*thordis@frettabladid.is*












Multi-Musica hópurinn er einn af mörgum kórum og tónlistarhópum Skagafjarðar. Á myndina vantar Sigfús Arnar og Margeir Friðriksson.

# Heimsreisa í fylgd tónlistar

**Hópurinn Multi Musica heldur tónleika í Salnum í kvöld vegna útgáfu disksins Unus Mundus sem inniheldur 13 lög frá 11 löndum.**

„Skagfirðingar eru syngjandi úti um borg og bý. Það er sama hvar þú leitar," segir Ásdís Guðmundsdóttir söngkona glaðlega þegar forvitnast er um tónleika Multi Musica í Salnum. Hún segir þá samanstanda af tónlist úr öllum heimshornum. Nefnir lög eins og Guantanamera og fleiri sem margir þekkja.

„Hugmyndin kviknaði hjá mér árið 2009 þar sem ég sat flötum beinum við að sortera mína góðu geisladiska. Þar var meðal annars kvennatónlist frá Afríku, Suður-Ameríku og víðar að. Þá datt mér í hug að efna til tónleika með lögum framandi þjóða, hóaði fólki saman, sótti um styrk frá menningarráðinu og tónleikarnir urðu að veruleika fyrsta vetrardag 2009. Þegar þeir voru búnir spurði fólk: „En hvar er diskurinn?" Nú er hann sem sagt kominn og tónleikarnir í Salnum í kvöld eru útgáfutónleikar, þannig leiðir eitt af öðru.

Ásdís segir öll lögin eiga það sameiginlegt að vera hlý og skemmtileg. „Það má líkja þessu við að áheyrendur fari í heimsreisu í fylgd tónlistarinnar. Ferðalagið hefst í Mexíkó en síðan farið til Síle, Brasilíu, Kúbu, Suður–Afríku, Kenía, Indlands, Rúmeníu, Grikklands, Spánar og endað á Íslandi."

Diskurinn er gefinn út í samvinnu við Soroptimistaklúbb Skagafjarðar og Vini Kenía og rennur hluti ágóðans til Lakeview-skólans við Viktoríuvatnið í Kenía. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Miðasala er á www.salurinn.is og við innganginn.

*gun@frettabladid.is*

# BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



Land cruiser 120 vx 8 manna. Árgerð 2009, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 7.990.000. Rnr.130596. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**ÁRGERÐ 2011**
SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Árgerð 2011. Ekinn 15 Þ.KM Nýskráður 6/2011. Verð kr. 4.690.000. Nývirði 5.290.000.



**ÁRGERÐ 2011**
SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Árgerð 2011. Ekinn 17 Þ.KM Nýskráður 6/2011. Verð kr. 4.390.000. Nývirði 4.980.000



**ÁRGERÐ 2011**
HYUNDAI IX35 AWD Árgerð 2011. Ekinn 10 Þ.KM Nýskráður 6/2011. Verð kr. 4.890.000. Nývirði 5.590.000.



**ÁRGERÐ 2011**
SUBARU FORESTER BOXER DIESEL Árgerð 2011. Ekinn 17 Þ.KM Nýskráður 6/2011. Verð kr. 4.990.000. Nývirði 5.590.000.



**ÁRGERÐ 2011**
HONDA CR-V EXECUTIVE Árgerð 2011. Ekinn 5 Þ.KM Nýskráður 7/2011. Verð kr. 5.490.000. Nývirði 5.990.000

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

BÍLALIND.IS



PORSCHE 944. Árgerð 1987 (10/86), ekinn 147 Þ.km, sjálfskiptur - Orginal lakk - Ný dekk - Ný filmaður - Carbon fiber - Led ljós - Xenon í aðalljósum. Verð 1.490.000. #283389 - Virkilega fallegur fornbíll sem er í salnum, sjáðu! Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11:30-15



M.BENZ 200 W-123 línan. 07/1984, ekinn 167 Þ.KM, 4 gíra.Billinn er gjörsamlega eins og nýr. Verð 1.990.000, tilboð óskast. #283426 - Gullmolinn er í salnum, þú verður að sjá hann! Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11:30-15



M.BENZ Gl 320/420 cdi 4matic óskast. Árgerð 2007-2008, ekinn 70þKM, dísel, sjálfskiptur, 7 manna, bakkmyndavél. Staðgreiðsla í boði eða góður bíll uppí. uppl: Indriði s.771-8900

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig**
**www.bilalind.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



CADILLAC ESCALADE 4 DR Árgerð 2002 72mílur. Verð 2.440.000 Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá. Sendu á bifreidar@bifreidar.is

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**http://www.bifreidar.is**

BÍLALIND.IS



FORD F350 SUPER DUTY CREW 4X4 OUTLAW 37" breyttur Árgerð 2007, ekinn aðeins 28 Þ.KM, Verð 5.850.000. #283467

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki Grand Vitara Luxury Árgerð 8/2007, ekinn 60þ.km, leður, lúga, ssk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 2.890.000kr. Raðnúmer 152316. Sjá nánar á www.stora.is



Suzuki Grand Vitara Premium+ Árgerð 6/2011, ekinn 16þ.km, ssk. 3ja mánaða gamall bíll á frábæru verði! Verð aðeins 4.690.000kr. Raðnúmer 131754. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



SUBARU IMPREZA SPORT Árgerð 2009. Ekinn 30 Þ.KM Verð kr. 2.990.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

bíll.is
bestir í bílum...



SUN LITE 900. Árgerð 2007. Flott Pallhús með Truma miðstöðinni WC Sturtu Vetrargeymsla Fylgir Frítt með Verð 2.860.000. Skoðar ýmis skipti Rnr.133986.



TOYOTA Land cruiser 100 VX 35". Árgerð 1999, ekinn 173 Þ.KM, bensín Gott Eintak Verð 2.890.000. Rnr.134047.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

Þú getur gert kraftaverk
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



M.BENZ Clk 55 amg. Árgerð 2005, ekinn 53 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.172717.



M.BENZ M ml270cdi . Árgerð 2004, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.175602. Algjör Moli.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,



NISSAN Armada LE. Árgerð 2005, ek 67 Þ.KM, bensín, sjálfski, 315hö, Flottur, lítið ekinn og einn með öllum aukahlutum, Tilboð 2.750þ.kr, Ásett verð 3990þús.kr, Rnr.190249, Er á staðnum,



VW Touareg 2 V6, árg. 2008, ek. 52þ. km, 281hö, leður, lúga, rafmagns hleri, 19" felgur, góð heilsársdekk, Stórglæsilegur og sparneytinn bíll, Ásett verð 5990þús.kr, Rnr.116258, er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Skoda Octavia Skd 07.05.04. Sjálfskiptur, vetradekk á sér felgum fylgja. Smurbók . Ekinn 101.000 km Dráttarkúla. Reyklaus, Vel með farinn og ný skoðaður . Verð 990.000 kr Möguleiki á skiptum. Uppl. í síma 860-2632.



RENAULT MEGANE árgerð 2007, ekinn 67 þ.km. Tilboðsverð: 1.650.000. Áhvílandi 1.350.000,Mánaðarleg afb. 32.000 Skipti möguleg á ódýrari bíl eða KTM hjóli á númeri. Upplýsingar í síma 860-0363



Til sölu vegna flutnings Accent '99 skoðaður 2012. Ekin um 200þ. er í fínu standi og snyrtilegur að innan. Dráttarkúla, 2 vertradekk. Ásett verð 250.000, óska eftir tilboði. Uppl. í síma 863 1002.



Ford transit árg '97 Verd 450þ.kr simi 693 2991



Toyota Lancruser árgerð 1993, ekinn 370 þús km. Verð 1470 þúsund. Upplýs í síma 893 6985.



ISUZU TROOPER til sölu. 3.0 Dísel 9/2000 ekinn 255þ, allur ný yfirfarinn og nýskoðaður, góð dekk, krókur, verð 400.000. Uppl í síma 896-5990



Dodge Ram 2500 QUAD. Nýskráður 1/2007. Ekinn 81500 km. 35"dekk, tölvukubbur. Eyðsla ca. 13 l. Ásett verð 4,9 milj. Vel út búinn, fallegur bíll Frekari upplýsingar Guðmundur 897-3818



Toyota LC 120 VX Diesel 01.08. 79þ km, vel með farinn. Ásett 7.450þ. S.894 6066



Til sölu! Toyota Yaris Sol ár '07 Diesel sjálfskiptur. Mjög gott eintak! Keyrður 80. þúsund km. Ásett verð 1.790 þús. Uppl. í síma 8952166.



Til sölu 5 dyra sægrænn Nissan Almera Luxury árgerð 2001. Bíllinn er í mjög góðu ástandi enda búið að hugsa vel um hann. Hann er keyrður 110.000 km. Beinskiptur. 1500 vél. Dráttarkúla. Loftkæling. Samlæsing. Það er mjög rúmgott skott í bílnum. Ásett verð kr. 670.000. Staðgreiðsluverð er 590.000 Uppl. í skilaboðum eða í s. 698-1179



BMW X5- Panorama 3.0 bensín. Kom á götuna 12/2005, keyrður 90.000 km. Glerþak, leður, 19"felgur ofl. Glæsilegur bíll. Verð 4680 þús. S: 8221970



VW FOX '06 / 31Þ. km / 375Þ. ÚT / 20Þ. á mán. í 30 mán. / gsm 663 4811.



Skoda Oktavia Ambiente Árg. 05/2003 skjálfssk. ek. 125þús. Ný tímareim, nýjar bremsur, ný sk.'12 Verð 890þús tilboð 690þús. Mögl. 100% lán/30þús á mán Uppl. í s: 857 2696.



Bens A170 árg07. Skjálfsk. Ek29þ. Dekurbíll, 1 eigandi, verð 3,4m. Uppl. 8690617



TIL SÖLU PASSAT. GOTT VERÐ. Ný skoðaður VW Passat árg 97. Ekinn 174 þ. Verð 220.000.- Allar nánari uppl. s. 898-5254.



Til sölu VW Polo '98, 98 þ. km. Nýskoðaður. Ál-og stálfelgur, sumar-og negld vetradekk. Verð 255 þ. Uppl. í s. 898 2049



Toyota Corolla 1600 árg '03. Sjálfskiptur. Ek. 138 þús. Verð 1090 þús. S. 8680490



Til sölu Toyota Corolla Wagon með dráttarkrók árg. '98. Ekinn. 218 þ. Verð 400 þ. Uppl. í s. 892 9029.



Hyundai Terracan, árg.'05 ek.103þús. diesel til sölu. Sjálfssk. Uppl. í s:8986732

Grand Cherokee Limited 7/2005 ekinn 92þús. einn með öllu. Verð 2.850 þús. ákv. 1.750 þús. Skipti möguleg á ódýrari, uppl. 824-2151.

**Gullmoli !**
Kia Clarus árg '03. Ek. 155 þús. Skoðaður 2012. Bíll í toppstandi á frábæru verði. Uppl. í s. 823 1648

Peogeot Expert Turbo D árg. '00. Skoðaður. Ek. 180 þ. km. 5 gíra. S. 616 2597.

Capacent Ráðningar

# ÁHÆTTUSTÝRING

GILDI lífeyrissjóður

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og nema eignir hans yfir 250 milljörðum króna. Á árinu 2010 greiddu um 4.000 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir um 40.000 sjóðfélaga. Samtals eiga um 180.000 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum.

**Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í áhættustýringu. Um nýtt starf er að ræða innan sjóðsins sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra en felur í sér náið samstarf við eignastýringu sjóðsins.**

**Starfssvið:**
- Áhættumat og greining
- Eftirlit með fjármálalegri áhættu sjóðsins
- Mótun áhættustefnu í samstarfi við eignastýringu sjóðsins
- Greining gagna og verkferla
- Gerð og þróun líkana
- Upplýsinga- og skýrslugjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun
- Stærðfræðilega þenkjandi með hæfileika til að leysa flókin verkefni
- Reynsla af sambærilegu starfi innan fjármálafyrirtækis og/eða af störfum á fjármálamarkaði er æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritun og gagnagrunnum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og geta til að starfa undir álagi
- Góð íslensku og enskukunnátta og hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# JARÐHITAVÉLBÚNAÐUR VERKEFNISSTJÓRI

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnisstjóra vélbúnaðar til starfa við jarðhitaverkefni á virkjanadeild á þróunarsviði. Starfsstöð verður á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík en starfið krefst ferðalaga um Ísland og lengri dvalar á verkstað á framkvæmdatíma. Næstu framkvæmdaverkefni Landsvirkjunar eru fyrirhuguð á Norðausturlandi.**
Þróunarsvið er ábyrgt fyrir undirbúningi nýrra virkjana, almennum rekstrar- og virkjunarrannsóknum, nýsköpun í orkuvinnslu, umhverfisrannsóknum og ýmsum samskiptum við hagsmunaaðila.

**Meðal verkefna verða:**
- Stjórnun hönnunar og gerð útboðsgagna
- Rekstur verksamninga
- Eftirlit með uppsetningu og prófunum á búnaði
- Áætlanagerð
- Verkefnastjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framhaldsnám á háskólastigi í vélaverkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun jarðhitaverkefna
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á gufuhverflum
- Þekking á orkumálum og reynsla af faglegri vinnu þeim tengdum er kostur
- Mjög góð kunnátta í ensku
- Reynsla í verkefnastjórnun og áætlanagerð

**Við leitum að einstaklingi sem hefur:**
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Vilja til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
- Krefjandi verkefni
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Java forritun - jQuery / JavaScript

**Við óskum eftir að komast í samband við reynda Java forritara sem hafa náð góðum árangri í starfi og langar að leita nýrra tækifæra.**

## Áhugavert tækifæri í boði

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Að minnsta kosti tveggja ára starfsreynsla í Java með áherslu á vefforritun (jQuery / JavaScript)

*Umsóknarfrestur er til og með 29. september nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is)** og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** í síma 578 1145. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta

*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*

HAMAR

## Starfsmaður á vélaverkstæði

Hamar ehf er málmiðnaðarfyrirtæki með aðsetur á Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn.

Við leitum eftir stálsmiðum, vélvirkjum, rafsuðumönnum og rennismiðum á allar okkar starfsstöðvar. Eitt af okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan starfsanda á vinnustað og skila faglegum vinnubrögðum.

**Gott tak á íslenskri eða enskri tungu skilyrði**
Samkeppnishæf laun í boði.
Fullum trúnaði heitið.
Frábær vinnustaður skemmtilegt fólk.
AtH. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar í síma 660-3613
Umsóknir sendist á siggil@hamar.is

TE & KAFFI

## Te & Kaffi óskar eftir liðsstyrk
## Starfsmaður á þjónustuborð

**Starfslýsing:**
- Vinnutími frá kl.09.00-17.00.
- Símsvörun, reikningagerð og almenn afgreiðslustörf á þjónustuborði.
- Umsjón með kaffistofu.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af skrifstofustörfum.
- Reynsla af DK hugbúnaði æskileg.
- Eldri en 22 ára
- Stundvísi, heiðarleiki, jákvætt hugarfar og vönduð vinnubrögð.

Umsóknir sendist á
gudmundur@teogkaffi.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
MARINE RESEARCH INSTITUTE

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN ÍSAFIRÐI
## TÆKNIMAÐUR

Hafrannsóknastofnunin auglýsir lausa til umsóknar stöðu tæknimanns á útibúinu á Ísafirði. Starfið felst m.a. í umsjón og viðhaldi rafeindabúnaðar og neðansjávarmyndavéla. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Æskilegt er að umsækjendur hafi próf í rafeindavirkjun. Reynsla eða sambærileg menntun kemur einnig til greina.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknir sendist Hafrannsóknastofnuninni fyrir 1. október nk.**

Nánari upplýsingar veita Hjalti Karlsson, útibúinu á Ísafirði, í síma 575 2300 og Vignir Thoroddsen í síma 575 2000.

# ENGINEERS IN ELECTRO – MECHANICAL – HYDRAULIC – AUTOMATION

Jobconnect

## EXCITING JOB OPPORTUNITIES ARE WAITING IN NORWAY.

***Jobconnect – Staffing and recruiting agency***
***On behalf of:***

***National Oilwell Varco Norway AS***
National Oilwell Varco Norway AS is a 100% owned subsidiary of National Oilwell Varco Inc., which has its head quarter in Houston, Texas. National Oilwell Varco is a worldwide leader in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production. The National Oilwell Varco Norway AS headquarter is in Kristiansand, with branch offices in Stavanger, Molde, Asker and Arendal and subdivisions in Tønsberg and Trondheim.
**www.nov.com**

***General qualifications and skills*:**
We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers (BSc. or MSc.).
It is also important with good communication skills in English.

***One or more of the following points is a plus:***
- Experience from the offshore -, engineering- or mechanical industry.
- Knowledge of hydraulic systems and components.
- Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
- Experience and knowledge of steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

***We can offer you:***
- A young and informal environment that is characterized by trust and openness.
- Good conditions and exciting career opportunities in Norway and worldwide.
- Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development.
- Competitive salary terms and good insurance.

A great working environment.

Please send your CV, transcript of grades and application letter in English within the 20th of September to the contact person below. Interviews will be held in Reykjavik (depending on number of applicants). The applicants invited to an interview will be notified of exact date and time.

Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect, E-mail: karianne@jobconnect.no,
Web-page: www.jobconnect.no

NOV NATIONAL OILWELL VARCO

# VILT ÞÚ VERA HLUTI AF FRÁBÆRU SÖLUTEYMI?

Vegna aukinna umsvifa óskar Íslensk Ameríska hf. eftir öflugum sölumanni
Við leitum að einstaklingi með matreiðslumenntun og/eða góða reynslu á því sviði.
Viðkomandi mun sinna sölu á matvörum og rekstrarvörum fyrir stóreldhús og mötuneyti og þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
Sala á vörum fyrirtækisins.
Öflun og viðhald viðskiptasambanda.
Gerð sölu- og innkaupaáætlana.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Menntun eða mikil reynsla í matreiðslu.
Góðir sölu- og samskiptahæfileikar.
Almenn tölvukunnátta.
Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
Reynsla af sölumennsku er kostur

*Íslensk Ameríska (ÍsAm) er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍsAm á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna, auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Marlboro, Pampers, Ariel, Always, Gillette, Duracell, Head & Shoulders, Pringles, BKI, Campbells, Finn crisp, Oscar, Puratos, AVO, Jadico, Belcolade, Ping ofl. Hjá Íslensk Ameríska starfa nú um 350 manns. Stefna ÍsAm er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.*

Upplýsingar um starfið veitir Helga B. Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til Íslensk Ameríska, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík merkt starfsmannastjóra í síðasta lagi 30. septemer 2011

**Ánægt starfsfólk er okkar metnaður**

ÍsAm

**Íslensk Ameríska hf. • Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík**
**sími 522 2700 • www.isam.is**

---

Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur

# Hugbúnaðarsérfræðingar

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar leitar að öflugum starfsmönnum í þróunarhóp en Reykjavíkurborg rekur eitt stærsta og fjölbreyttasta upplýsingatækniumhverfi landsins með um 25.000 tölvunotendur.

Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna í öflugum hópi starfsmanna við að leysa fjölbreytt verkefni.

### Hugbúnaðarþróun/veflausnir

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Þróun veflausna hjá Reykjavíkurborg
- Vefþróun í Content XXL vefumsjónarkerfi
- Tengingar við önnur kerfi
- Þarfagreining og ráðgjöf varðandi veflausnir
- Samskipti og ráðgjöf við svið og stofnanir borgarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla við hugbúnaðargerð og vefforritun
- Reynsla af forritun í .NET
- Góð þekking á HTML, CSS, Java Script og SQL fyrirspurnum
- Haldgóð þekking á gagnagrunnum
- Þekking á vefþjónustum og gagnatengingum
- Þekking á virkni og uppbyggingu vefumsjónarkerfa
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi

### Hugbúnaðarþróun/sérsmíði

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Þróun hugbúnaðarlausna
- Sérsmíði, viðbætur og lagfæringar við velferðarkerfi
- Samþætting kerfa og gagnagrunna
- Ráðgjöf og þjónusta við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla við hugbúnaðargerð
- Reynsla af Lotus Notes forritun æskileg
- Þekking á Visual Basic, JavaScript og Java er kostur
- Þekking á vefþjónustum og gagnatengingum
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar, UTM fer með forystuhlutverk í upplýsingatæknimálum borgarinnar. UTM gegnir þjónustuhlutverki við viðskiptavini sína sem eru svið og stofnanir Reykjavíkurborgar og er ætlað að annast rekstur og þróun upplýsingatæknibúnaðar borgarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hjörtur Grétarsson upplýsingatæknistjóri Reykjavíkurborgar (hjortur.gretarsson@reykjavik.is) og María Guðfinnsdóttir þróunarstjóri Upplýsingartæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar (maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is) í síma 411 1900.

Umsóknafrestur er til 25. September 2011. Sækja skal um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, undir Auglýsingar, Störf í boði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 56401 09/11




# VERKEFNASTJÓRI Í ÞJÓNUSTUDEILD
## PROJECT MANAGER IN CUSTOMER SERVICES

Tækniþjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkurflugvelli óskar eftir verkefnastjóra í þjónustudeild félagsins.

**STARFSSVIÐ:**
- Stýring verkefna sem snúa að móttöku, viðhaldi og afhendingu á flugvélum
- Ábyrgð á tækniþjónustu við viðskiptavini
- Samningagerð
- Stýring umbótaverkefna
- Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða flugvirkjunar
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Þekking á tíma- eða verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af starfi sem snýr að tækniþjónustu flugvéla er kostur
- Reynsla við samningagerð

Um er ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi og vinna sem hluti af liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

**Fyrirspurnum svara:**
Hafliði Jón Sigurðsson | 4250 175 | haflidi@its.is
Kristín Björnsdóttir | 5050 155 | stina@icelandair.is

**Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 25. september 2011.**

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar tók til starfa 12. september 2011. Markmið með stofnun sviðsins eru að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra og stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar ásamt því að auka þverfaglegt samstarf.

# Staða skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla og frístundaheimili í Ártúnsholti

**Auglýst er eftir skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla og frístundaheimili í Ártúnsholti. Skólinn verður til við sameiningu leikskólans Kvarnaborgar, Ártúnsskóla og frístundaheimilisins Skólasels í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 19. apríl sl. Hinn nýi skóli tekur til starfa 1. janúar 2012.**

Skólastjórinn mun stýra þróun skóla- og frístundastarfs í nýjum sameinuðum skóla. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, er með góða og víðtæka þekkingu á skóla- og frístundastarfi og metnaðarfulla sýn.

Nánari upplýsingar um skólana og frístundastarfið er að finna á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, í auglýsingum um störfin á starfavef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf og á heimasíðum skólanna og frístundaheimilisins.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla, skólastefnu Reykjavíkurborgar og starfsskrá skrifstofu tómstundarmála.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.
- Bjóða börnum fjölbreytt frístundastarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið leikskóla- eða grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leik- eða grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Þekking og/eða reynsla af frístundastarfi með börnum æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum.

Óskað er eftir því að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn á þróun og samþættingu starfs í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskóla- eða grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2012. **Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2011**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Valgerður Janusdóttir og Ingunn Gísladóttir mannauðsstjórar í síma 411-1111 netföng: valgerdur.janusdottir@reykjavik.is, og ingunn.gisladottir@reykjavik. is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Fasteignasalan RE/MAX Senter óskar eftir að ráða vana sölumenn til starfa.

Á RE/MAX Senter vinnur hæfileikaríkt fólk sem myndar samheldin hóp og leggur sig fram við að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu.

Við leggjum ríka áherslu á fagleg vinnubrögð og þjónustu-lund.Í boði er skemmtilegur vinnustaður og frábær aðstaða. Æskilegur aldur er 28 ára og eldri. Áhugasamir geta sent ferilskrá á venni@remax.is

RE/MAX SENTER

FAAS

## Starfsmaður óskast til starfa í dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun

**Við leitum að** skapandi starfsmanni til að taka þátt í fjölbreyttu og gleðiríku starfi. Starfið felst í umönnun og þjálfun einstaklinga með heilabilun. Um er að ræða starf við dagþjálfun í Drafnarhúsi í Hafnarfirði.

Við leggjum áherslu á góða samvinnu og fagmennsku. Laun eru samkvæmt launakjörum viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Erla Einarsdóttir forstöðumaður í síma 534-1081 eða 695-3464 og á netfanginu drafnarhus@internet.is

Umsóknir sendist fyrir 23. september n.k. til forstöðumanns Drafnarhúss, Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði. Öllum umsóknum verður svarað.



Einar Ágúst , kerfisfræðingur frá Rafiðnaðarskólanum með MCSE og MCITP gráðu frá Microsoft.

# Ertu tæknilega á lausu?

Síminn leitar að fjórum nýjum liðsmönnum í spennandi störf. Ef þú leitar að starfi í krefjandi starfsumhverfi, hefur brennandi áhuga á einhverju eftirtalinna sviða og starfsreynslu sem því tengist þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

Síminn sérhæfir sig í hýsingu og rekstri tölvukerfa. Með því að fela Símanum tölvureksturinn geta fyrirtæki einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni og látið sérfræðinga Símans um að hugsa um tölvukerfin.

Hornsteinn Símans er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni sem byggir á öflugri liðsheild.

Við leitum að starfsmönnum með afbragðs þjónustulund og góða samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til 30. september nk.**

Fyrirspurnum svarar Ragna Margrét Norðdahl (ragnam@skipti.is).
Umsóknir berist í gegnum www.siminn.is

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

# Lögfræðingur
## – skatteftirlit

Ríkisskattstjóri leitar að öflugum og jákvæðum lögfræðingi til starfa við skatteftirlit. Um er að ræða ráðningu til eins árs vegna fæðingarorlofs og námsleyfis. Mögulegt framhald ráðningar verður skoðað í lok þess tíma.

Helstu verkefni eru að leggja mat á gögn og upplýsingar frá gjaldendum, boða og úrskurða um gjaldabreytingar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- **Cand. jur. eða próf á meistarastigi á sviði lögfræði**
- **Mjög gott vald á rituðu máli**
- **Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð**
- **Mjög góð samskiptahæfni**
- **Góð almenn tölvukunnátta**
- **Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg**

Umsækjendur gætu þurft að undirgangast hæfnispróf.

Upplýsingar um störfin veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442-1151.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu embættisins, www.rsk.is, eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir þarf að fylgja með.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2011. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

*Upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu þess www.rsk.is.*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar tók til starfa 12. september 2011. Markmið með stofnun sviðsins eru að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra og stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar ásamt því að auka þverfaglegt samstarf.

# Stöður skólastjóra við þrjá grunnskóla í Reykjavík

**Auglýstar eru til umsóknar þrjár stöður skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík. Skólarnir verða til við sameiningu Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla, Borgaskóla og Engjaskóla, Korpuskóla og Víkurskóla í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 19. apríl sl. Hinir sameinuðu skólar taka til starfa 1. janúar 2012.**

Skólastjórarnir munu stýra þróun skólastarfs í nýjum sameinuðum skólum. Leitað er að einstaklingum sem búa yfir leiðtogahæfileikum, eru með góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla sýn.

Nánari upplýsingar um skólana er að finna á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, á heimasíðum skólanna og í auglýsingum um störfin á starfavef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum.

Óskað er eftir því að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjenda á starf í sameinuðum grunnskóla.

Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. janúar 2012. **Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2011**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veitir Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri: valgerdur.janusdottir@reykjavik.is, sími 411-1111

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

## Microsoft sérfræðingur

**Starfslýsing:**

Rekstur miðlægra upplýsingatæknikerfa Símans, bæði innri- og hýsingarumhverfi. Samskipti og samvinna við aðrar deildir Símans sem og viðskiptavini.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Mjög góð þekking á MS stýrikerfum nauðsynleg
- 3ja til 5 ára reynsla af rekstri, hönnun og uppsetningu tölvukerfa
- Microsoft vottun, t.d. MCSE eða MCITP, Microsoft Certified IT Professional - Enterprise Administrator
- Afbragðs þjónustulund, sjálfstraust til að vinna verkefni frá a-ö ásamt hæfileikum til þess að vinna í hópi
- Þekking á MS Exchange, Terminal Server, MS OCS, MS SharePoint, MS SQL, IIS og BES Server er kostur
- Þekking á IBM og HP vélbúnaði kostur

## Tæknimaður á þjónustuborði – notendaþjónusta

**Starfslýsing:**

Tæknileg aðstoð til fyrirtækja. Uppsetningar- og bilanagreiningar á notendavélum, uppsetningar á prenturum og almenn þjónusta.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf
- Afbragðs þjónustulund
- Hæfni til að tileinka sér tækninýjungar og læra nýja hluti
- Þekking á Microsoft stýrikerfum og öðrum Microsoft hugbúnaði
- Þekking á DNS og póstþjónustu
- Þekking á GSM/Blackberry símum – snjallsímum
- Þekking á virkni og uppsetningum á prenturum fyrir fyrirtæki
- MCP, MCSA, MCSE eða MCITP góður kostur

## Netsérfræðingur á víðneti

**Starfslýsing:**

Rekstur á Cisco búnaði fyrir viðskiptavini. Uppsetningar á Cisco netbúnaði. Uppsetningar á Wi-Fi og netbúnaði. Uppsetningar á VPN tengingum. Eftirlit og viðhald á nettengingum fyrir viðskiptavini.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- A.m.k. 2 ára reynsla af uppsetningu og rekstri Cisco búnaðar
- Góð þekking á „IP routing protocol“
- Þekking á Cisco netbúnaði (LAN/WAN)
- Þekking á Wi-Fi búnað
- Þekking á VPN hugbúnaði
- Afbragðs þjónustulund, sjálfstraust til að vinna verkefni frá a-ö ásamt hæfileikum til þess að vinna í hópi
- Cisco CCNA er góður kostur

## Tæknimaður á þjónustuborði – símsvörun

**Starfslýsing:**

Tæknileg aðstoð til fyrirtækja og úrlausn í fyrstu snertingu. Símsvörun, úrvinnsla úr póstbrunnum og verkbeiðnakerfum. Gerð verkbeiðna og eftirfylgni þeirra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf
- Afbragðs þjónustulund
- Eiga auðvelt með að tileinka sér tækninýjungar og læra nýja hluti
- Þekking á Microsoft stýrikerfum og öðrum Microsoft hugbúnaði
- Þekking á DNS og póstþjónustu
- Þekking á GSM/Blackberry símum - snjallsímum

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM47954

Icefresh GmbH

# Vélvirki

Icefresh GmbH er fiskvinnslufyrirtæki í Þýskalandi, sérhæft í vinnslu og sölu á ferskum fiskafurðum, aðallega úr norsku hráefni. Icefresh GmbH er dótturfyrirtæki Samherja hf.

**Icefresh GmbH óskar eftir að ráða vélvirkja til starfa í landvinnslu í Þýskalandi.**

Starfið felur í sér rekstur, viðhald og eftirlit með tækjum og vélbúnaði félagsins. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Hæfniskröfur**
- Skilyrði er að geta unnið sjálfstætt
- Góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla af tækjum og vélbúnaði tengdum fiskvinnslu
- Snyrtimennska og reglusemi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir berist til Önnu Maríu Kristinsdóttur, starfsmannastjóra Samherja hf anna@samherji.is

# Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara

Staða aðstoðarmanns sjúkraþjálfara hjá MS Setrinu er laus til umsóknar. Um er að ræða gefandi starf með yngri fötluðum / langveikum einstaklingum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta og er starfshlutfall 80-100%. Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á mssetrid@msfelag.is, fyrir 26. sept. merkt **„atvinna"**.

MS Setrið • Sléttuvegi 5 • 103 Reykjavík
Sími 568 8630 • www.msfelag.is

þekking · þjálfun · þjónusta
MS Setrið

Umboðsmaður skuldara

## Embætti umboðsmanns skuldara óskar eftir að ráða í eftirtalin störf

**Sviðsstjóri úrræðasviðs** hefur umsjón með daglegri starfsemi sviðsins, er annast fjölbreytt störf sem varðar úrlausnir fyrir umbjóðendur embættisins s.s. greiðsluaðlögun auk annarra þeirra sérhæfðu verkefna er falla til hverju sinni.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun og/eða marktæk reynsla er nýtist í starfi. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni, fagleg vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum. Leitað er að árangursdrifnum og metnaðarfullum stjórnanda.

**Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs** hefur umsjón með daglegri starfsemi sviðsins og veitir öðrum sviðum embættisins faglegan stuðning. Sviðið annast m.a. svörun erinda, umsagnir um lagafrumvörp og álitaefni auk úrlausnar vafamála og annarra sérverkefna.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögfræði og marktæka reynslu af störfum og stjórnun á lögfræðisviði. Áhersla er lögð á sjálfstæð, skipuleg og fagleg vinnubrögð. Við leitum að metnaðarfullum og árangursdrifnum stjórnanda.

**Störf umsjónarmanna** sbr. lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun. Viðkomandi hafa m.a. umsjón með gerð greiðsluaðlögunarsamninga, annast innkallanir og samningsumleitanir við kröfuhafa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögum eða meistarapróf í lögfræði, en kostur er umtalsverð reynsla af lögfræðistörfum hjá lögmannsstofum. Áhersla er lögð á skipuleg og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**Störf lögfræðinga**, en meðal verkefna eru lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi BA próf og/eða meistarapróf í lögfræði, en marktæk reynsla af sambærilegu er kostur. Áhersla er lögð á sveigjanleika, þjónustulipurð og metnað til árangurs í starfi.

**Viðskiptafræðingar**, en meðal verkefna er ráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði reksturs og viðskipta, en marktæk þekking og reynsla af sambærilegu er nauðsynleg. Áhersla er lögð á skipuleg og fagleg vinnubrögð, þjónustulund, sjálfstæði og metnað til árangurs í starfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 26. september nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ, **netfangið: stra@stra.is.** Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ** veitir nánari upplýsingar, sjá nánar **www.stra.is**.

**Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Stofnunin heyrir undir velferðarráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

www.stra.is
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

STRÁ

# NÝR VEITINGASTAÐUR OPNAR!

**TAPASHÚSIÐ** VIÐ GÖMLU HÖFNINA ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

FAGLÆRÐA MATREIÐSLUMENN
FAGLÆRÐA FRAMREIÐSLUMENN
MATREIÐSLUNEMAR
STARFSFÓLK Í ELDHÚS Í HLUTASTARF
STARFSFÓLK Í SAL Í HLUTASTARF
UPPVASK & ÞRIF UM HELGAR

JÁKVÆTT OG SKEMMTILEGT FÓLK SKILYRÐI

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 869-0727, VIGDÍS YLFA. EÐA INFO@TAPASHUSID.IS

Tapas húsið Restaurant & Bar

Tapashúsið - Ægisgardur 2 - Sólfellhúsið - 101 Reykjavik - 512 81 81 - info@tapashusid.is - www.tapashusid.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Sérfræðingur í geðhjúkrun

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í geðhjúkrun á geðsviði Landspítala.

Sérfræðingur í hjúkrun starfar samkvæmt starfslýsingu en meginhlutverk auk klínískra starfa er ráðgjöf og kennsla til starfsfólks og nemenda auk rannsókna- og þróunarvinnu. Ennfremur felur starfið í sér uppbyggingu, samræmingu og skipulagningu þjónustu við sjúklinga í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir. Næsti yfirmaður er deildarstjóri ferli- og bráðaþjónustu 31E.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Geðhjúkrun, klínísk störf á ferli- og bráðaþjónustu geðsviðs
- Þróun hjúkrunar innan sérgreinar
- Kennsla og rannsóknir
- Innleiðing nýrra verkferla
- Þróun þjónustu geðsviðs við sjúklinga með geðræn vandamál sem leita til bráðasviðs LSH
- Handleiðsla og ráðgjöf

### Hæfnikröfur
- Meistara- eða doktorspróf í geðhjúkrun
- Sérfræðileyfi í geðhjúkrun í samræmi við reglugerð nr. 124/2003 um sérfræðileyfi í hjúkrun
- 5 ára starfsreynsla
- Góðir samstarfshæfileikar

### Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2011.
- Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. nóvember 2011 eða eftir samkomulagi.
- Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi ásamt afriti af ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt.
- Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.
- Upplýsingar veita María Einisdóttir, mariaein@landspitali.is, sími 543 4032/ 824 5404 og Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir, gudrgrim@landspitali.is, sími 543 4038/ 824 5809.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, LSH stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

**Verslunarstjóri - Lifandi starf**

Við hjá Lín Design leitum að öflugum verslunarstjóra í 100% starf. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá ört vaxandi fyrirtæki sem leitar að þjónustuliprum, jákvæðum og skapandi einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og er góður í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í almennri verslunarstjórn en menntun mætti gjarnan tengjast listasviði, s.s. hönnunar- útstillinga- og markaðsmálum.

Umsóknir berist ásamt ferilskrá á netfangið bragi@lindesign.is fyrir föstudaginn 30. september.

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

## LÖGGILTUR FASTEIGNASALI ÓSKAST

**Landmark fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala til að sjá um skjalagerð.**

Mjög góð vinnuaðstaða, góð kjör og frábær andi í boði. Reynsla er æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjanda berist á netfangið sigurdur@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

**Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.**
Umsóknarfrestur er til og með **30. september 2011**.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **September 30, 2011**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

## Heilsugæslulæknir

**Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir lækni til starfa.**

Æskilegt er að um sérfræðing í heimilislækningum sé að ræða, en til greina kemur að ráða lækni í afleysingarstarf til lengri eða skemmri tíma. Æskilegt er að viðkomandi geti verið í fullu starfi, en hlutastarf kemur einnig til greina.

Heilsugæslustöðin er rekin af Salus ehf. samkvæmt samningi við Velferðarráðuneytið. Sjö heimilislæknar starfa á stöðinni og sinna hefðbundnum heimilislækningum, mæðra- og ungbarnavernd, en einnig skólaheilsugæslu. Læknar stöðvarinnar geta starfað á Læknavaktinni utan dagvinnutíma.

**Umsóknarfrestur til 24. október n.k.**

Upplýsingar um starfið veita læknarnir Böðvar Örn Sigurjónsson og Haukur Valdimarsson í síma 590-3900 eða á netfangið salus@salus.is

Umsóknir sendist Böðvari Erni Sigurjónssyni, yfirlækni Heilsugæslunni Salahverfi,
Salavegi 2, 201 Kópavogi.

# ATVINNA - Hjólbarðaþjónusta

**Gúmmívinnslan** leitar að traustum starfsmanni í þjónustustöð sína að Tangarhöfða 15 í Reykjavík.



### Helstu verkefni:

Almenn hjólbarðaþjónusta.

Sala og afgreiðsla á hjólbörðum og öðrum vörum fyrirtækisins.

Samskipti við viðskiptavini.

Önnur tilfallandi störf.

### Hæfniskröfur:

Starfsreynsla á hjólbarðaverkstæði er mikill kostur.

Stundvísi og áreiðanleiki.

Góð samskiptahæfni og þjónustulund.

Umsóknareyðublöð á staðnum.
Allar nánari upplýsingar veitir Gestur J. Árskóg í síma 840 7905.

GÚMMÍVINNSLAN

**GÚMMÍVINNSLAN** er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri. **GÚMMÍVINNSLAN** er öflugt fyrirtæki á sviði hjólbarðasölu og allri tengdri þjónustu.

**Tangarhöfða 15 - 110 Reykjavík - Sími: 577 3080 - 840 7905**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Störf hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands

## Fræðslustjóri

**Starfið** er nýtt og mun fræðslustjóri fá tækifæri til að móta og framkvæma fræðslustefnu fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Viðkomandi stýrir fræðslustarfi, sem felst í að opna heim tónlistar fyrir börnum, ungu fólki og fullorðnum, m.a. með skólatónleikum og tónleikakynningum. Innan fræðslustarfs fellur einnig umsjón og ritun tónleikaskrár, sem og fræðslu- og kynningarefnis m.a. á vef hljómsveitarinnar. Þá ber fræðslustjóra að rækta og efla samskipti við skóla og tónlistarskóla auk þess að halda utan um starfsemi Ungsveitar SÍ. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi góða þekkingu á sígildri tónlist og tónlistarsögu auk þess að hafa brennandi áhuga á að starfa með fólki á öllum aldri og löngun til að miðla tónlist til barna og fullorðinna. Háskólamenntun í tónlist og/eða fræðasviðum tónlistar er æskileg. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góð tök á íslensku í ræðu og riti og eigi auðvelt með að koma fram, auk þess sem góð enskukunnátta er skilyrði.

## Starfsmannastjóri

**Starfsmannastjóra** ber að móta og hrinda í framkvæmd starfsmannastefnu hljómsveitarinnar. Hann annast starfsmannahald, gerð starfsáætlana, ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með mönnun hljómsveitarinnar fyrir sérhvert verkefni. Þá sér starfsmannastjóri um undirbúning og framkvæmd áheyrnarprófa og er tengiliður við hljóðfæraleikara varðandi starfsaðstöðu og hollustuhætti á vinnustað. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til starfsfólks og stýrir innri vef hljómsveitarinnar. Starfsmannastjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og er honum til aðstoðar við starfsmannahald á skrifstofu.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði mannauðsstjórnunar eða sambærilega háskólamenntun. Þekking á íslensku tónlistarlífi er æskileg. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni, fagleg vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 3. október nk. Gengið verður frá ráðningum sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðkomandi stéttarfélags. **Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ Starfsráðningum ehf.**

**Guðný Harðardóttir** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum.

www.stra.is

STRÁ
Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík



# Kanntu lagið á jeppadekkjum?

## Arctic Trucks óskar að ráða vanan dekkjamann

með mikla reynslu af vinnu við jeppadekk. Þarf að geta unnið sjálfstætt, búa yfir ríkri þjónustulund, vera samviskusamur og vandvirkur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallveig Andrésdóttir starfsmannastjóri, sími 540 4911.
Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Arctic Trucks, **www.arctictrucks.is.**
Umsóknir sendist á **umsokn@arctictrucks.is.**
**Umsóknarfrestur er til 25. september n.k.**

Arctic Trucks - Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - sími 540 4900 - www.arctictrucks.is

**Arctic Trucks** er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum.

**Arctic Trucks** hefur sérhæft sig í jeppabreytingum og er þekkt vörumerki á því sviði víða um heim.

---

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Viltu vinna með börnum og ungmennum?

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa með börnum og ungmennum.

Vinnutími er frá 13.00 - 17.00.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Uppeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma á ársgrundvelli.

Karlar jafnt sem konur á öllum aldri eru hvött til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Ellert Baldur Magnússon æskulýðsfulltrúi. Senda má fyrirspurnir á ellert@hafnarfjordur.is eða hafa samband við Skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5750 eða 664-5510.

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar „Starfsfólk – börn og ungmenni" eða með rafrænum hætti á ellert@hafnarfjordur.is.

Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála.

---

MJÓLKURSAMSALAN

# Sölufulltrúi á fyrirtækjamarkaði

Mjólkursamsalan ehf óskar eftir að ráða sölufulltrúa í söludeild fyrirtækisins í Reykjavík.
Starfið felur í sér heimsóknir og sölu til viðskiptavina í matvælaiðnaði, veitingahús og stóreldhús á fyrirtækja- og stofnanamarkaði auk sérhæfðrar þjónustu.

- Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, vera sjálfstæður, stundvís, skipulagður og eiga gott með mannleg samskipti.
- Starfsreynsla sem sölufulltrúi á svipuðum markaði og- eða reynsla og tengsl við matvælageirann er skilyrði.
- Vinnutími er frá 8.00-16.15 alla virka daga

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. nóvember.
Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn H Magnússon, sölustjóri í síma 569 2257.

Umsóknarfrestur er til 26. september og skulu umsóknir ásamt ítarlegri ferilsskrá með mynd og meðmælendum, berast í netfangið adalsteinnm@ms.is

*Mjólkursamsalan ehf er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda og er eitt stærsta og traustasta matvælafyrirtæki landsins. Félagið rekur 5 starfsstöðvar víðs vegar um landið. Hjá félaginu starfa um 390 starfsmenn og er ársvelta um 20 milljarðar kr. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins www.ms.is*

---

RÍKISKAUP

## Lögfræðingur á Lögfræðisvið

Ríkiskaup óska eftir að ráða lögfræðing í fullt starf á Lögfræðisvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins.

**Meðal helstu verkefna eru:**
- Ráðgjöf vegna opinberra innkaupa
- Greining og úrlausn lögfræðilegra álitaefna
- Samningsgerð
- Greinargerðir vegna kærumála
- Skjalagerð vegna eignasölu
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embætis- eða meistarapróf í lögum
- Krafist er 3-5 ára starfsreynslu
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Leitað er að einskaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.

*Ríkiskaup er þjónustufyrirtæki í fremstu röð þar sem vilji er til að alltaf séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni. Ríkiskaup gera gott fólk betra.*

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur I. Guðmundsson, yfirlögfræðinmgur í síma: 530 1411 eða á netfanginu: gig@rikiskaup.is

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir 5. október n.k.

---

FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni. Fiskistofa annast jafnframt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.*

# Staða deildarstjóra hugbúnaðardeildar Fiskistofu

Laus er til umsóknar ný staða deildarstjóra hugbúnaðardeildar Fiskistofu að Dalshrauni 1 Hafnarfirði. Næsti yfirmaður er forstöðumaður rekstrarsviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Daglег stjórnun og ábyrgð á verkum hugbúnaðardeildar
- Leiðtogi hugbúnaðarþróunar og þátttaka í stefnumótun á því sviði
- Forritun hugbúnaðarlausna
- Þátttaka í þarfagreiningu, hönnun, forritun og prófun hugbúnaðarverka
- Þátttaka í almennri stefnumótun deildarinnar

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Framúrskarandi forritunarkunnátta og a.m.k. 5 ára starfsreynsla í forritun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Kunnátta í forritun á móti ORACLE gagnagrunni
- Góð greiningarhæfni og hæfileikar til að leysa stór verkefni
- Hæfni til að starfa í hópi
- Frumkvæði, sveigjanleiki ásamt lipurð í mannlegu samskiptum

Páll Guðmunds
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Laufrimi 28

112 Reykjavík
Frábær kaup.

**Stærð: 62,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1995**
**Fasteignamat: 12.900.000**

RE/MAX Lind




**Opið hús laugardag 16:00-16:30** | **Verð: 15.900.000**

Falleg íbúð með sér inngangi og sér afgirtum garði.
Gengið inn í flísalagða forstofu, fataskápur. Geymsla/þvottahús innan íbúðar, flísalagt. Flísalagt baðherbergi með sturtubaðkari. Rúmgott svefnherbergi með góðum fataskápum. Samliggjandi eldhús, borðstofa og stofa, gengið úr stofu út í sér afgirtan garð, hellulögð verönd. Á gólfi stofu, eldhúss og svefnherbergis er plastparket.
Eign sem nýtist virkilega vel.


Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Hörgatún 1

210 Garðabær
EINBÝLISHÚS MEÐ MIKLUM MÖGULEIKUM

**Stærð: 328,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1960**
**Fasteignamat: 55.300.000**

RE/MAX Lind




**SUNNUDAG 18.SEPT FRÁ 17:30 - 18:00** | **Verð: 59.900.000**

Mjög tignarlega og vandað einbýlishús á frábærum stað við Hörgatún 1 í Garðabæ. Miklir möguleikar eru til staðar. Eignin er í dag tvær íbúðir, en einfalt er að breyta aftur í einbýli. Húsinu hefur verið vel viðhaldið.
EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA SEM VERT ER AÐ SKOÐA.


Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Furugerði 5

108 Reykjavík
"Falinn fjársjóður" í grónu hverfi

**Stærð: 132,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 25.200.000**

RE/MAX Lind




**Opið hús laug. 17. sept. 15:00-15:30** | **Verð: 34.900.000**

Glæsilegt enda raðhús með 80 fm afgirtri verönd.
Gengið er inn á efri hæð: Flísalögð forstofa með rúmgóðum skápum. Fallegt gestasalerni, flísalagt. Samliggjandi eldhús, borðstofa og stofa, hátt til lofts, fallegur þakgluggi. Í eldhúsi er hvíttuð eikar innrétting, granít borðplata. Halogen. Hnota á gólfum.
Á neðri hæð er stór svefnherbergissvíta, en auðvelt að breyta aftur í tvö herbergi. flísalgt baðherbergi, geymla og þvotthús.


Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Kjarrhólmi 32

200 Kópavogur
Mjög falleg 3ja herb. íbúð á 1hæð

**Stærð: 81 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1973**
**Fasteignamat: 14.450.000**

RE/MAX Lind




**SUNNUDAG 18.SEPT FRÁ 16:30 - 17:00** | **Verð: 19.400.000**

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Kjarrhólma 32 í Kópavogi. Eignin er skráð 75,1 fm hjá FMR en að auki er sérgeymsla ca 6 fm, Samtals er því eignin 81fm. Eigninni er sérlega vel viðhaldið að innan sem utan.


Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur



- **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**

**www.RE/MAX®.is**







## HOLLT NESTI HEIMAN AÐ

Í nýútkominni bók sem heitir Hollt nesti heiman að er að finna um það bil 70 uppskriftir að nesti og matarpökkum. Að auki eru tillögur að girnilegu nesti fyrir lautarferðir allan ársins hring. Þær Sigurveig Káradóttir, eigandi Matarkistunnar, Sigurrós Pálsdóttir, yfirmaður veitingadeildar hjá Manni lifandi og Grænum kosti, og Margrét Gylfadóttir, matgæðingur og mannfræðingur, standa á bak við bókina. Uppskriftirnar eru einfaldar en að sama skapi nýstárlegar og minna okkur á að oftast nær leynist meira í ísskápnum en við höldum. Bókin er prýdd ljósmyndum eftir Gunnar Sverrisson. Bókaútgáfan SALKA gefur út.




t-
utan
n
af
don-
um og
30-40
a.

at-
kol-
er
ssu
ma í
mt út
erið
hann
ns.

RI

ið-
ðum

ir skel-
hann
írs-

etjið í
niður
og

*blandið saman við – hversu mikið af hvoru fer eftir smekk. Setjið smjörið í sprautupoka og leyfið því að harðna aðeins í ísskáp. Sprautið því á humarinn og stráið brauðmylsnunni ofan á. Setjið humarinn inn í ofn við háan hita í örfáar mínútur, eða þar til raspurinn er gullinn.*

### RABARBARAMAJÓNES

*Blandið saman majónesi (Má blanda til helminga með sýrðum rjóma til að fá léttari sósu) og rabarbarasírópi til helminga. (Uppskrift að rabarbarasírópi er á bls. 39 í bókinni Sultur allt árið)*

### MAJÓNES MEÐ BÖKUÐUM HVÍTLAUK OG SÖLTUÐUM SÍTRÓNUM

*Bætið ofnbökuðum hvítlauk og söltuðum sítrónum út í majónes (Uppskrift að söltuðum sítrónum eru á bls. 67 í Sultur allt árið). Vel má setja fínt rifinn sítrónubörk og smá sítrónusafa í staðinn.*





MYND/ÁGÚST ATLASON

Grafni laxinn smellpassar inn í umhverfið við Dynjanda í Arnarfirði.



# MATUR SEM *einkennir Vestfirði*

Ísfirsku hjónin Guðlaug Jónsdóttir og Karl Ásgeirsson matreiðslumeistarar vinna að óhefðbundinni matreiðslubók sem fjallar um matarmenningu á Vestfjörðum.

Þessi bók er ekki hefðbundin matreiðslubók," segir Guðlaug Jónsdóttir matreiðslumeistari, sem vinnur að bók um matarmenningu á Vestfjörðum ásamt manni sínum Karli Ásgeirssyni, sem einnig er matreiðslumeistari. „Það eru þarna uppskriftir að ýmsum vestfirskum réttum í bland við alls konar fróðleik, gamlan og nýjan. "

Mergurinn málsins er þó sá að hráefnið í uppskriftunum er að svo miklu leyti og hægt er fengið á Vestfjörðum. „Við reynum að nota þetta hráefni sem er hérna á svæðinu," segir Karl. „Áherslan er lögð á þann mat sem einkennir Vestfirðina. Við tölum til dæmis um skötuna, harðfiskinn, hákarlinn og auðvitað fiskistöppuna frægu. Þetta er þó ekkert fornaldarlegt því við komum með nýja rétti sem byggja á gömlu hefðinni." „Við segjum til dæmis frá gömlu fiskistöppunni eins og hún var en gefum svo uppskrift að nýmóðins fiskistöppu," bætir Guðlaug við.

Myndirnar í bókinni eru kapítuli út af fyrir sig. Karl og Guðlaug hafa farið með Ágústi Atlasyni, ljósmyndara, upp um fjöll og firnindi, eldað á staðnum og myndað í vestfirsku umhverfi. „Það gefur myndunum meira gildi að taka þær í þessu náttúrulega umhverfi og leyfa vestfirsku náttúrunni að njóta sín," segir Karl.

Það er stórhugur í þeim hjónum; bókin, sem bókaútgáfan Uppheimar hyggst gefa út á vormánuðum, verður gefin út bæði á íslensku og ensku og hugsanlega á þýsku. „Þetta er dálítið sérstök bók," segir Karl. „Við vitum ekki til þess að svona bók hafi komið út á Íslandi áður." „Draumur okkar er sá að þessi bók verði til þess að fólk átti sig á því að Vestfirðir eru eftirsóknarverður staður, bæði til að heimsækja og búa á," bætir Guðlaug við.

- fsb



**Vestfirsk matarmenning er viðfangsefni nýstárlegrar bókar þeirra Guðlaugar Jónsdóttur og Karls Ásgeirssonar matreiðslumeistara.** MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON






## HVANNARRÓTARGRAFINN LAX AÐ VESTFIRSKUM HÆTTI

*Hér kemur uppskrift úr bókinni að hvannarrótargröfnum laxi, en það er einmitt gott að grafa lax nú þegar laxveiðitímabilið er að enda og allar kistur fullar af laxi. Hvannarrætur er í raun vel hægt að verða sér úti um, svo framarlega sem ekki er frost í jörðu. Í þessa uppskrift þarf aðeins hluta af einni hvannarrót. Hreinsið og skolið rótina vel fyrir notkun.*

**2 laxaflök**

**KRYDDBLANDA**
**6 msk. salt**
**5 msk. sykur**
**4 msk. rifin hvannarrót**
**2 msk. saxaður kerfill (eða saxaður kóríander)**
**½ tsk. malaður hvítur pipar**
**2 tsk. rósapipar (gott að merja hann svolítið með fingrum)**

*Snyrtið og beinhreinsið laxaflökin. Blandið saman öllu sem á að fara í kryddblönduna. Stráið þunnu lagi af henni á ofnskúffu eða plötu sem flökin passa á. Leggið flökin, með roðhliðina niður, í skúffuna og stráið vel af kryddblöndunni ofan á. Breiðið plastfilmu yfir og látið standa í kæliskáp í tvo sólarhringa. Skerið laxinn í sneiðar og raðið á fat eða disk og berið fram með ristuðu brauði og léttri hvannarrótarsósu.*

### LÉTT HVANNARRÓTARSÓSA

**200 g sýrður rjómi**
**1½ msk. rifin hvannarrót**
**½ tsk. möluð hvannarfræ, ferskur safi úr hálfri sítrónu**
**1 tsk. hlynsíróp**
**1 msk. fínt saxaður kerfill (eða kóríander)**
**örlítið salt og pipar**

*Hrærið út í sýrða rjómann. Bætið öðru hráefni við og smakkið til með salti og pipar.*

## *margt smátt*

### ÞÁTTUR UM NORRÆNAN MAT

Í bígerð er ný sjónvarpsþáttaröð sem fjalla mun um matarmenninguna á Norður-Atlantshafssvæðinu og matreiðslu á afbragðs hráefni frá þessum heimshluta. Sérstök áhersla verður lögð á mat frá Grænlandi, Íslandi og Færeyjum.

Þekkingarfyrirtækið Matís mun taka þátt í gerð þáttanna, sem framleiddir verða af Saga film.

Norrænn matur hefur notið mikilla vinsælda undanfarið og því hafa þessi þættir, sem ætlað er að sýna sem víðast, fengið þó nokkra athygli frá fjölmiðlum á Norðurlöndum.





XEINN IX 11 09 002

# Nýjar lausnir

## ... einstök hönnun

Ítölsku gæðainnréttingarnar frá InnX innréttingum eru án efa meðal þeirra allra vönduðustu sem völ er á og úrvalið er mikið. Hvort sem þú sækist eftir framsækinni hönnun á heimsmælikvarða eða ítalskri sveitarómantík þá finnur þú innréttingu við hæfi hjá okkur á sanngjörnu verði.

Við aðstoðum þig við að finna bestu lausnirnar fyrir þitt eldhús og bjóðum framúrskarandi þjónustu frá upphafi til enda.

Komdu við í sýningarsal okkar að Fákafeni 11 og fáðu teikningar og tilboð þér að kostnaðarlausu.



INNX Innréttingar

Fákafen 11 • 108 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**HÁTÍÐINNI FULL BORG MATAR** sem stendur fram á sunnudag. Dagskráin er sneisafull af viðburðum fyrir alla fjölskylduna og 27 veitingastaðir í borginni bjóða upp á sérstaka hátíðarmatseðla úr íslensku hráefni alla daga hátíðarinnar. Sjá www.fullborgmatar.is



**SUNNUDAGSMÁLTÍÐINNI** sem er einn af dagskrárliðum hátíðarinnar Full borg matar. Fólk er hvatt til að halda í þá gamalgrónu hefð að borða góðan mat með fjölskyldunni á sunnudegi. Eftir það má senda mynd ásamt stuttri lýsingu á Facebook-síðu hátíðarinnar, en besta myndin hlýtur verðlaun.

**MATARDÖGUM** sem fram fara í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi fram á sunnudag. Skemmtileg dagskrá er í boði auk þess sem kynnt verða úrslit í vali á bakara, vínþjóni og matreiðslumanni ársins.









AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
FRÉTTABLAÐIÐ

# uno
cucina italiana

## Tilboð
# 3ja rétta matseðill
# 3.490 kr.









## Forréttir

**Bruschetta Mozzarella**
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

**Carpaccio classico**
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.

**Calamari**
Djúpsteiktur smokkfiskur með sólþurrkuðu tómataioli.

**Hvítlauksbakaðir humarhalar**
Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.

- Þú velur einn rétt úr hverjum flokki.
- Gildir sunnudaga, mánudaga og þriðjudaga út september.



## Aðalréttir

**Humar og risarækju Linguini**
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberja-tómötum í kraftmikilli sósu.

**Kjúklinga Tagliolini**
Tagliolini með hægeldaðri kjúklingabringu, sveppum, spínati, rjómaosti, svörtum pipar og pancetta í rjómasósu.

**Insalata con pollo**
Romain salat með grillaðri kjúklingabringu, prosciutto mulningi, kirsuberja- tómötum, gúrku, melónu, og sinnepsdressingu.

**Lamba Osso bucco**
Hægeldað lamba Osso bucco með selleryrótarmauki, rósmarín tómatseyðiog hvítlauks kartöflum.



## Mezzacorona
**rauðvíns- og hvítvínsglas**
**750 kr.**



## Eftirréttir

**Tiramisu a la Nino**
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

**Amaretto súkkulaði Brownie**
Með vanillu gelato.

**Möndlukaka**
Með dulce de leche – frábær með kaffinu.

**Ís kokksins**



**UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is**



# Sjónarhorn

**Ljósmynd: Pjetur Sigurðsson**

**ÞAR SEM JÖKULINN BER VIÐ LOFT** Sögusvið skáldverkanna Leyndardóma Snæfellsjökuls eftir Jules Verne og Kristnihalds undir jökli eftir Halldór Laxness skartaði sínu fegursta á heldur svölum haustdegi í vikunni. Bærinn Garðar sést einnig á myndinni, sem tekin var á sunnanverðu Snæfellsnesi.



**RAUÐI BARÓNINN** Manfred von Richthofen skrýddur æðstu heiðursviðurkenningu þýska hersins. Hann skaut niður áttatíu óvinaflugvélar í fyrri heimsstyrjöldinni.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1947

# Rauði baróninn fellir fyrsta andstæðinginn

**Frægasti flugkappi sögunnar skaut niður enska orrustuflugvél innan þýsku víglínunnar.**

Á þessum degi fyrir réttum 85 árum, hinn 17. september árið 1916, hófst stuttur en sögulegur ferill Manfreds von Richthofen sem orrustuflugmaður, er hann skaut þá niður sína fyrstu óvinaflugvél í bardaga.

Von Richthofen, sem er betur þekktur undir viðurnefninu Rauði baróninn, var af prússneskum aðalsættum og munstraði sig ungur í herinn.

Hann hóf flugferil sinn í fyrri heimsstyrjöldinni sem sprengjuflugmaður á austurvígstöðvunum árið 1915 en var svo sendur til vesturvígstöðvanna þar sem frægðarsól hans hóf að rísa.

Í sinni fyrstu ferð sem orrustuflugmaður, á Albatross-tvíþekju, hitti hann fyrir breska vél og kom til harðrar rimmu.

Von Richthofen sagði svo sjálfur frá: „Englendingurinn vatt sér og snerist og flaug í kröppum hlykkjum. Ég hafði hins vegar aðeins eitt í huga. Maðurinn fyrir framan mig skyldi fara niður, hvernig sem færi.“

Í hamaganginum virðist flugmaðurinn hafa misst sjónar á von Richthofen, sem laumaðist þétt aftan að honum og skaut niður með vélbyssu sinni.

Mótor bresku vélarinnar þagnaði og vélin sveif niður til jarðar þar sem hún lenti rétt innan þýsku víglínunnar. Flugmaðurinn og aðstoðarmaður hans voru þar helsærðir og létust fljótlega.

Næsta ár tók von Richthofen í notkun þríþekju af Fokker-gerð, eldrauða á lit, og hlaut af því sitt fræga viðurnefni. Hann er talinn hafa skotið niður alls áttatíu óvinavélar.

Rauði baróninn mætti endalokum sínum í apríl 1918, einungis 25 ára gamall. Sú atburðarás er hins vegar enn óljós og margar kenningar uppi.

Staðreynd málsins er að í miðri flugorrustu fékk hann byssukúlu í brjóstið sem dró hann nær samstundis til dauða. Hvaðan skotið kom er hins vegar ekki víst. Breskur flugmaður var heiðraður fyrir afrekið en flest þykir þó benda til þess að banaskotið hafi komið frá loftvarnarbyssu á jörðu niðri.

Hvernig sem það gerðist er nafn Rauða barónsins enn þekkt og þrátt fyrir stuttan feril hans hafa fáir einstakir hermenn náð viðlíka frægð í seinni tíð. **- þj**

*Heimildir: History.com og Wikipedia*

bmvalla.is

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

Helstu kostir SMELLINN húseininga:
Styttri byggingartími
Steypt við bestu aðstæður
Yfirborð frágengið
Gott einangrunargildi
Minni fjármagnskostnaður

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

Einingahúsin henta vel sem einbýlishús, orlofshús, hesthús, skrifstofur, gistihús
... möguleikarnir eru óendanlegir.



Smellinn
Forsteyptar einingalausnir frá BM Vallá

Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist og tilbúin á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.

Frábær byggingakostur
„Forsteyptar einingar gefa frelsi í hönnun og ég get verið viss um gæði steypunnar. Þess vegna vel ég forsteyptar einingar í margar af byggingunum sem ég hanna.“

Einar Ólafsson verðlaunaarkitekt hefur fjölbreytta reynslu af hönnun einingahúsa.

PIPAR\TBWA · SÍA · 111332



Skoðaðu fronkex.is




Prófaðu nýtt súkkulaðikex

Smakkaðu nýtt vanillukex

Eigðu litla íslenska kexdverga frá Frón í eldhússkápnum. Taktu Álf, nýja kremkexið frá Frón, með í ferðalagið, í bílinn, sumarbústaðinn, bakpokann, tjaldið, tjaldvagninn, fellihýsið, hjólhýsið, húsbílinn. Og í vasann. Smakkaðu Álf.

**Gómaðu nýtt íslenskt kremkex frá Frón í dag**
**Færst í öllum helstu matvöruverslunum**

ÍSLENSKT já takk!

# Smakkaðu í dag nýtt gómsætt kremkex frá Frón

ÁLFUR súkkuladidvergur



ÁLFUR vanilludvergur



Frón kemur við sögu á hverjum degi

Nafn mitt er ÁLFUR

súkkulað vanilluke súkku vanill sú vani lukex súkkulaðikex

## Magnaður dvergur í norrænum goðsögnum

Snorra Edda segir dverga hafa mannvit og mannslíki en þó búi þeir í jörðu og steinum. Dvergar eru vitrir og miklir lista- og handverksmenn. Álfur er dvergur. Kynngimagnaður og kröftugur galdrar hann fram gómsætt súkkulaðikex og vanillukex. Fáðu þér galdraverk Álfs. Lærðu að þekkja hann. Veltu fyrir þér uppruna dverga í goðsögnum. Hugsaðu um leynidyr á klettum og hvort líf sé í steinum. Það býr margt skemmtilegt í undraheimi goðsagnanna. Fáðu þér nýtt íslenskt kremkex frá Frón. Lestu meira á fronkex.is.

**Kauptu Álf. Smakkaðu Álf súkkulaðikex og Álf vanillukex í dag.**

INTERSPORT

# RÝMINGAR-SÖLUNNI Í SMÁRALIND

## LÝKUR UM HELGINA!

VERSLUNIN LOKAR Í SMÁRALIND!

## ALLT Á AÐ SELJAST!

ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

OPIÐ Í DAG, FÖSTUDAG FRÁ KL. 11:00-19:00
LAUGARDAG FRÁ KL. 11:00-18:00 OG SUNNUDAG FRÁ KL. 13:00-18:00
Í INTERSPORT SMÁRALIND

EXPO • www.expo.is



# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



**MCKINLEY UNIVERSE**
Barnastígvél. Litir: Blá, bleik. Stærðir: 26-33.

3.990

## KLÚBBTILBOÐ
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**MCKINLEY RASK OVERALL**
Kuldagalli með styrkingum á rassi og hnjám. 5.000 mm vatnsheldni, vatnsheldir saumar og góð öndun. Litir: Svartur, bleikur, blár. Stærðir: 80-110.

9.990
(fullt verð 13.990)



6.990

**DIDRIKSONS SLASKEMAN SETT**
Pollagalli með endurskinsmerkjum. Buxur með axlaböndum og jakki með hettu sem taka má af. Litir: Blár, bleikur. Stærðir: 90-130.



990

**MCKINLEY MAGIC MITTEN**
2 pör af vettlingum í pakka. Svartir og bleikir, svartir og grænir. Stærð: 3-6 ára.



(fullt verð 11.990)
9.990

**DIDRIKSONS CAMDEN JACKET**
Hlý úlpa með 2.000 mm vatnsheldni. Litir: Bleik, blá, svört. Stærðir: 90-120.



(fullt verð 13.990)
11.490

**DIDRIKSONS JORDAN / KYLIE JACKET**
Hlý úlpa með 2.000 mm vatnsheldni. Litir: Bleik, blá. Stærðir: 130-150.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 17. – 23. SEPTEMBER

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HANK WILLIAMS KÁNTRÍSÖNGVARI (1923-1953)** var fæddur þennan dag.

*„Lag sem ekki er hægt að semja á tuttugu mínútum er ekki þess virði að semja það.“*


**Útfararþjónusta**
Davíðs Ósvaldssonar ehf



Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 551 3485/896 8284 (24 tíma vakt)
Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri* - S. 892 8947


## Merkisatburðir

1630 Borgin Boston í Bandaríkjunum er stofnuð af breskum landnemum.

1823 Fyrsta grindadráp er í Reykjavík er 450 marsvín eru rekin á land í krikanum þar sem Slippurinn var síðar.

1844 Fyrstu alþingiskosningarnar haldnar í Reykjavík.

1966 Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla er formlega opnaður.

1988 Sumarólympíuleikar eru settir í Seúl í Suður-Kóreu.

**ÞETTA GERÐIST:** 17. SEPTEMBER 2007

## Fyrsta etanólið á bíl á Íslandi

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, brá sér í hlutverk bensíntitts eða öllu heldur etanóltitts þennan mánaðardag árið 2007 með því að dæla sjálfur fyrstu tankfyllinni af lífetanóli á bíl á Íslandi. Það var gert á eldsneytisstöð Olís við Suðurlandsbraut.

Í ávarpi við þetta tækifæri sagði forsetinn að með vígslu fyrstu etanóldælunnar á Íslandi væri stigið mikilvægt skref í átt að því að Íslendingar öxluðu frekari ábyrgð á því að draga úr mengun frá bílaflotanum og að gera íslenskt hagkerfi minna háð olíuinnflutningi. Hann skoraði á þjóðina að taka þátt í þjóðarátaki til að kveðja olíuna og bensínið.

Það voru Olís og Brimborg sem stóðu að innleiðingu lífetanóltækninnar hérlendis.




RAGNHILDUR PÁLA ÓFEIGSDÓTTIR, SÉRKENNARI OG SKÁLD: ER SEXTUG Í DAG

# Sum þjóðfélög bera virðingu fyrir visku þeirra gömlu

„Þegar ég var yngri fannst mér sextugt fólk dálítið gamalt. Nú er ég komin á það stig og þarf að venja mig við það. Á þessum aldri er maður búinn að upplifa ýmislegt og öðlast vissa reynslu sem ætti að geta nýst. Að minnsta kosti í sumum þjóðfélögum er borin virðing fyrir visku þeirra gömlu,“ segir Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir glaðlega. Hún fagnar sextugsafmæli í dag í hópi nokkurra vina og vandamanna en kveðst ekki mikil afmæliskona. „Ég hef tvisvar haldið upp á afmælið mitt áður. Fyrst þegar ég var tvítug, þá fór ég út að borða með nokkrum vinkonum og þegar ég varð fimmtug hélt ég smá partý. Þannig verður það núna líka.“

Ragnhildur er fædd í sama húsi og hún býr í núna, við Sólvallagötuna – inni í stofu meira að segja. „Ég er eins og Vesturbæjarvíðirinn, orðin rótgróin,“ segir hún hlæjandi en kveðst þó á tímabili hafa notið þess að búa erlendis. „Ég hef verið samtals sjö ár í Bandaríkjunum og er hrifin af þeim því þau eru svo fjölbreytt. Mamma var kennari og gat fengið frí á launum í eitt ár svo hún fór til Texas þegar ég var sextán ára, 1967. Ég fékk að vera þar í high school og þetta var mjög spennandi ár og miklar hræringar þarna í Suðurríkjunum. Hippahreyfingin var að byrja og hún snerti mig heilmikið. Ég tók það nærri mér hversu mikill mismunur var milli svartra og hvítra og fátækra og ríkra og var óskaplega hrifin af Martin Luther King en hann var drepinn þarna um vorið og Róbert Kennedy líka.“



**RAGNHILDUR PÁLA** „Ég vaki oft um fagrar nætur. Mér finnst það svo mikil dásemd og dýrð,“ segir afmælisbarnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Seinna kveðst Ragnhildur hafa búið í fimm ár í Kaliforníu meðan eiginmaðurinn, Vilhjálmur Egilsson, var þar í námi. „Ég var þá með tvö lítil börn og var í námi líka en aðallega fannst mér ég læra af því að kynnast fólki og vera til. Svo átti ég löngu seinna eftir að vera eitt ár á Austurströndinni, í Washington, og það var áhugavert líka. En mér finnst Kalifornía eiga vinninginn. Þeir sem voru í leit að ævintýrum áður fyrr fóru þangað og þar býr fullt af ævintýrafólki og afkomendum ævintýrafólks. Það gerir Kaliforníu litríka og skemmtilega. Svo vaknaði maður alla morgna í sól og fegurð.“

Yndislegast finnst Ragnhildi þó að vera á Íslandi og kveðst ekki geta hugsað sér að lifa án hinna björtu sumarnátta. „Ég vaki oft um fagrar nætur. Mér finnst það svo mikil dásemd og dýrð,“ segir hún og kveðst elska Þingvelli og Breiðafjörð. „Mér finnst Arnarfjörður óskaplega fallegur og Skagafjörður er eins og huldufólksland að vetrinum. Þetta eru allt staðir sem ég þekki vel og lít á sem perlur.“

Sérkennsla er fag Ragnhildar, því hefur hún sinnt við ýmsa skóla en er samt ekki starfandi núna heldur að vinna að mastersritgerð sem hún segir vera gæluverkefni. „Sérkennsla er afskaplega áhugaverð því nemandinn kennir manni svo mikið,“ segir Ragnhildur sannfærandi. „Það myndast gagnkvæmt samband sem er gefandi fyrir báða.“

gun@frettabladid.is

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Gunnþórs Ragnars Kristjánssonar**
áður til heimilis í Skarðshlíð 29, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Kjarnalundi og Lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun.

Jakobína Þórey Gunnþórsdóttir
Kristján Gunnþórsson — Jónína S. Helgadóttir
Þóroddur Gunnþórsson — Lilja Marinósdóttir
Sveinmar Gunnþórsson — Kristín Pálsdóttir
Eyþór Gunnþórsson — Soffía Valdemarsdóttir
Jóhanna Gunnþórsdóttir — Brynjólfur Lárentsíusson
Ragnar Gunnþórsson
Haraldur Gunnþórsson — Hallfríður Hauksdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

---

†



*Okkar ástkæri*

**Stefán Guðmundsson**
fyrrverandi alþingismaður, Sauðárkróki,

sem lést laugardaginn 10. þessa mánaðar, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 19. september kl. 15.00.

Ómar Bragi Stefánsson — María Björk Ingvadóttir
Hjördís Stefánsdóttir — Kristinn Jens Sigurþórsson
Stefán Vagn Stefánsson — Hrafnhildur Guðjónsdóttir
og barnabörn.
Margrét Jónsdóttir og synir.

---

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Magnúsar Karls Péturssonar**
læknis, Einilundi 1, Garðabæ.

Guð blessi ykkur öll.

Ingibjörg Pétursdóttir
Ólafur Tryggvi Magnússon — Björg Vilhjálmsdóttir
Magnús Karl Magnússon — Ellý Katrín Guðmundsdóttir
Atli Freyr Magnússon — Steinunn Gestsdóttir
Ásdís Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†



*Okkar innilegustu þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Erlings Herbertssonar (Reinholds Kummer)**
blikksmíðameistara.

Hjartans þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á Líknardeild Kópavogs. Sérstakar þakkir til heimahlynningar LSH sem annaðist hann og okkur af einstökum kærleika.

Sonja Valdemarsdóttir
Kristín Erlingsdóttir
Valgerður Kummer — Magnús S. Ármannsson
Ragnar Kummer — Þóra Björk Sigurþórsdóttir
Guðríður Dagný Erlingsdóttir — Ágúst Guðmundsson
Sonja Erlingsdóttir
afabörn og langafabörn.

---

†



*Innilegt þakklæti fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa, bróður og mágs,*

**Hjálmars Haraldssonar**
skipstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Heimahlynningu Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hjartahlýju, sem og annarra sem létu sér annt um hann í veikindum hans.

Ragnheiður Guðmundsdóttir
Haraldur H. Hjálmarsson — Linda Rós Sveinbjörnsdóttir
Kristín G. Hjálmarsdóttir — Kjell Ove Aarö
Eva M. Hjálmarsdóttir — Arnar Daníelsson
Sigríður H. Hjálmarsdóttir — Davíð Árnason
Anna K. Hjálmarsdóttir — Magnús K. Guðjónsson
Laufey U. Hjálmarsdóttir — Bjarki Þór Sveinsson
Rósey Rán Hjálmarsdóttir — Indriði K. Guðjónsson

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# DÝNUDAGAR

## Í RÚMFATALAGERNUM



LFK gormar | Smáir Bonell gormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð | Dönsk gæða-framleiðsla

**FRÁBÆR TILBOÐ Á DÝNUDÖGUM!**

**SPARIÐ 25.000**

FULLT VERÐ: 64.950

**39.950**

120 X 200 SM.

YFIRDÝNA INNIFALIN

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

**FÆST EINNIG Í STÆRÐ: 90 X 200 SM.**
**FULLT VERÐ: 49.950**
**NÚ AÐEINS: 29.950**
**SPARIÐ 20.000**

DREAMZONE™

**PLUS B10 boxdýna**
Tvöfalt gormalag. Fallegt og vatterað, jaquardofið áklæði. Í efra lagi eru 232 LFK gormar pr. m$^2$ og í neðra lagi dýnunnar eru 150 BONELL gormar pr. m$^2$. Miðlungsstíf dýna. Innifalið í verði er 5 sm. þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheilli furu. Verð án fóta. Fætur verð frá: **4.995**

**SKOÐIÐ DÝNUBÆKLINGINN Á WWW.RUMFATALAGERINN.IS**

---

Price Star

**FRÁBÆRT VERÐ!**

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

**16.950**



**PRICE STAR B10 boxdýna**
Einföld dýna með 102 BONELL gormum pr. m$^2$. Dýnan er með pólýúretansvampi.
Stærð: 90 x 200 sm.
Verð án fóta.
Fætur verð frá: **4.995**

Bonell gormar | Svampur | Miðlungs | Dönsk gæða-framleiðsla | 2 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

---

Serta®

**SERTA BLU ANGEL amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu.
Stærð: 153 x 203 sm.
Í efra lagi er innbyggð þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru 520 bonell gormar pr. m$^2$.

Bonell gormar | Svampur | Þæginda-svæði | Yfirdýna | Miðlungs | Kanadísk framleiðsla | 10 ár Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

**SPARIÐ 50.000**

INNBYGGÐ YFIRDÝNA

**NÝTT**



FULLT VERÐ: 149.950

**99.950**

153 X 203 SM.

---

**NÝTT KORTATÍMABIL!**

**SPARIÐ 30.000**



FULLT VERÐ: 89.950

**59.950**

**LAVIA koja með vinnuaðstöðu**
Glæsileg koja með vinnuaðstöðu. Hér ertu með allt í sama húsgagninu á frábæru verði! Rúm, hillur, skrifborð, skúffur og skápur. Litir: Hlynur og grár. Stærð: B203 x D136 x H180 sm. Dýnustærð: B90 x L200 sm.

---

DREAMZONE™

Upplýsingar
- **Bólstruð umgjörð**
- **Rafmagnsbotn + fætur**
- **PLUS E20 springdýna**
- **PLUS E20 yfirdýna**
- **COMFORT ZONE pokagormar**

**SPARIÐ 30.000**

YFIRDÝNA INNIFALIN



PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

FULLT VERÐ: 129.950

**99.950**

90 X 200 SM.

**PLUS E20 rafmagnsrúm**
Vandað rafmagnsrúm með góðri springdýnu með 250 pokagormar pr. m$^2$. Dýnan er með 3 þægindasvæðum. Yfirdýna úr svampi, 5 sm. þykk. Áklæði á yfirdýnu er hægt að taka af og þvo við 40°C. Stillingar fyrir bak og fætur. Falleg, bólstruð rúmumgjörð. Fjarstýring fylgir. Fætur fylgja.

90 x 200 sm. **99.950**
2 x 90 x 200 sm. **199.900**

Pokagormar | Svampur | Þæginda-svæði | Yfirdýna | Miðlungs | Rafmagns | Dönsk gæða-framleiðsla | Ábyrgð | Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar og systur,*

**Evu Lynn Fogg**

sem lést af slysförum 3. ágúst síðastliðinn.

**Guðrún Olga Gústafsdóttir**
**Keith Warren Fogg**
**Aron Már Ólafsson**

---



*Þökkum af alhug þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Biering**
Fossvogsbletti 2.

Við þökkum sérstaklega starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir sem annaðist hana af umhyggju og alúð.

**Moritz Wilhelm Sigurðsson** — **Margrét Dóra Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson** — **Anna Sigríður Zoëga**
**Auður Sigurðardóttir** — **Ólafur Halldórsson**
**Sigurður Þórir Sigurðsson** — **Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær frænka okkar,*

**Ástríður Jónsdóttir**
Fannborg 3, Kópavogi,
áður til heimilis að Vallargerði 18,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðaþingi, laugardaginn 3. september síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.
Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Skjólbraut og Boðaþingi 5-7 fyrir alúð og góða umönnun.

**Nína Jenný Kristjánsdóttir**
**Björn Kristjánsson** — **Þórey Sigfúsdóttir**
**Guðný Elísabet Kristjánsdóttir** — **Jóhann Jóhannsson**
**Anna Björnsdóttir** — **Þórir Kjartansson**
**Nína Björnsdóttir**
**Jón Björnsson** — **Maureen Björnsson**
**Ásgerður Erla Björnsdóttir** — **Kurt P. Larsen**
**börn og fjölskyldur.**

---





*Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu samúð, hjálp, hlýju og vinarhug við andlát og útför okkar elskuðu*

**Hönnu Lilju Valsdóttur og Valgerðar Lilju Gísladóttur**
Sogavegi 22.

**Gísli Kr. Björnsson**
**Þorkell Valur Gíslason** — **Guðrún Filippía Gísladóttir**
**Sigríður Hanna Gísladóttir**
**Valur Steinn Þorvaldsson** — **Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigríður Þóra Valsdóttir** — **Ingólfur Kr. Guðmundsson**
**Sigurður Már Valsson** — **Dröfn Helgadóttir**
**Anna Filippía Sigurðardóttir** — **Björn Ottó Halldórsson**
**Kristbjörn Helgi Björnsson** — **Steinunn Dögg Steinsen**
**Katrín Ellý Björnsdóttir** — **Kristinn Halldórsson**
**Björn Ragnar Björnsson** — **Guðrún Magnea Árnadóttir**
**Birgir Magnús Björnsson** — **Unnur Hlíðberg Hauksdóttir**
**Fanney Ósk Þórisdóttir**
**Gísli Guðbrandsson**
**Ellý Ingólfsson**

**Guð blessi ykkur öll.**

---

# Vilja jafna hlut kynjanna í knattspyrnu

Félag áhugafólks um kvennaknattspyrnu (FÁK) var stofnað 19. júní síðastliðinn. Megintilgangur félagsins er að standa vörð um hag kvenna í íslenskri knattspyrnu ásamt því að búa til vettvang fyrir skoðanir hagsmunaaðila. Meðal fyrstu markmiða félagsins er að auka aðsókn á kvennaleiki, bæði lands- og félagsliða, auka umfjöllun og umræðu um knattspyrnu kvenna og jafna hlut kvenna og karla á öllum sviðum íslenskrar knattspyrnu.

Heimasíða félagsins, www.kvennafotbolti.is, verður sett í loftið í dag, en þá leika bæði A-landsliðið og U19-landslið kvenna í undankeppni Evrópumótsins. A-landsliðið etur kappi við Noreg á Laugardalsvelli klukkan 16 í undankeppni Evrópumótsins, sem fer að þessu sinni fram í Svíþjóð 2013, og U19-liðið spilar gegn Slóveníu á Vodafone-vellinum klukkan 12.



**KONUR BERJAST** Frá leik KR og ÍBV í Pepsi-deild kvenna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Meðal stofnenda félagsins eru þrír þjálfarar yngri flokka kvenna og einn þjálfari meistaraflokks kvenna. Stofnendurnir eru fimm talsins: Ólafur Lúther Einarsson, Íris Björk Eysteinsdóttir, Hallur Ólafur Agnarsson, Daði Rafnsson og Ásgrímur H. Einarsson. Stjórn félagsins skipa Ólafur Lúther Einarsson formaður, Daði Rafnsson, Ásgrímur H. Einarsson, Hrönn Guðmundsdóttir og Þórir Óskarsson.

# Athygli vakin á vændiskaupum

Samtökin Sterk efna til samkeppni í gerð forvarnarmyndbands um vændi á Íslandi. Að sögn Kristbjargar Konu Kristjánsdóttur, talskonu samtakanna, er tilgangurinn að vekja athygli á vændiskaupendum sem hópi en hann hefur hingað til verið ósýnilegur í þjóðfélaginu.

„Þeir hafa sjaldan eða aldrei verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og verið lausir undan allri ábyrgð. Með breyttri löggjöf um vændi, sem kveður á um að vændiskaup séu ólögmæt, var fyrsta skrefið tekið í þá átt að gera þá hluta af umræðunni. Segja má að löggjöfin hafi orðið til þess að við lögðum af stað með þessa samkeppni.“

Kristbjörg segir markmið keppninnar vera að fækka vændiskaupum á Íslandi. „Erlendar rannsóknir sýna að stór hluti vændiskaupenda, eða allt að 80 prósent eru fiktarar, vita sjaldnast hvað þeir eru að fara út í og sjá eftir því. Við bindum vonir við að forvarnarmyndbönd af þessu tagi hafi áhrif á þennan hóp og ýti undir upplýsta umræðu um vændiskaup og mansal á Íslandi.“

Að hennar sögn má senda inn heimildarmyndir, tónlistarmyndbönd eða annað sem þátttakendur setja fram í formi myndbands. Hámarkslengd er fimm mínútur. Keppt er í aldursflokkunum 16-25 ára og 26-35 ára. Verðlaunin fyrir yngri flokkinn eru 300.000 krónur og 400.000 krónur fyrir þann eldri. Nánar á heimasíðu Sterk, www.sterk.is.



**ÓSÝNILEGIR** Vændiskaupendur hafa hingað til verið ósýnilegur hópur.

# Reynsla og þekking á Hjalteyri

Sýningin Reynsla og þekking var opnuð í Verksmiðjunni á Hjalteyri um síðustu helgi. Hún beinir athygli að útikennslu í leikskólum og náttúrulegum leikgörðum og áhrifum þeirra á andlegan og líkamlegan þroska fólks.

Meðal þess sem verður sýnt er afrakstur af þróunarverkefni um útikennslu sem var unnið í sumar í samstarfi við leikskólann Iðavelli á Akureyri. Þar voru elstu börnin úti alla daga frá júní og fram í miðjan júlí á nærliggjandi leikvelli og unnu í anda útileikskóla.

Þá verður til sýnis hönnunarferli frá náttúrulegum leikgarði sem varð til við Krílakot í sumar, en tilgangurinn er að gefa innsýn í hugmyndafræðina á bak við þessa tegund af leikgörðum.

Ýmsar innsetningar leika sér að skilningarvitum gesta og eru gagnvirkar til að gefa dýpri innsýn í hugmyndafræðina á bak við náttúrulega leikgarða. Einnig verða gagnvirk vinnusvæði á staðnum sem gestir geta tekið þátt í og skapað sína eigin hugarsmíð. Sýningin stendur til 25. september.



**SÝNINGIN Í VERKSMIÐJUNNI** Sýningin stendur opin til 25. september.

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Sigurjónsson**
Teigagerði 12,

sem lést 10. september, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Íþróttasamband fatlaðra (sími 514-4080).

**Guðbjörg Hjálmsdóttir**
**Reynir Sigurðsson** — **Þórrún Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Sigurðsson** — **Ingibjörg J. Eiríksdóttir**
**Ragnar Sigurðsson** — **Sigríður Jenný Guðmundsdóttir**
**Steinunn Sigurðardóttir** — **Bjarni Vésteinsson**
**Sigríður Rut Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,*

**Guðný Ástrún Valdimarsdóttir**
handavinnukennari,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS – Félag aðstandenda alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma, Hátúni 10b, 105 Reykjavík.

**Magnús Þór Aðalsteinsson** — **Steinunn Brynjarsdóttir**
**Guðný Aðalsteinsdóttir**
**Bryndís Björnsdóttir** — **Magni S. Sigmarsson**
**Ásdís Björnsdóttir** — **Guðni Már Harðarson**
**Brynjar Steinn Magnússon**
**og langömmubörn.**


Panasonic
ideas for life
42"
Vreal PRO
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 2.000.000:1
Panasonic TXP42UX30
TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 179.990
Blu-ray Disc
AUKATILBOÐ
Panasonic Blu-ray spilari á 9.990 ef keyptur með þessum tækjum
42"
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 2.000.000:1
Panasonic TXP42S30Y
TILBOÐ 179.990
FULLT VERÐ kr. 199.990
42"
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 5.000.000:1
Panasonic TXP42G30Y
neo plasma
TILBOÐ 239.990
FULLT VERÐ kr. 269.990
46"
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 5.000.000:1
Panasonic TXP46G30Y
neo plasma
TILBOÐ 289.990
FULLT VERÐ kr. 314.990
50"
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 5.000.000:1
Panasonic TXP50G30Y
neo plasma
TILBOÐ 349.990
FULLT VERÐ kr. 369.990
SJÓNVARPSTILBOÐ
AUKATILBOÐ
Panasonic 3D Blu-ray spilari á 19.990 ef keyptur með þessum 3D tækjum
42"
AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!
3D FULL HD
Wi-fi READY
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 2.000.000:1
Panasonic TXP42UT30Y
TILBOÐ 199.990
FULLT VERÐ kr. 239.990
50"
AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!
3D FULL HD
2D/3D CONVERTER
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 2.000.000:1
Panasonic TXP50UT30Y
TILBOÐ 329.990
FULLT VERÐ kr. 349.990
50"
AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!
3D FULL HD
Vreal 3D
600Hz
FULL HD 1920x1080p
SKERPA 5.000.000:1
Panasonic TXP50ST32Y
neo plasma
TILBOÐ 379.990
FULLT VERÐ kr. 399.990
Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**SNERPA.IS/NET** Prinsessan á bauninni er meðal þeirra ævintýra sem lesa má á heimasíðu Netútgáfunnar, snerpa.is/net en þar er að finna úrval ævintýra og þjóðsagna á íslensku. Einnig má þar lesa sögurnar úr Þúsund og einni nótt, þar á meðal söguna af Alí Baba.






## BRANDARAKISTAN

**Tvær appelsínur gengu yfir brú. Önnur appelsínan datt út í ána. Hvað sagði hin?**
**„Fljót, skerðu þig í báta!"**

**„Af hverju ertu með pylsu á bak við eyrað?"**
**„Æ, nei, þá hlýt ég að hafa borðað blýantinn!"**

**„Hvernig kemur þú gíraffa inn í ísskáp?"**
**„Það er ekki hægt. Hættu þessu rugli."**

**„Hvernig kemur þú fíl inn í ísskáp?"**
**„Það er ekki hægt, nema þú látir sérsmíða risastóran ísskáp."**

**Dómarinn: „Ertu sekur?"**
**Sá seki: „Nei, herra dómari."**
**Dómarinn: „Hefurðu stolið einhverju áður?"**
**Sá seki: „Nei, þetta var í fyrsta sinn."**

*Þú getur sent brandara til **krakkar@frettabladid.is***




# HLJÓP ÞEGAR RISASTÓR GYLTA RÉÐST Á MIG

**Hildigunnur Georgsdóttir dýralæknir vinnur á Dýraspítalanum í Víðidal og er innan um dýr allan daginn. Hún sagði Krakkasíðunni svolítið frá starfi dýralæknisins, uppáhaldsdýrunum sínum og stóru gyltunni sem réðst á hana.**

**Langaði þig alltaf að verða dýralæknir?** „Ekki þegar ég var lítil. En svo eignaðist ég nokkur dýr og fór með þau til dýralæknis og þá breyttist það. Þegar ég var orðin eldri og búin með framhaldsskólann, þá fannst mér dýralækningar vera mjög spennandi og komst inn í skóla í Noregi. Ég hef aldrei séð eftir því."

> Ég á einn lítinn hund núna. En ég var búin að eiga hund, kött, páfagauk og gullfiska áður en ég fór í skólann.

**Er erfitt að læra það?** „Já, það er erfitt. Maður þarf að standa sig mjög vel í skólanum til þess að komast inn í dýralæknaháskóla. Námið tekur sex ár og það þarf að lesa mikið af erfiðum bókum sem eru ekkert alltaf skemmtilegar. Fyrstu árin voru svo erfið að stundum langaði mig til að hætta. Seinna fórum við að vinna meira með dýrunum og þá var námið skemmtilegt og spennandi."

**Áttu dýr sjálf?** „Já, ég á einn lítinn hund núna. En ég var búin að eiga hund, kött, páfagauk og gullfiska áður en ég fór í skólann."

**Hvað er stærsta dýr sem hefur komið á dýraspítalann?** „Stærsti hundurinn sem ég hef séð var 90 kílóa Stóri Dani. Hausinn á honum náði mér upp í handarkrika. Stærsti kötturinn var tólf kíló og alveg ofboðslega feitur. Bumban á honum var svo stór að hann gat varla labbað. Stærsta kanínan kom til mín á spítala í Svíþjóð. Það var belgísk risakanína og hún var átta kíló sem er fjórum sinnum stærra en venjuleg íslensk kanína. Í skólanum mínum kom inn naut sem var yfir eitt tonn að þyngd, það var 1.300 kíló og við þorðum varla að koma nálægt því. Annars eru hestarnir stærstu dýrin sem koma núna á spítalann."

**En minnsta?** „Minnstu dýrin eru litlir páfagaukar og dverghamstrar. Þeir geta verið minna en 30 grömm og stundum svolítið erfitt að lækna þá því að tækin okkar eru oft of stór fyrir þá."

**Hefur dýr sem þú varst að lækna einhvern tíma ráðist á þig?** „Já, ég hef nokkrum sinnum verið bitin af hundum og köttum og mjög oft verið klóruð. Einu sinni réðst á mig risastór gylta, sem var að verja grísina sína. Þá þurfti ég að hlaupa hratt í burtu. En ég hef aldrei slasast neitt, bara fengið smá skrámur og marbletti."



**Hvað á maður að gera ef gæludýrið manns verður veikt?** „Koma með það til dýralæknis. Ef það er ekki hægt þá þarf alla vega að hringja og tala við dýralækninn. Því meiri upplýsingar sem þú getur gefið okkur, því betra."

**Hefurðu einhvern tíma tekið lasið dýr með þér heim?** „Ekki oft, en einu sinni kom inn lítill hvolpur sem var svo veikur og þá fékk hann að vera heima hjá mér um nóttina."

**Hver eru uppáhaldsdýrin þín?** „Ég á hund núna og hann er uppáhaldið mitt, en mér finnast kettir líka æðislegir og á örugglega eftir að eignast kött seinna. Kanínur eru líka skemmtilegar þegar þær fá að vera inni eins og heimilisdýr og eru gæfar."



## KRAKKAKYNNING

### Askur Hrafn Hannesson

**Aldur:** átta ára.

**Í hvaða skóla ertu:** Flataskóla í Garðabæ.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Krabbanum.

**Áttu happatölu?** já, töluna þrjá.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Æfi júdó og sund, leik mér við vini mína og með Star Wars-dót,

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Stundin okkar og myndir með Ástríki og Steinríki.

**Besti matur?** Spagettí.

**Eftirlætisdrykkur?** Sódavatn.

**Hvaða námsgrein er í eftirlæti?** Lestur, heimilisfræði og stærðfræði.

**Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Ég á kött sem heitir Mala.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Skemmtilegasti vikudagurinn er sunnudagur því hann er svo rólegur og þá er notalegt að slappa af eða leika við vini sína. Svo finnst mér sumardagurinn fyrsti og afmælisdagurinn minn.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Bítlarnir og hljómsveitin Survivor því hún bjó til lagið Eye of a Tiger sem mér þykir svo skemmtilegt.

**Uppáhaldslitur?** Ljósgrænn.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Fór á Akureyri, yfir Kjöl, á Kirkjubæjarklaustur og var líka á skátanámskeiðum þar sem ég lærði að smíða kofa og stunda útivist.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Syrpur og sögurnar úr Njálu sem heita Vetrarvíg, Brennan, Blóðregn og Hetjan.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin/n stór?** Ferðaleiðsögumaður, helst langar mig að ferðast um Panama, Bandaríkin og Spán.



NÝJUNG

# *Everlasting Foundation SPF 15*

*15 klukkustundir af fullkomnun og algjörri vellíðan.*

*Ertu að leita að frábærum farða? Treystu ráðleggingum fagfólksins. Með nýrri og afar háþróaðri aðferð, High Fidelity System, nær Everlasting Foundation frá Clarins að laða fram 15 klukkustunda lýtalausa og silkimjúka áferð og samtímis að auka vellíðan og vernda húð þína. Allan daginn, alla daga getur þú notið þess hve lengi farðinn helst fallegur á húð þinni og hve mikla útgeislun hann veitir þér. Sólvarnarstuðull (SPF) 15. Fljótandi farði eða púðurfarði ... þitt er valið! Clarins nýtur þess heiðurs að vera í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðs-nyrtivörum á Evrópumarkaði.*

*Kíktu á www.clarins.com*





CLARINS

## Clarins dagar í verslunum Hagkaups

Dagana 15. - 21. september.

Glæsilegur kaupauki* að verðmæti 11.800kr.
fylgir þegar verslað er fyrir 5.900kr. eða meira.

*Líttu við og kynntu þér það allra nýjasta frá Clarins og fáðu þér prufu af kremi sem hentar þinni húðtegund.*



*Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. sett, 6. rykkorn, 8. næra, 9. háð, 11. á fæti, 12. ljóst, 14. hégómi, 16. í röð, 17. af, 18. skelfing, 20. málmur, 21. land.

**LÓÐRÉTT**
1. dægurs, 3. samtök, 4. garðplöntutegund, 5. skrá, 7. heimilistæki, 10. sjón, 13. skarð, 15. loga, 16. tæki, 19. nafnorð.

**LAUSN**
LÁRÉTT: 2. lagt, 6. ar, 8. ala, 9. gys, 11. il, 12. skýrt, 14. snobb, 16. tu, 17. frá, 18. ögn, 20. ál, 21. laos.
LÓÐRÉTT: 1. dags, 3. aa, 4. glitbrá, 5. tal, 7. ryksuga, 10. sýn, 13. rof, 15. báls, 16. töl, 19. no.


## Vilt þú taka þátt í skemmtilegu og spennandi tónlistarverkefni?

**„Tónlist fyrir alla"**

auglýsir eftir tónleikadagskrám fyrir tónleikahald í grunnskólum.

Allar nánari upplýsingar um hvað koma skal fram í umsókninni eru á heimasíðu TFA, www.tonlistfyrir-alla.is og hjá Jóni Rafnssyni í jon@tonlistfyriralla.is

Umsóknarfrestur er til 15.október n.k.



**www.matarfikn.is**

Esther Helga Guðmundsdóttir M.Sc.

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana
Síðumúli 6, 108 Rvk, sími 5683868
www.matarfikn.is

**Opinn fræðslufundur um matarfíkn verður haldinn mánudaginn 19. september n.k. kl. 20.00, Síðumúla 6.**




*Erindi flytja Phil Werdell MA og Mary Foushi CENAPS, en þau hafa yfir 20 ára reynslu sem meðferðaraðilar vegnar offitu, matarfíknar og átraskana.*

### 6 daga dvalarmeðferð vegna matarfíknar með frábærum meðferðaraðilum!

**Dvalarmeðferðin er sniðin að:**
- Þeim sem vilja stuðning til að byrja í fráhaldi
- Þeim sem hafa áður verið í fráhaldi en eru í „falli"
- Þeim sem eru í fráhaldi en vilja dýpka batann sinn

Meðferðaraðilar eru Phil Werdell MA, Mary Foushi CENAPS og Esther Helga Guðmundsdóttir MS. Á námskeiðinu er unnið á sama hátt og á fyrstu viku í innlagnarmeðferð vegna matarfíknar. Lögð er áhersla á að styðja við svokallað „fráhald" frá mat sem veldur fíkn og kynningu á 12 spora bataleiðum. Dagskráin innifelur m.a. „meðferðagrúppur", fræðslufyrirlestra, lestur og verkefnavinnu og lært að matbúa fráhaldsfæði.

**Tími: 23.-28. september, föstudagskvöld til miðvikudags**
**Staðsetning: Ölver Hafnarfjalli (um 45 mínútna ferð frá Reykjavík).**
**Verð fyrir 6 daga dvalarnámskeið: kr. 134.200.-**

### Nám í matarfíkniráðgjöf
### Endurmenntunarnámskeið fyrir fagfólk:

**Food Addiction: Treatment, Aftercare and Public Health.**

Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 20. september n.k. kl. 20.00 - 21.30, Síðumúla 6.

Kennarar: Phil Werdell MA., Mary Foushi CENAPS og Esther Helga Guðmundsdóttir MS.

Áhugasamir hafi samband í síma 568 3868 og 699 2676 eða matarfikn@matarfikn.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI ÍÞRÓTTIR**
Meiri Vísir.
vísir


# Misbeiting hugmyndafræðinnar

**BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar**



Ég er sósíalisti. Ég tel að allir eigi að hafa jafnan rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Ég tel reynsluna hafa sýnt að einkarekstur á grunnþjónustu samfélagsins leiði undantekningalítið til misréttis. Markmið einkafyrirtækja er að skila hagnaði og sumt á að mínum dómi einfaldlega ekki að skila hagnaði.

**ÉG** er kristinn. Ég trúi á Guð. Ég trúi að maður eigi að gera öðrum það sem maður vill að aðrir geri sér, að það sé ekki nóg að láta það ógert að gera öðrum það sem maður vill ekki að aðrir geri sér. Ég trúi með öðrum orðum á guð sem leggur á okkur ábyrgð og skyldur, ekki bara taumhald og bönn.

**ÉG** er femínisti. Ég styð félagslegt, efnahagslegt og pólitískt jafnrétti kynjanna. Mér finnst að allir eigi að fá sömu tækifæri og sömu laun fyrir sömu vinnu, óháð kynferði. Í raun get ég ekki verið sósíalisti án þess að vera femínisti.

**ÖLLU** sem hér hefur verið nefnt hefur verið miskunnarlaust misbeitt í gegn um tíðina. Öll þessi hugmyndafræði bræðralags, samhjálpar og mannjöfnuðar hefur verið notuð til að réttlæta mannréttindabrot, misrétti og kúgun. En gúlagið var ekki sósíalismi. Krossferðir og hommahatur eru ekki kristindómur. Ekki frekar en að 11. september hafi verið íslam eða að pyntingar og aftökur guðleysingja á vegum kirkjunnar fólki í Austur-Evrópu kommúnismans hafi verið siðrænn húmanismi. Vandamálið er ekki hugmyndafræði. Vandamálið er hrætt fólk sem notar hugmyndafræði til að réttlæta ofbeldi. Ofbeldi er viðbragð hugleysingjans við því sem hann upplifir sem „öðruvísi". Vandamálið er óttinn við „hina" og hugsun sem hólfar fólk niður í „okkur" og „hina". Vandamálið er óþol gagnvart því sem fellur ekki að manns eigin þægilegu heimsmynd.

**FEMÍNISMI**, sem setur konur í þá stöðu að þurfa að afsaka og réttlæta klæðaburð sinn, notkun á snyrtivörum, verkaskiptinguna inni á heimilinu eða jafnvel langanir í kynlífi, er á villigötum. Þegar hugmyndafræði, sama hvaða nafni hún nefnist, fer að fela í sér ritskoðun, tískulögreglu og persónunjósnir er hún löngu hætt að snúast um hugsjónir. Þá hefur vænisýkin tekið völdin, eins og svo sorglega mörg dæmi sanna.

**ÞAÐ** gildir einu með hvaða hugtökum gerræði er skreytt, á hvaða hugmyndafræði það er hengt. Ofbeldi verður alltaf ofbeldi. Það verður aldrei kristindómur, islam, sósíalismi eða femínismi, hvað sem hver segir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# RISAlagersala á Fiskislóð 39

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

**Nýtt kortatímabil**

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla helgina kl. 10–19


72% afsláttur
Í NÆTURGARÐI
FÍNA BLÓMIÐ
**Nú: 390 kr.**
Verð áður: 1.390 kr.


48% afsláttur
BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM
**Nú: 1.290 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.


62% afsláttur
TÁR, BROS OG TAKKASKÓR
– KILJA
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 1.290 kr.


46% afsláttur
HIMINGEIMURINN
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 3.290 kr.


82% afsláttur
SAGNALIST
– ÍSLENSK STÍLFR. II
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 5.622 kr.


58% afsláttur
STÓRSKEMMTILEGA
STELPUBÓKIN
**Nú: 1.690 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.


90% afsláttur
LJÓSIÐ YFIR LANDINU
**Nú: 390 kr.**
Verð áður: 3.557 kr.


82% afsláttur
BREIÐAVÍKURDRENGUR
**Nú: 790 kr.**
Verð áður: 4.490 kr.


36% afsláttur
SPÁMAÐURINN
**Nú: 890 kr.**
Verð áður: 1.389 kr.


47% afsláttur
MAMMA – MYNDLJÓÐ
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 929 kr.

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

Í FRJÁLSU FALLI – KILJA
FRIÐLAUS – KILJA
**Verð: 1.990 kr.**
2 fyrir 1



PAPPÍRSFIÐRILDI
– KILJA
JAÐIAUGAÐ – KILJA
**Verð: 990 kr.**
2 fyrir 1



Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Forlagið · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19 – fimmtudaga kl. 10–21**

# Verslun BYKO í Kauptúni lokar!

**Rýmingarsala í Kauptúni Garðabæ**




**30-50% afsláttur***

**Dæmi um vöruflokka með afslætti:**

| | |
|---|---|
| Hreinlætis- og blöndunartæki | 30% afsláttur |
| Rafmagns- og loftverkfæri | 30% afsláttur |
| Handverkfæri | 40% afsláttur |
| Festingar og járnvörur | 40% afsláttur |
| Ljós og lampar | 50% afsláttur |
| Raflagnaefni | 40% afsláttur |
| Parket og flísar | 30% afsláttur |
| Málningarvörur | 30% afsláttur |
| Búsáhöld | 50% afsláttur |
| Innréttingar | 40% afsláttur |
| Heimilisraftæki | 30% afsláttur |
| Teppi og mottur | 40% afsláttur |
| Leikföng og tómstundavörur | 30% afsláttur |

*Afslátturinn gildir ekki á timbri, pípulagningaefni og vörum í Outlet hluta.

30-50% afsláttur* BYKO Kauptún lokar 30-50% afslátt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is






**BESTU VINIR** Finnbogi Þorkell Jónsson og Tinna Þorvalds Önnudóttir fara með hlutverk vinanna doktor Flosa og Vönju frænku, sem vinna úr óöryggi sínu í sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Doktor í hlátur- og kitlvísindum

**Barnaleiksýningin Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig var nýverið frumsýnd í Norðurpólnum. Verkið er samið af leikhópnum Fjöður í hatti, út frá hugmynd leikstjórans Árna Kristjánssonar um sérfræðing á sviði hláturs.**

Leikhópurinn Fjöður í hatti sýnir nýja íslenska leikverkið Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig í Norðurpólnum. Leikstjóri verksins er Árni Kristjánsson og er sýningin samin af leikhópnum, sem varð til við gerð barnaleikritsins.

Verkið segir frá doktor Flosa, leiknum af Finnboga Þorkeli Jónssyni, og Vönju frænku hans, sem er túlkuð af Tinnu Þorvalds Önnudóttur.

„Flosi er doktor í hlátur- og kitlvísindum og safnar hlátri í krukkur. Sagan hefst þegar Flosi býður Vönju frænku í heimsókn til að sýna henni nýjustu tilraunina. Hann hefur nefnilega fundið leið til að kitla sjálfan sig,“ segir Árni.

Spuni var nýttur við persónusköpun og leggur hópurinn ríka áherslu á vinabönd persónanna í verkinu og hvernig þau vinna úr óöryggi sínu í gegnum vináttuna.

„Í sýningunni verður Vönju svo mikið á að hún byrjar að rappa. Hún sér einnig um dans sýningarinnar, en hún er haldin sjúkdómi sem veldur því að hún byrjar oft að dansa upp úr þurru.“

Listformin dans, söngur og leikur sameinast í þessari 50 mínútna löngu leiksýningu, en flutt eru þrjú lög, að meðtöldu rapplaginu.

„Finnbogi hafði fundið fyrir því þegar hann las sögur fyrir litlu frænku sína að henni þótti skemmtilegast að hlusta á sögur sem hann hafði einnig gaman af.“ Leikhópurinn lagði því upp með gera leikrit þar sem börn og foreldrar gætu sameinast í hlátri.

Tónskáldið Albert Hauksson samdi tónlist sýningarinnar en lagatextana unnu Árni og Finnbogi í sameiningu. Myndlistarkonurnar Ásta Fanney Sigurðardóttir og Margrét Agnes Iversen sáu um leikmynd og búninga. Hlutverk þeirra var að búa til heildarmynd um furðuheim doktor Flosa. Að sögn Árna urðu heilu senurnar til vegna hinna sérkennilegu leikmuna sem þær grófu upp.

Sýningarrými Norðurpólsins er ekki eins hefðbundið og hjá stofnanaleikhúsunum. Börnin verða þannig meiri þátttakendur í sýningunni og hefur leikhópurinn fundið fyrir ánægju foreldra með þann þátt.

„Börnin fá að sitja á dýnu nálægt sviðinu, þau hrópa inn í leikritið og við það myndast skemmtileg stemning. Á frumsýningunni gekk ein stelpa á sviðið og þurftu leikararnir að biðja hana vinsamlegast um að setjast aftur.“

Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig er sýnt á föstudögum kl. 18 og á sunnudögum kl. 14 í Norðurpólnum og er áætlað að sýna verkið fram í október.


hallfridur@frettabladid.is


## STÖRF ÁRNA KRISTJÁNSSONAR LEIKSTJÓRA

Leikstjórinn **Árni Kristjánsson** útskrifaðist af brautinni Fræði og framkvæmd frá Listaháskóla Íslands fyrir þremur árum. Hann hefur meðal annars unnið sem aðstoðarleikstjóri með Sveini Einarssyni við Íslensku óperuna og í Gerplu í Þjóðleikhúsinu með Baltasar Kormáki, sem báðir eru hoknir af reynslu. Á síðasta ári flutti hann í Iðnó frumsamda einleikinn Á gólfinu, sem framleiddur var af Sveini Einarssyni og Vigdísi Finnbogadóttur. Hann hefur leikstýrt atvinnuleikhópum í London. Í sumar leikstýrði hann og samdi útvarpsþættina Skapalón á Rás 1. Einnig hefur hann leikstýrt mörgum menntaskólasýningum og kennt leiklist, þar á meðal á götum Kostaríku.





Tónleikar ★★

**Klassík í Vatnsmýrinni**

Miklós Dalmay flutti verk eftir Debussy, Liszt og Elínu Gunnlaugsdóttur

**Norræna húsið, 14. september.**

## Árás á píanóstrengi

Klassík í Vatnsmýrinni. Miklós Dalmay flutti verk eftir Debussy, Liszt og Elínu Gunnlaugsdóttur í Norræna húsinu á miðvikudagskvöldið.

Tónleikum ungverska píanóleikarans Miklós Dalmay, sem hefur búið hér um árabil, seinkaði um hálftíma. Þeir voru haldnir í Norræna húsinu. Ástæðan fyrir seinkuninni var sú að strengur hafði slitnað í píanóinu þegar Dalmay var að æfa sig. Það tók drjúga stund að lagfæra það.

Skýringin á því af hverju strengurinn slitnaði kom í ljós þegar nokkuð var liðið á tónleikana. Á efnisskránni var frumflutningur á verkinu Punktar og strik eftir Elínu Gunnlaugsdóttur. Það var í þremur köflum. Ég verð því miður að segja að fyrsti kaflinn var einhver verst skrifaða píanótónlist sem ég hef á ævi minni heyrt.

Tónlistin var ekkert annað en leiðigjörn tónhending. Hún var endurtekin á efsta tónsviðinu aftur og aftur og AFTUR. Tóntegundin breyttist að vísu í sífellu, en aldrei þannig að það virkaði áhugavert. Hamrað var á efstu strengjum píanósins þangað til maður var að verða brjálaður. Og viti menn: Strengur slitnaði aftur. Píanóið varð svo falskt við þessi átök að það sem á eftir kom, var á mörkum þess að hægt væri að hlusta á það.

Eins og áður sagði var verk Elínar í þremur köflum. Hinir tveir kaflarnir voru skárri, en samt ekki sérlega bitastæðir. Annar kaflinn var andstæða hins fyrri, rólegur og aðallega á neðsta tónsviðinu. Hann var býsna þráhyggjukenndur og endurtekningarsamur. Og sá þriðji var hvorki fugl né fiskur.

Ég vil taka það fram að ég hef heyrt margt fallegt eftir Elínu í gegnum tíðina, t.d. kórverk sem hafa komið sérlega vel út. Ég veit að hún getur gert betur en þetta.

Fyrir utan þessi ósköp voru tónleikarnir ágætir. Dalmay er flottur píanóleikari með góða tækni og listrænt vit. Hann kynnti hvert verk sjálfur. Það gerði hann einkar skemmtilega og kryddaði mál sitt með húmor sem hitti beint í mark. Images II eftir Debussy var fullt af hugmyndaauðgi og skáldlegum blæbrigðum. Og Les cloches de Genève og Liebestraum eftir Liszt var prýðilega flutt. Sömu sögu er að segja um Ungverska rapsódíu nr. 13 í lok tónleikanna. Að vísu var píanóið þá orðið rammfalskt af fyrrgreindum ástæðum.

Ég vona að ég heyri Dalmay spila sem fyrst aftur – og þá eitthvað sem ekki slátrar hljóðfærinu.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Barsmíðakennt íslenskt tónverk eyðilagði annars góða tónleika.

# Stóraukin útgáfa hljóðbóka

Fjöldi innlendra skáldverka kemur út á hljóðbók samhliða innbundnum verkum í haust. Hægt verður að sækja bækurnar á sérstakt vefsvæði á Tónlist.is og verða valdir titlar einnig gefnir út á geisladiski.

Útgáfufélagið Skynjun stendur á bak við útgáfuna og mun gefa út hljóðbækur frá helstu bókaforlögum landsins. Stefán Hjörleifsson hjá Skynjun segir að stefnt sé að því að gefa út 25 til 40 titla á ári. Þetta markar vatnaskil í útgáfu hljóðbóka hér á landi, sem bæði snareykst og verður aðgengilegri en hingað til hefur verið. Stefán segist hafa furðað sig á að útgáfa hljóðbóka hafi ekki verið umfangsmeiri.

„Ég held að það helgist af því að bókaútgefendur hafi verið brenndir af þeirri reynslu. Áður fyrr þurfti hljóðbók að koma út á sex kassettum eða nokkrum geisladiskum. Nú eru komnar til græjur þar sem hægt er að hlusta hvar og hvenær sem er og maður þarf ekki að gera annað en að fara á netið til að sækja bókina.“ Hann bætir við að aðrir útgefendur hljóðbóka séu velkomnir til samstarfs. „Það myndi einfaldlega auka úrvalið.“

Stefán segir megináhersluna vera á nýjar bækur, til dæmis komi bækur Arnaldar Indriðasonar, Yrsu Sigurðardóttur og Ólafs Jóhanns Ólafssonar allar út á hljóðbók í haust. „Við erum líka með valin eldri verk sem við gefum út, til dæmis bækur Arnaldar og Yrsu.“

Að sögn Stefáns er mikil vinna í lögð í lesturinn sjálfan. Í hópi lesara eru landsþekktir leikarar á borð við Ingvar Sigurðsson og Elvu Ósk Ólafsdóttur en í sumum tilfellum lesa höfundar verk sín sjálfir.



STEFÁN HJÖRLEIFSSON


Tenór eða bassi?

Langar þig að ganga til liðs við metnaðarfullan, blandaðan kór með fjölbreytta efnisskrá og skemmtilegu fólki?

Nú þegar við erum að hefja okkar 45. starfsár höfum við laus pláss fyrir karla, bæði í tenór og bassa.

Við bjóðum þig velkominn í prufu, **mánudaginn 19. sept. í Grensáskirkju, Háaleitisbraut, kl. 19:30.**
Nótnalæsi er kostur en ekki skilyrði.

Stjórnandi er Gunnar Ben.

Stjórn ÁKR

www.kor.is







**TAUMLAUS GLEÐI** „Við verðum með stærsta hljóðkerfið hans Óla ofur," segir Steindór Grétar sem er til vinstri á myndinni. Við hlið hans er látúnsbarkinn Alexander Briem.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Plötusnúðar syngja í alvöru danspartýi

**Fimmta Kanilkvöldið verður haldið á Faktorý í kvöld. Að þessu sinni er boðið upp á syngjandi plötusnúða.**

„Drengurinn er algjör látúnsbarki. Hann syngur jafn vel og R. Kelly, Justin Timberlake og Stevie Nicks samanlagt. Sem er eins gott, því við flytjum meðal annars lög eftir þau í nýjum búningi," segir Steindór Grétar Jónsson um söngrödd Alexanders Briem, sem er hvað þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Gauragangi. Saman mynda þeir tvíeykið Lím Drím Tím – syngjandi plötusnúða, og munu skemmta á Kanilkvöldi á Faktorý, sem hefst á miðnætti í kvöld.

Sérstaða Lím Drím Tím er fólgin í því að spila eitt lag og syngja annað yfir. „Ég vil ekki nefna stærstu sprengjurnar okkar en við munum spila endurhljóðblöndu af laginu I Follow River með Lykke Ly og syngja yfir það Dreams með Fleetwood Mac, fólk ætti að þekkja það," segir Alexander og Steindór bætir við að sá eini sem vitað er til að hafi gert eitthvað svipað á Íslandi sé Erlend Øye úr hljómsveitinni Whitest Boy Alive, þegar hann var hér á landi fyrir nokkrum árum.

Þetta verður fimmta Kanilkvöldið en vinahópi drengjanna fannst skorta alvöru danspartý og tók því málið í sínar hendur. Dansveislan fer fram á efri hæð Faktorý og munu Kanilsnældurnar, B.G. Barregaard og Jón Eðvald kanilsnúður þeyta skífum ásamt drengjunum, sem lofa taumlausri gleði og trylltum dansi. hallfridur@frettabladid.is




Netið er eins og vatn úr krana, þarf bara alltaf að virka

siminn.is

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

## Laugardagur 17. september 2011

### Tónleikar

**15.00** Á sjöttu tónleikum jazztónleikaraðar veitingastaðarins Munnhörpunnar í Hörpu kemur fram hljómsveitin **Sálgæslan**. Aðgangur er ókeypis.



**20.30** Tónleikar með **Jóni Kr. Ólafssyni** í FÍH salnum, Rauðagerði 27. Ásamt honum kemur fram einvalalið tónlistarmanna. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.30** **Multi Musica** hópurinn heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi en diskurinn Unus Mundus er nýkominn út. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Útgáfutónleikar **Weirdcore** og **Bix** á Bakkusi. Ásamt þeim koma fram djdelarosa, Plx og Futuregrapher. Eftir tónleika stjórnar DJ Kgb tónlistinni. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands: **Dikta**, **Jón Jónsson** og **Blaz Roca** koma fram. Tónleikarnir fara fram í tjaldi fyrir framan Háskóla Íslands.

**21.00** Hljómsveitin **Vax** heldur tónleika á Brekkunni á Stöðvarfirði kl. 21 og aðra tónleika á Kaffi Kósý á Reyðarfirði á miðnætti. Miðaverð er kr. 1.200.



**21.00** **Jussanam** leikur brasilískan djass á Café Haiti.

**21.30** **Svavar Knútur** kemur fram á Café Rosenberg ásamt stúlknakór. Daníel Jón sér um upphitun. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** Hljómsveitirnar **Ensími** og **Ourlives** leika á rokktónleikum á opnunarhelgi Gauks á Stöng á Tryggvagötu 22. Aldurstakmark er 18 ára og aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**14.00** Fulltrúi frá **Dramatikkens hus** flytur erindi og **Bjarni Jónsson** leikskáld stýrir umræðum í Tjarnarbíói. Viðburðurinn er hluti af Grósku, höfundahátíð Félags leikrita og handritshöfunda.

**20.00** Leikverkið Verði þér að góðu með leikhópnum **Ég og vinir mínir** sýnt í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.00** Frumsýning leikverksins **Alvöru menn** í leikstjórn Gunnars Helgasonar.




Leikritið er sýnt í Austurbæ og miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Leikfélagið **Sýnir** flytur nýja leikgerð af riddarasögunni um Tristram og Ísönd í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Miðaverð er kr. 2.500.

### Opnanir

**15.00** Sýningin Night Cometh með verkum eftir bandaríska myndlistarmanninn **Philip Van Keuren** verður opnuð í sal Íslenskrar grafíkur. Listamaðurinn verður viðstaddur sýninguna. Allir velkomnir.

**15.00** Sýningin Hryggjarstykki verður opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi. Til sýnis eru ný verk eftir **Svövu Björnsdóttur**. Aðgangseyrir er kr. 500, eldri borgarar greiða kr. 300 en aðgangur er ókeypis fyrir nemendur og börn til 18 ára aldurs.

**15.00** Sýningin á verkum **Hildar Hákonardóttur**, Þar sem ég bjó og það sem ég lifði fyrir, verður opnuð í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Allir velkomnir.

**16.00** **Hildur Evlalía Unnarsdóttir** opnar sýningu í Gallerí Tukt. Allir eru velkomnir.

**19.30** Sýningin Grasrót IX verður opnuð í Nýlistasafninu. Listamenn sem sýna eru **Bryndís Björnsdóttir, Helga Björg Gylfadóttir, Irene Ósk Bermudez, Klængur Gunnarsson, Kolbrún Ýr Einarsdóttir, Kristín Rúnarsdóttir, Sigríður Tulinius** og **Sigurður Atli Sigurðsson**. Allir velkomnir.

**21.00** 2 Fuglar, samsýning **Bergs Andersonar** og **Baldvins Einarssonar**, veður opnuð í Gallerí Dverg, Grundarstíg 21. Allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**20.00** Bandaríski leikarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn **Crispin Glover** flytur leikverk sem byggir á bókum sínum Crispin Hellion Glover's Big Slide Show og sýnir kvikmynd sína What Is it? í Bíói Paradís. Miðaverð er kr. 2.500.

### Ljósmyndasýningar

**14.00** **Sissa** ljósmyndari hefur opnað ljósmyndasýninguna Honesty á Kex Hostel. Allir velkomnir. Sýningin er opin alla daga fram til 22. september.

### Tónlist

**22.00** **DJ Manny** þeytir skífum á Barböru.

**22.00** Pabbahelgi er á Kaffibarnum og þeyta **Benni B Ruff** og **Gísli Galdur** skífum.

**22.00** **DJ Jón** stjórnar tónlistinni á Thorvaldsen.

**22.00** Plötusnúðurinn **DJ Logi Pedro** úr hljómsveitinni Retro Stefson þeytir skífum á Faktorý.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Into** The Night spilar á Trúnó.

**22.00** Hljómsveitin **Timburmenn** leika í Hressingarskálanum. Að tónleikum loknum stjórnar **DJ Fúsi** tónlistinni.

**22.00** **DJ Símon** þeytir skífum á Vegamótum.

**23.00** Plötusnúðurinn **Dj Geiri Flóvent** spilar tónlist á Hvítu Perlunni.

**23.30** Plötusnúðurinn **Dj Bogi** spilar tónlist á Esju.

**23.30** Plötusnúðurinn **DJ Árni Kocoon** spilar á Prikinu.

**23.30** Fimmta Kanilkvöld ársins fer fram á Faktorý. **Kanilsnældurnar**, **Lím Drím Tím** - syngjandi plötusnúðar, **B.G. Baarregaard** og **Jón Eðvald** kanilsnúður. Aðgangur er ókeypis.

### Markaðir

**12.00** Haustmarkaður Hlöðunnar í Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem ýmislegt matarkyns sem og handverk verður til sölu. Markaðurinn er haldinn í hlöðu við Egilsgötu 8. Allir velkomnir.

## Sunnudagur 18. september 2011

### Tónleikar



**20.00** Hinn heimsþekkti **Gustavo Adolfo Dudamel** stjórnar Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar í Eldborg í Hörpu. Miðaverð er frá kr. 5.900 til kr. 10.900.

**21.00** Hljómsveitin **Vax** heldur tónleika í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Miðaverð er kr. 1.200.

**21.00** Djasstónleikar með **Ólafi Jónssyni** og **Stefáni S. Stefánssyni** og hljómsveit á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** **Eyjólfur Kristjánsson** mætir með gítarinn og leikur dægurlög á opnunarhelgi Gauks á Stöng á Tryggvagötu 22. Aldurstakmark er 18 ára og aðgangur er ókeypis.

**22.00** **Stefán Stefánsson** heldur tónleika á Café Rosenberg.

### Leiklist

**14.00** Barnaleikritið Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig er sýnt á **Norðurpólnum**. Miðaverð er kr. 1.900.

**20.00** Leiksýningin Þetta er lífið ... om lidt er kaffen klar! í flutningi **Charlotte Bøving** er sýnd í Iðnó. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Leikfélagið **Sýnir** flytur nýja leikgerð af riddarasögunni um Tristram og Ísönd í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Miðaverð er kr. 2.500

### Síðustu forvöð

**11.00** Lokasýningarhelgi Saumað í stein, sýningar **Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur** textílhönnuðar í Herberginu, sýningarsal Kirsuberjatrésins á Vesturgötu 4. Allir velkomnir.

**14.00** Gárum, sýningu **Önnu Hallin** og **Olgu Bergmann** lýkur í Kling og Bang gallerí. Aðgangur er ókeypis.

### Söngskemmtun

**14.00** Söngstundin **Syngjum og kveðum** í kaffihúsi Gerðubergs. Gestir fá sönghefti og geta sungið um haustið ásamt ýmsum tónlistarmönnum. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningarspjall

**15.00** Sýningarstjóraspjall um sýninguna **Ný list verður til** og að því loknu er fyrsti tónlistargjörningurinn fluttur í tónleikaröðina Jaðarber. Aðgangseyrir er kr. 1.000, námsmenn yngri en 25 ára greiða kr. 500, aðgangur er ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára, eldri borgara og öryrkja.

### Kvikmyndir

**15.00** Sovésk kvikmynd frá 1956, Ódauðleg herdeild, verður sýnd í **MÍR**, Hverfisgötu 105. Þetta er leikin mynd um hetjulega vörn virkisins í Brest, Hvíta-Rússlandi, á fyrstu dögum og vikum innrásar Þjóðverja í Sovétríkin sumarið 1941. **Enskur texti**. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**21.00** Djasstónleikar á Faktorý. Allir velkomnir.

**22.00** Djass er leikinn á Café Oliver. Allir velkomnir.

### Samkoma

**12.00** Lítil styrktarsamkoma fer fram á veitingastaðnum Kryddlegnum Hjörtum til styrktar **Umhyggju**, styrktarfélagi langveikra barna. Boðið upp á veitingar, fyrirlestra og gyðjuathöfn. Þátttaka kostar kr. 5.000 og rennur allur ágóði til Umhyggju.

**19.00** Bridge hefst í Breiðfirðingabúð. Spilaður er tvímenningur. Aðgangseyrir er kr. 600.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

---

**Besti barinn:** Ásgeir Orri Ásgeirsson

# Fer þangað sem vinirnir eru



„Ef ég fer eitthvert er það á English Pub, B5 eða Prikið. Maður fer bara þangað sem vinirnir eru," segir Ásgeir Orri Ásgeirsson hjá upptökuteyminu Stop Wait Go, sem hefur unnið með Friðriki Dór, Erpi, Haffa Haff, The Charlies og Steinda Jr. „Þetta eru langmest sóttu staðirnir, held ég. Það er alltaf troðið þarna." Ásgeir Orri, sem er 21 árs, er annars ekki mikil barfluga. „Mér finnst mjög gott að fara út að borða á Prikinu um helgar. Það er gott að fara þangað í þynnkumatinn."
Meðlimir Stop Wait Go hafa verið duglegir við að semja eigin lög að undanförnu og selja þau til Bandaríkjanna. Fyrir vikið eru þeir hættir með íslensk verkefni í bili. - fb

# Halda upp á lífið

Weirdcore-raftónlistarkvöld verður haldið á Bakkusi í kvöld. Einnig verður fagnað nýrri plötu Bix, Animalog, sem kom út 7. september. Fram koma Bix, DJ Delarosa, PLX og Futuregrapher.

Weirdcore var stofnað árið 2005 af þeim Tanyu Pollock og Rósu Birgittu Ísfeld. Þær fengu til liðs við sig raftónlistarmanninn Sigurbjörn Þorgrímsson, betur þekktan sem Biogen, sem lést fyrr á árinu. Weirdcore-kvöldin voru haldin mánaðarlega og var það síðasta haldið í fyrra, 17. september, sem er einnig afmælisdagur Tanyu. „Við hættum með þetta Weirdcore því hann var orðinn svo veikur," segir Tanya og á þar við Biogen. „Núna ætlum við að halda upp á lífið og það sem við sköpuðum saman og heiðra þessa útgáfu með Bix í leiðinni."

Tónleikarnir standa yfir frá 21 til 01 og er aðgangur ókeypis. - fb



**BIX** Nýrri plötu Bix, Animalog, verður fagnað í kvöld.


Viltu miklu hraðara Internet?
Á siminn.is sérðu hvort Ljósnetið er komið til þín.

Síminn býður upp á hraðar og öruggar áskriftarleiðir þar sem þú getur fylgst með notkuninni og breytt áskriftinni eftir þínum þörfum með einum músarsmelli.

Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið – með Netvara og Sjónvarpi Símans.




| Leið 1 10GB | Leið 2 40GB | Leið 3 80GB | Leið 4 140GB |
|---|---|---|---|
| Mánaðarverð 4.490 kr. | Mánaðarverð 5.490 kr. | Mánaðarverð 6.490 kr. | Mánaðarverð 7.690 kr. |

Síminn

folk@frettabladid.is



6 **BREIÐSKÍFA SÖNGKONUNNAR RIHÖNNU** ku vera væntanleg á þessu ári. Fréttirnar eru óvæntar, en síðasta plata hennar kom út í fyrra.

# Ímyndarherferð Charlie Sheen

„Ég hefði líka rekið mig,“ sagði ólátabelgurinn Charlie Sheen í viðtali í spjallþætti Jay Leno í vikunni.

Charlie Sheen virtist hafa misst vitið fyrr á þessu ári í kjölfarið á því að hann var rekinn úr sjónvarpsþáttunum Two and a Half Men. Heimurinn fylgdist með Charlie bulla í viðtölum um eigið ágæti en nú virðist hann hafa snúið við blaðinu. Þá virðist hann ætla að bæta ímynd sína, því hann viðurkenndi í viðtali við Leno að hafa verið stjórnlaus. „Ég áttaði mig á að ég var að tapa,“ sagði Sheen, en frasinn „Winning“ (að vinna) var einna frægastur á niðurlægingartímabili hans. Þá segist hann ekki vera reiður út í framleiðendur CBS fyrir að reka hann og gengur svo langt að segjast skilja ákvörðun þeirra.



**NÝR MAÐUR** Charlie Sheen viðurkennir í viðtali við Leno að hann hafi verið stjórnlaus á tímabili.








**HANNAR EIGIN LAMPA** Sverrir og Ingvar Björn með lampana nýstárlegu sem bjóða fólki upp á þann valkost að hanna sinn eigin með mynd. Sverrir segir þá þegar hafa selt fimmtán slíka lampa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# VARNARTRÖLL ÚR FH Í LAMPAGERÐ

**Sverrir Garðarsson sleit liðþófa og hefur verið frá keppni í fótbolta í sumar. Meðan hann jafnar sig á meiðslunum framleiðir hann lampa með félaga sínum.**

Sverrir Garðarsson, varnartröll úr FH, hefur verið frá knattspyrnuvellinum í allt sumar vegna meiðsla og hefur fyrir vikið beint kröftum sínum í aðra átt. Hann er nú farinn að framleiða nýstárlega lampa með félaga sínum, Ingvari Birni Þorsteinssyni, nema í vöruhönnun við Listaháskólann og hönnuði lampans. Sverrir segir þetta einungis fyrstu línuna hjá þeim félögum, þeir ætli sér meira í náinni framtíð. Lampinn var til sýnis á einni stærstu hönnunarsýningu í heimi í Stokkhólmi í fyrra og fékk góðar viðtökur.

Sverrir sleit liðþófa í upphafi sumarsins og í uppskurði kom í ljós að hann var með brjóskskemmdir í hnénu. Hann er nú í stífri endurhæfingu, sem hann segir að gangi mjög vel. „Ég er ekkert búinn að leggja skóna á hilluna þótt margir spyrji mig þeirrar spurningar. Ég vakna á hverjum degi og geri hnéæfingar.“

Þeir félagar eru þegar komnir með hönnunarvernd fyrir lampann í Evrópu og Ísland en ætla sér að fara hægt í sakirnar, sígandi lukka sé best. „Hins vegar hafa allir sem hafa fengið lampa verið mjög ánægðir og við höfum átt fundi með fyrirtækjum sem hefur litist mjög vel á hann,“ útskýrir Sverrir, en þeir hafa nú þegar selt fimmtán lampa. „Maður er alltaf að læra í þessum bransa og við stefnum núna á að gera góða vefsíðu og vinna með rétta fólkinu.“ Þeir sem hafa áhuga að kynna sér lampana enn frekar geta farið á vefsíðuna switchlight.is en hluti af sölu lampanna rennur til styrktar Krabbameinsfélaginu.

freyrgigja@frettabladid.is

# Kemur í nóvember

Tónleikamynd og -plata Sigur Rósar, Inni, kemur í verslanir 7. nóvember. Platan verður tvöföld og á henni verða fimmtán lög, þar á meðal Lúppulagið sem hljómar í lok myndarinnar en var áður óútgefið. Sigur Rós spilar níu lög í myndinni, sem var tekin upp í London 2008, auk fjögurra aukalaga. Inni var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum á dögunum við góðar undirtektir. Myndin verður sýnd í fyrsta sinn hér á landi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 22. september. Inni verður sýnd víða um heim í haust, þar á meðal í Grikklandi, Brasilíu, Kanada og Noregi.





ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is


BYGGÐ Á METSÖLUBÓKINNI “MÓÐIR Í HJÁVERKUM”
sarah jessica parker
I DON'T KNOW HOW SHE DOES IT
einkamál.is
pierce brosnan greg kinnear christina hendricks olivia munn
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KOMIN Í BÍÓ!
LG
SMS LEIKUR
BOÐSMIÐI
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL KHS Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/HOWSHEDOESIT

# Þarf að kaupa sér sjónvarp

Vera Sölvadóttir kvikmyndagerðarkona er einn stjórnenda menningarþáttarins Djöflaeyjunnar sem hefur göngu sína á RÚV á þriðjudag. Þetta er frumraun Veru á sjónvarpsskjánum og er hún mjög spennt fyrir fyrsta þættinum.

Djöflaeyjan fjallar um leiksýningar, kvikmyndir, heimildarmyndir og sjónvarpsþætti auk þess sem skyggnst verður á bak við tjöldin og viðtöl tekin við fagfólk. „Í fyrsta þættinum heimsækjum við til dæmis þýskan hljóðmann sem gerir hljóðbrellur fyrir sjónvarp og bíó. Hann gerði meðal annars fuglahljóð með viskustykki og hófatak með kókoshnetum og það var alveg ótrúlega fyndið og skemmtilegt að fylgjast með honum,“ útskýrir Vera.

Hún segist hafa fengið símtal frá Þórhalli Gunnarssyni sjónvarpsmanni í vor þar sem hann bauð henni að starfa við gerð Djöflaeyjunnar. „Mér fannst þetta mjög spennandi og sagði strax já. Þetta er í fyrsta sinn sem ég birtist á sjónvarpsskjánum en ég er lítið kvíðin því efnið er gott og fólkið sem ég vinn með mjög hæfileikaríkt. Við erum þegar búin að taka upp efni fyrir fyrsta og annan þátt en munum svo vinna að næstu þáttum alveg fram á vor þegar göngu þeirra lýkur.“

Innt eftir því hvort hún ætli að halda frumsýningarveislu fyrir vini og vandamenn á þriðjudagskvöld segist Vera ekki hafa skipulagt slíkt ennþá. „Ég þarf að kaupa mér sjónvarp fyrst, ég er sjónvarpslaus eins og er. En hver veit, kannski slær maður upp veislu,“ segir hún glaðlega að lokum. - sm



**HLAKKAR TIL** Vera Sölvadóttir er einn stjórnenda Djöflaeyjunnar, sem hefur göngu sína á þriðjudag. Þetta er frumraun hennar í sjónvarpsþáttagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÝTT KORTATÍMABIL

Haustsprengja
til sunnudags

25%
AFSLÁTTUR
af öllum vörum

20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM

Full búð af flottum vörum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


# Með ástríðu fyrir leikstjórn

**George Clooney segir að þrátt fyrir að hann hafi mikla ástríðu fyrir því að leikstýra ætli hann að halda áfram að leika. „Síðustu tíu árin hef ég beint sjónum mínum að leikstjórninni en það tekur langan tíma að leikstýra einni mynd. Þess vegna er leiklistin dagvinnan mín. Þannig á ég fyrir salti í grautinn en í raun langar mig mest að leikstýra,“ sagði Clooney sem leikur í gamanmyndinni The Descendants. „Á milli þess sem ég leikstýri er gott að fá að leika hjá leikstjórum á borð við Alexander Payne, Steven Soderbergh, Coen-bræðurunum og fleiri góðum.“**



**HÆTTUR VIÐ** Kevin Costner er hættur við að leika í Django Unchained. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dregur sig út úr Django

**Kevin Costner hefur hætt við að leika í vestra Quentins Tarantino, Django Unchained. Talið var að leikarinn hefði samþykkt að vera í aukahlutverki sem illmennið Ace Woody en ekkert verður af því. Tímasetningin þótti ekki henta, líklega vegna leiks hans í nýrri Supermanmynd leikstjórans Zacks Snyder. Þetta kemur á óvart því Tarantino er þekktur fyrir að endurvekja feril leikara sem mega muna sinn fífil fegri. Danny McBride úr sjónvarpsþáttunum Eastbound & Down hefur verið orðaður við hlutverkið. Þeir leikarar sem hafa þegar samþykkt að leika í Django Unchained eru Leonardo DiCaprio, Samuel L. Jackson, Jamie Foxx og Christoph Waltz.**

# Myndaði sig nakta heima

**Scarlett Johansson hefur viðurkennt að ljósmyndirnar af henni sem láku á netið á dögunum hafi verið teknar af henni sjálfri. Leikkonan kærði lekann til bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, eftir að hakkari komst í myndirnar í gegnum iPhone-símann hennar. Lögreglan mun vera nálægt því að finna sökudólginn eða sökudólgana. „Þessar mjög svo persónulegu ljósmyndir voru teknar af skjólstæðingi mínum á heimili hans þar sem hann sat fyrir nakinn eða ber að ofan,“ sagði lögfræðingur Johansson í yfirlýsingu sinni.**



**SCARLETT JOHANSSON** Myndirnar sem láku á netið voru teknar á heimili hennar.

# Rossellini rænd í Reykjavík

Elettra Rossellini Wiedemann, dóttir leikkonunnar Isabellu Rossellini, lenti í óskemmtilegri reynslu þegar hún var stödd í tveggja vikna fríi á Íslandi í sumar. Undir lok ferðalagsins var öllum farangri hennar stolið, en frá þessu greinir Rossellini í viðtali við blaðið New York Magazine. Í farangrinum var meðal annars myndavél og fatnaður Rossellini, þar á meðal skærgulur kjóll sem hún keypti í búð í Reykjavík.

„Í tíu mínútur var ég alveg brjáluð yfir þessu en svo hugsaði ég með mér að sá sem hefði tekið dótið mitt þyrfti örugglega meira á því að halda en ég.“ Elettra Rossellini er 28 ára gömul fyrirsæta og hefur meðal annars setið fyrir í tímaritunum Vogue og Harper's Bazaar. Einnig er hún andlit Lancóme-snyrtivörumerkisins.

Í viðtalinu kemur fram að hún hafi verið stödd á Íslandi með föður sínum, Jonathan Wiedemann, sem er fyrrverandi fyrirsæta og nú hönnuður hjá Microsoft, stjúpmóður sinni og börnum þeirra. Fór Rossellini meðal annars í Bláa lónið, í jöklaferð og skoðaði hraun en ekki kemur fram hvar í Reykjavík hún varð fyrir barðinu á þjófunum.



**MÓÐIRIN** Leikkonan Isabella Rossellini var ekki með í för þegar dóttir hennar glataði fötum og myndavél í Reykjavík. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**ÖLLUM FÖTUNUM STOLIÐ** Fyrirsætan Elettra Rossellini Wiedemann greinir frá óskemmtilegu atviki á Íslandi í viðtali við New York Magazine.

# Houston á hvíta tjaldið

**Söngkonan Whitney Houston snýr aftur á hvíta tjaldið á næstunni í endurgerð kvikmyndarinnar Sparkle frá árinu 1976.**

**Idol-stjarnan Jordin Sparks leikur einnig í myndinni sem er byggð á sögu hljómsveitarinnar The Supremes. Fyrsta kvikmyndahlutverk Houston var í The Bodyguard árið 1992 og lék hún í nokkrum myndum í kjölfarið, en hefur ekki leikið í fimmtán ár. Í Sparkle leikur hún móður Jordin Sparks, sem vill að dóttir sín stígi varlega til jarðar í tónlistarbransanum.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Emilíana Torrini** heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma á tónlistarhátíð í Sviss 26. október. Hátíðin nefnist Heartland Festival og er haldin í bænum Vevey við bakka Genfarvants. Meðal annarra tónlistarmanna á hátíðinni verða José González, sem hefur nokkrum sinnum spilað hér á landi, og David Pajo sem hefur spilað með rokksveitunum Yeah Yeah Yeahs og Interpol. Emilíana eignaðist sitt fyrsta barn í byrjun ársins og hefur lítið haft sig í frammi á tónlistarsviðinu síðan þá. Ný plata mun þó vera á teikniborðinu.



Hljómsveitin Bloodgroup fær góða dóma hjá þýsku tónlistarsíðunni Laut.de fyrir plötu sína Dry Land. Tónlistinni er líkt við aðra íslenska elektrópoppsveit, FM Belfast, og sænsku tónlistarkonuna Fever Ray. Andrúmsloftinu á plötunni er hrósað ásamt sköpunargleðinni, auk þess sem tónlistin er sögð algjörlega í takt við tímann. Lagið This Heart fær sérlega góða dóma þar sem **Lilju Kristínu Jónsdóttur**, fyrrverandi söngkonu hljómsveitarinnar, er hrósað fyrir kraftmikla röddina.



Hljómsveitirnar Apparat Organ Quartet, Dikta og Retro Stefson, þar sem **Þorbjörg Roach** spilar á hljómborð, taka þátt í Reeperbahnhátíðinni í Hamburg í Þýskalandi sem fer fram 22.-24. september. Hátíðin fer fram árlega í borginni og hafa íslenskar hljómsveitir áður komið þar fram. Markmiðið með henni er að kynna hljómsveitir fyrir fólki í tónlistarbransanum. Samhliða er haldið hið svokallaða Reeperbahn Campus þar sem aðilar í tónlistargeiranum koma saman og halda fyrirlestra og pallborðsumræður. - fb









DUDAMEL Á ÍSLANDI

Ein skærasta stjarna tónlistarinnar

Á morgun, 18. september kl. 20.00

Fyrsta erlenda gestahljómsveitin í Hörpu:

Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar

Á efnisskrá tónleikanna er meðal annars frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Sinfónía nr. 6 eftir Tchaikovsky og Klarínettukonsert eftir Mozart. Einleikari er Martin Fröst.

Tryggið ykkur miða

HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

www.harpa.is

Stoltur styrktaraðili

Arion banki

ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS HAR 56413 09/11








**GYÐJAN MÆTT** Berglind Rós óskaði Sigrúnu Lilju, framkvæmdastjóra og hönnuði Gyðja Collection, til hamingju með nýju línuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FRAMÚRSTEFNULEGAR FYRIRSÆTUR** Stúlkurnar sem sýndu nýju línuna voru ólíkar gestunum.

# GYÐJUR FAGNA MEÐ GYÐJU

**Gyðja Collection frumsýndi nýja fylgihlutalínu á Nauthóli í Nauthólsvík á fimmtudagskvöld. Fjöldi fólks kom saman af því tilefni og virtist skemmta sér vel.**



**HRESSAR** Magnea Árnadóttir og Lilja Pálsdóttir brostu blítt.



**MÆTTAR Á SVÆÐIÐ** Sandra Ýr Grétarsdóttir og Þórdís Dan voru áberandi.

**FERSKAR** Ása Björg, Bjarnheiður Hannesdóttir og Hanna María voru á meðal ferskari gesta.



# A4

## ÚTSÖLUMARKAÐUR Á SMÁRATORGINU

## Leikföng, föndurvörur og DVD

GERIÐ GÓÐ KAUP HJÁ OKKUR!




VERÐ FRÁ 99 kr.

Opnunartími: Mán.- fös. 9:00-18:00 · Lau. 10:00-18:00 · Sun. 12:00-18:00

ATHUGIÐ!
Útsölumarkaðurinn er aðeins í A4 Smáratorgi 1, Kópavogi.

A4

Smáratorgi 1 Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is

Skrifstofa og skóli


16.000 BÍÓGESTIR!
Svali
ÆVINTÝRADRYKKUR
★★★★
"Skemmtileg bíómynd fyrir alla fjölskylduna, lífleg, fyndin og hentar öllum aldri"
H.G. - Poppland Rás 2
★★★★
"Sveppi, Villi og Gói skila allir sínu upp í topp", "Allir á Sveppa!"
A.E.T. - Mbl.
★★★
"Vekur ímyndunarafl áhorfenda"
Ó.H.T - Rás 2
BRAGA ÞÓR HINRIKSSON
ALGJÖR SVEPPI
OG TÖFRASKÁPURINN
★★★★
"Fálkaorðuna á Sveppa"
K.I. Pressan.is
facebook vinafærslur
Var ad koma heim af henni, þetta er klárlega besta myndin :D vonandi kemur önnur :D
Elín Björg Eyjólfsdóttir
Ég fór á þessa mynd í gær, hún var geggjuð langar svooooo aftur. Kemur mynd nr.4?
Ólöf Rós
Ég hlýt að vera orðinn 10 aftur því ég hló svo mikið af Audda, frábær :)
Jóhannes Skúlason
Var á henni í gær, geðveik mynd, vonandi kemur önnur :D
Andrea Björk Birkisdóttir
Var í bíó á Algjör sveppi og töfraskápurinn :D það var svoo gaman :D
Sigrún Agnes Einarsdóttir
Ég ætla með öllum vinum minum á þessa mynd :D Mér er alveg sama þótt ég sé unglingur og þetta er barnamynd því þetta eru snilldarmyndir ;)
Ísabella Mist Tómasdóttir
Er kominn af myndinni, langar aftur!
Hafþór Pálmi Oddsson
Skemmtilegasta mynd sem ég hef séð!
Guðríður María
Syni mínum þótti nú ekki leiðinlegt á nýjustu myndinni og hló mikið...
...sagði mér svo með tilþrifum frá myndinni þegar heim var komið.
Þórdís Bjarney Guðmundsdóttir
Þetta er langbesta myndin sem þið hafið gert, það hlýtur að vera gaman að búa til svona myndir!
Mc Rachel Ray
ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KRINGLUNNI SAMBÍÓIN
ÍSLANDS
little BIG films ehf.
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
SELFOSSI SAMBÍÓIN
Miðasala á www.sambio.is
facebook.com/sveppi3

# sport

sport@frettabladid.is



**ANDRI ÓLAFSSON** verður ekki í liði ÍBV gegn KR og ólíklegt er að hann spili meira með Eyjaliðinu í sumar. Andri meiddist á nára í leiknum gegn Stjörnunni og hann tjáði Fréttablaðinu í gær að útlitið væri ekki gott með framhaldið. Ef hann spilar ekki meira er það mikið áfall fyrir ÍBV enda Andri lykilmaður.



**HÁSTEINSVÖLLUR** Ekki er víst að það verði stætt á vellinum á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Stórleiknum kannski frestað:

## Aftakaveðri spáð í Eyjum

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að fresta yrði stórleik ÍBV og KR í Pepsi-deildinni á morgun.

Spáð er aftakaveðri í Eyjum og vindhraðinn gæti farið allt upp í 25 metra á sama tíma og leikurinn á að fara fram.

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, sagði að menn þar á bæ væru ekki farnir að huga að frestun. Tekið yrði á málinu á leikdegi ef á þyrfti að halda.

KR-ingar hyggjast fljúga í leikinn á sunnudag og miðað við spána núna er ólíklegt að flogið verði til Eyja. Þá verður leiknum sjálfkrafa frestað fram á mánudag en spáin fyrir mánudag er ágæt.

Ef KR-liðið kemst aftur á móti til Eyja verður það síðan í höndum dómarans að ákveða hvort leikurinn fari fram eður ei.

Þriðja síðasta umferð Pepsi-deildarinnar á að fara fram á morgun. Klukkan 17.00 mætast Grindavík og FH, Fylkir og Stjarnan, Breiðablik og Víkingur, Valur og Þór og vonandi fer fram leikurinn í Eyjum.

Leikur Fram og Keflavíkur hefst aftur á móti klukkan 19.15 í Laugardalnum. - hbg

### Lið 19. umferðar

**Markvörður:**
Sigmar Ingi Sigurðarson, Breiðabliki

**Varnarmenn:**
Alexander Magnússon, Grindavík
Daníel Laxdal, Stjörnunni
Grétar Sigfinnur Sigurðarson, KR
Kristinn Jónsson, Breiðabliki

**Miðvallarleikmenn:**
Andri Fannar Stefánsson, Val
Andri Steinn Birgisson, Keflavík
Matthías Vilhjálmsson, FH

**Sóknarmenn:**
Jóhann Helgi Hannesson, Þór
Steven Lennon, Fram
Óli Baldur Bjarnason, Grindavík


pepsi deildin

**Sunnudagur, 18. september**

| | |
|---|---|
| **Breiðablik - Víkingur R.** Kópavogsvöllur | kl. 17.00 |
| **ÍBV - KR** Hásteinsvöllur | kl. 17.00 |
| **Valur - Þór** Vodafonevöllurinn | kl. 17.00 |
| **Grindavík - FH** Grindavíkurvöllur | kl. 17.00 |
| **Fylkir - Stjarnan** Fylkisvöllur | kl. 17.00 |
| **Fram - Keflavík** Laugardalsvöllur | kl. 19.15 |





# Veit að þær eru hræddar við okkur

**Þóra Björg Helgadóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir hafa farið á kostum á Laugardalsvellinum síðustu ár og íslenska liðið þarfnast þeirra sem aldrei fyrr þegar það tekur á móti Noregi í dag í einum af úrslitaleikjum sínum í undankeppni EM. „Ég vona að við fáum þjóðina með okkur,“ segir Margrét Lára.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið verður í eldlínunni í dag þegar það mætir Norðmönnum á Laugardalsvellinum í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM. Stelpurnar okkar hafa kallað eftir stuðningi í leiknum á morgun, en þær hafa átt marga frábæra daga í Laugardalnum undanfarin ár, þar sem aðeins ein orrusta hefur tapast síðan Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við þjálfun liðsins árið 2007.

Tveir leikmanna íslenska liðsins státa af frábærri tölfræði á Laugardalsvellinum síðustu ár og það er vonandi að þær geti báðar bætt við hana í leiknum í dag, sem hefst klukkan 16.00. Þóra Björg Helgadóttir hefur haldið marki sínu hreinu í 1.848 daga á vellinum og Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað 27 mörk í 18 A-landsleikjum sínum á vellinum.

„Það er rosalega mikilvægt að við förum út úr þessum viðureignum með helst níu stig. Það er frábært að byrja á þremur heimaleikjum og komast svolítið á skrið í riðlinum,“ segir Þóra Björg Helgadóttir, sem lék um tíma í norsku deildinni.

„Ég þekki margar í norska liðinu og ég veit að þær eru hræddar við okkur. Þær vita að við erum góðar. Ég held að þetta verði bara stál í stál,“ segir Þóra.

**Þetta verður stríð**

„Þetta verður stríð,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir. „Við eigum svolítið harma að hefna því mér fannst við ekki eiga góðan leik á móti þeim á Evrópumótinu. Mér fannst þær valta yfir okkur í öllum aðgerðum. Við höfum sýnt það á árinu að við erum með hörkulið. Leikmenn okkar eru að fá meiri reynslu á hverjum degi og verða bara betri og betri. Það verður ekkert auðvelt fyrir Norðmennina að ætla eitthvað að valta yfir okkur á morgun,“ segir Margrét Lára.

Stærsta fréttin úr íslenska hópnum fyrir þennan leik er að liðið er án Eddu Garðarsdóttur, sem hefur leikið síðustu 26 mótsleiki kvennalandsliðsins, eða alla alvöru landsleiki sem liðið hefur spilað undir stjórn Sigurðar Ragnars.



**27 MÖRK Í AÐEINS 18 LEIKJUM** Margrét Lára Viðarsdóttir verður í sviðsljósinu í dag þegar Ísland mætir Noregi á Laugardalsvellinum. Hún biðlar til þjóðarinnar að mæta og styðja við bakið á stelpunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Sakna Eddu**

„Við erum með miklu breiðari hóp og fleiri stelpur eru komnar með reynslu. Litlu krílin eru komin með 40, 50 leiki og það er bara frábært. Þó að við söknum Eddu hef ég engar stórar áhyggjur af þessu,“ segir Þóra. Edda er þó ekki aðeins brimbrjóturinn á miðju liðsins því hún tekur líka öll föstu leikatriðin, svo sem horn og aukaspyrnur sem skila liðinu jafnan mörgum mörkum.

„Það er mjög erfitt að fylla skarð Eddu því hún er lykilleikmaður í okkar liði. Hún er stór og mikill karakter líka, sem gleymist oft. Við munum leysa það á morgun og það kemur bara einhver önnur sterk inn í hennar stað. Við skorum bara á okkur sjálfar að skora mark úr föstu leikatriði á morgun [í dag]. Ég held að það sé gott markmið,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir, en það gæti komið í hennar hlut að taka horn og aukaspyrnur liðsins.

Þóra hefur haldið hreinu í níu leikjum í röð á Laugardalsvellinum og alls í 814 mínútur. Hún fékk síðast mark á sig á vellinum í A-landsleik í leik á móti Svíum lok ágúst 2006.

**Elska að spila á Laugardalsvelli**

„Ég ætla ekki að breyta því og hef sett stefnuna á tíu ár,“ segir Þóra í léttum tón en bætir svo við: „Okkur líður rosalega vel hérna og værum til í að spila alla leikina hér. Við fáum yfirleitt rosalega góðan stuðning og það er náttúrulega allt best á Íslandi,“ segir Þóra og Margrét Lára vonast eftir að fólk fjölmenni í Laugardalinn í dag.

„Ég vona að við fáum þjóðina með okkur. Laugardalsvöllurinn er okkar völlur og okkar vígi. Það kemur enginn hingað og tekur eitthvað frá okkur hér. Við elskum að spila hér,“ segir Margrét Lára og bætir við:

„Ég vil skora á fólk að mæta á morgun. Við stelpurnar erum búnar að vera duglegar í vikunni. Við erum búnar að fara í heimsóknir út um allan bæ og höfum látið taka auglýsingar af okkur fyrir blöðin. Við erum að sinna okkar og ég skora á fólk að svara kallinu og mæta á morgun. Við þurfum bara að fylla völlinn og þá eiga Norðmennirnir ekki möguleika,“ segir Margrét Lára að lokum.

ooj@frettabladid.is

Sigmar Ingi Sigurðarson bestur í 19. umferð:

## Með jákvætt viðhorf

**FÓTBOLTI** Sigmar Ingi Sigurðarson er leikmaður 19. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann sýndi marga frábæra takta í marki Breiðabliks er liðið gerði 1-1 jafntefli við Keflavík suður með sjó í fyrrakvöld.



„Við ætluðum að stimpla okkur endanlega út úr botnbaráttunni með þessum leik,“ sagði Sigmar Ingi við Fréttablaðið í gær. „En þetta var opinn leikur þar sem sigurinn gat dottið með báðum liðum.“

Breiðablik er núverandi Íslandsmeistari og því einkennilegt að liðið skuli vera að daðra við botnbaráttu fremur en titilslaginn. „Við vorum með skýr markmið fyrir tímabilið um að sækja titilinn upp á nýtt. Það hefur einfaldlega engan veginn gengið eftir,“ sagði Sigmar Ingi. „Við komumst í raun aldrei af stað eða á skrið með því að vinna nokkra leiki í röð.“

Sumarið hefur þó verið ágætt fyrir Sigmar Inga sem hefur fengið mikið að spila og haldið Ingvari Þór Kale, sem á nokkra landsleiki að baki, úr liðinu í síðustu leikjum. „Ég spilaði nokkra leiki í upphafi móts sem gekk ágætlega. Svo þegar ég fékk aftur tækifærið hef ég reynt að nýta það eins vel og ég get. Mér finnst góður stígandi í mínum leik.“

Sigmar er 28 ára gamall uppalinn Bliki en hefur aldrei spilað meira með liðinu en nú í sumar. Hann á einnig nokkur ár að baki með ÍH og Hvöt í 2. og 3. deild en kom svo aftur til Breiðabliks fyrir sumarið 2009. Þar til í sumar voru tækifærin af skornum skammti.

„Ég hef alltaf verið með jákvætt viðhorf og sætt mig við mína stöðu. Ég hef ekki mikið getað sagt síðustu ár enda hefur Ingvar spilað mjög vel, þó svo að hann hafi ekki alveg fundið sig í sumar. Ég hef bara haldið áfram, lagt hart að mér og reynt að bæta mig.“ - esá



### PISTILLINN

**Helga Margrét Þorsteinsdóttir** frjálsíþróttakona

## Aldrei gefast upp!

Þolinmæði þrautir vinnur allar. Þetta hefur mamma brýnt fyrir mér oft og mörgum sinnum. Lengi vel fannst mér þetta nú bara vera eitthvert innantómt raus í kellingunni og kannski skildi ég aldrei almennilega hvaða boðskapur felst í raun og veru í máltækinu.

Núna er ég aftur á móti alltaf að átta mig betur og betur á því hvað þolinmæði er mikil dyggð. Með þolinmæðina og æðruleysið að vopni gefst maður aldrei upp, sama þó að á móti blási, og það kröftuglega.

Að ná ekki settu marki er sárt. Þú verður fyrir vonbrigðum því þér mistókst. Það auðveldasta í stöðunni er að snúa baki við eigin draumum og löngunum, gefast upp á markmiðinu og setja þér nýtt markmið á einhverju öðru sviði.

Ný markmið eru að sjálfsögðu af hinu góða en ef við gefumst alltaf upp á gömlu markmiðunum er hætt við að við náum aldrei neinum markmiðum. Það er ekki auðvelt að bíta á jaxlinn og halda áfram að vinna að gamla markmiðinu en ef að þig langar virkilega mikið að ná því er það klárlega þess virði. Þegar markmiðið svo loksins næst verður tilfinningin betri en þig hafði órað fyrir.

Gömlu markmiðin verður þó að endurskoða reglulega og gott er að spyrja sjálfan sig hvers vegna markmiðið hefur ekki enn náðst. Þegar svarið við þeirri spurningu liggur fyrir er mikilvægt að gera ekki sömu vitleysuna aftur.

Ég stend frammi fyrir þeirri leiðinlegu staðreynd að mér tókst ekki að ná lágmarki á Heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum, sem er í fullum gangi þegar þetta er skrifað. Að ná lágmarkinu fyrir mótið hafði verið markmið hjá mér í langan tíma og niðurstaðan því eðlilega töluverð vonbrigði. Það auðveldasta í stöðunni væri að fara í fýlu og gefast upp. En það ætla ég ekki að gera. Það er annað tækifæri eftir tvö ár, þá verður heimsmeistaramótið haldið í Moskvu og þar ætla ég að vera meðal keppenda.

Í íþróttum er ekki tjaldað til einnar nætur og uppbyggingarstarfsemin getur tekið mörg ár þangað til settu marki er náð. Það gengur ekki alltaf vel og við því er ekkert að gera. Það eina sem við getum gert er að halda alltaf áfram – aldrei gefast upp!




24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## > Dustin Hoffman

„Mér finnst vera svindlað á mér, því ég mun aldrei fá að upplifa hvernig það er að vera óléttur, fæða barn og gefa brjóst.“

***Dustin Hoffman leikur í kvikmyndinni Billy Bathgate, sem segir frá manni sem trúir því að hann verði ríkur fái hann inngöngu í glæpaklíku. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 22.***

# dagskrá

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 14.30

### Man. Utd. – Chelsea



Það er sannkölluð fótboltaveisla á sportrásum Stöðvar 2 í dag. Einn af stórleikjum ársins í ensku úrvalsdeildinni, viðureign Manchester United og Chelsea, verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 og hefst útsendingin klukkan 14.30, eða strax í kjölfarið á öðrum stórleik þar sem Tottenham og Liverpool mætast. United er í toppsætinu með fullt hús stiga eftir fjórar umferðir ásamt Manchester City sem heimsækir Fulham í dag og en sá leikur hefst klukkan 14.00 og er sýndur á Sport 3. Á sama tíma er einnig leikur Sunderland og Stoke á Sport 4. Fótboltaveislan hefst þó enn fyrr á Stöð 2 Sport því útsending frá nágrannaslag Rangers og Celtic í skoska boltanum hefst kl. 11.20. Klukkan 16.45 er síðan komið að toppslagnum í Pepsi-deild karla þar sem ÍBV og KR mætast í Vestmannaeyjum og úrslitin gætu ráðist í deildinni. Til að fullkomna veisluna er síðan leikur Levante og Real Madrid í spænska boltanum sýndur á Sport 3 klukkan 17.55.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Inn og út um gluggann **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Þá mun ljóð mitt koma til þín **11.00** Guðsþjónusta í Bessastaðakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Ég skrifa leikrit af því ég get ekki annað **15.00** Kynslóðir mætast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Jazzhátíð Reykjavíkur 2011 **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónleikur **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Að horfa á tónlist **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Mörk vikunnar** (e)
**10.50 Golf á Íslandi** (10:14) (e)
**11.20 Mótókross** (e)
**11.55 Landinn** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.55 Undur sólkerfisins – Dauði eða líf** (4:5) (Wonders of the Solar System) (e)
**14.50 Demantamót í frjálsum íþróttum**
**16.50 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (3:8) (Daníel Bjarna) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Með afa í vasanum** (52:52)
**17.42 Skúli Skelfir** (42:52)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Fagur fiskur í sjó** (9:10)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Skjaldborg 2011** Mynd eftir Herbert Sveinbjörnsson um heimildarmyndahátíðina Skjaldborg á Patreksfirði.
**20.45 Lífverðirnir** (Livvagterne)
**21.45 Sunnudagsbíó - Gainsbourg** (Gainsbourg) Mynd um ævi franska tónlistarmannsins Serge Gainsbourg. Frönsk bíómynd frá 2010.
**23.55 Luther** (6:6) (Luther) (e)
**00.50 Silfur Egils** (e)
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**113.20 Nágrannar**
**13.45 America's Got Talent**
**15.15 America's Got Talent**
**16.15 Borgarilmur** (4:8)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (8:24)
**19.40 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:2) Gordon Ramsay heimsækir nú veitingahúsin sem hann hefur hjálpað til við að breyta og byggja upp í gegnum um tíðina og athugar hvort reksturinn er enn í góðum höndum og eins vel rekinn og þegar hann skildi við hann.
**20.30 Harry's Law** (3:12) Nýr gamansamur lögfræðiþáttur frá David E. Kelly um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn (Kathy Bates) sem hættir hjá þekktri lögfræðistofu og stofnar sína eigin. Hún ræður til sín harla óvenjulegan hóp samstarfsfólks og ákveður að taka að sér mál þeirra sem minna mega sín.
**21.15 The Whole Truth** (13:13) Nýtt og spennandi lögfræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína. Í hverjum þætti kynnumst við báðum hliðum á málunum sem eykur spennu áhorfandans um sekt eða sakleysi fram á síðustu mínútu.
**22.05 Game of Thrones** (5:10)
**23.00 60 mínútur**
**23.45 Daily Show: Global Ed.**
**00.15 Love Bites** (5:8)
**01.00 Big Love** (4:9)
**01.55 Weeds** (10:13)
**02.25 It's Always Sunny In Philadelphia** (8:13)
**02.50 Edmond**
**04.10 I'ts a Boy Girl Thing**
**05.45 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**09.35 Spænski boltinn: Barcelona - Osasuna**
**11.20 Rangers - Celtic** Bein útsending frá nágrannaslag Rangers og Celtic í skosku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
**13.25 Meistaradeild Evrópu**
**15.10 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**15.55 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**16.20 Golfskóli Birgis Leifs** (6/12)
**16.45 Pepsí deildin 2011** Bein útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.00 Spænski boltinn: Levante - Real Madrid**
**21.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**22.15 Pepsí deildin 2011**
**00.05 Pepsi mörkin**
**01.20 Spænski boltinn: Levante - Real Madrid**

## SPORT 2 enski boltinn

**08.40 Bolton - Norwich** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Norwich City í ensku úrvalsdeildinni.
**10.30 Aston Villa - Newcastle** Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle United í ensku úrvalsd.
**12.20 Tottenham - Liverpool** Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**14.30 Man. Utd. - Chelsea** Bein útsending frá leik Manchester United og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Sunnudagsmessan**
**18.15 Fulham - Man. City** Útsending frá leik Fulham og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð.
**21.20 Sunderland - Stoke**
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 Man. Utd. - Chelsea**
**02.15 Sunnudagsmessan**

## EXTRA

**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.55 Bold and the Beautiful**
**18.15 Bold and the Beautiful**
**18.30 ET Weekend**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 Tricky TV** (5:23)
**20.05 Royally Mad** (2:2) Vandaður þáttur í tveimur hlutum með Cat Deeley, kynni So You Think You Can Dance, sem leggur upp í pílagrímsför með nokkrum trítilóðum bandarískum láta sinn æðsta draum rætast, að upplifa brúðkaup aldarinnar. Seinni hluti.
**21.00 Bored to death** (1:8) Nýir bráðfyndnir gamanþættir með Ted Danson, Jason Schwartzman og Zach Galifianakis úr Hangover myndunum. Jonathan Ames, ungur, ráðvilltur rithöfundur í Brooklyn, er á tímamótum í lífi sínu.
**21.30 Bored to death** (2:8)
**22.00 Sex and the City** (2:20)
**22.30 Sex and the City** (14:18)
**23.00 ET Weekend**
**23.45 Tricky TV** (5:23)
**00.10 Sjáðu**
**00.35 Fréttir Stöðvar 2**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**19.00 Fiskikóngurinn**
**19.30 Gunnar Dal**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur**
**21.30 Kolgeitin**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Motoring**
**23.30 Eldað með Holta**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## N4

**N4 Sjónvarp Norðurlands endursýnir efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Rachael Ray** (e)
**13.30 Rachael Ray** (e)
**14.10 Rachael Ray** (e)
**14.55 Real Housewives of Orange County** (11:17) (e)
**15.40 Dynasty** (28:28) (e)
**16.25 Being Erica** (4:12) (e)
**17.10 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**17.40 Outsourced** (1:22) (e)
**18.05 According to Jim** (5:18) (e)
**18.30 Mr. Sunshine** (5:13) (e)
**18.55 Rules of Engagement** (20:26) (e)
**19.20 30 Rock** (3:23) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (21:50) (e)
**20.10 Top Gear Australia** (7:8)
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit - NÝTT** (1:24) Bandarísk sakamálaþáttaröð um sérdeild lögreglunnar í New York borg sem rannsakar kynferðisglæpi. Vinátta skapast milli fórnarlambs og bjargvættar. Rannsókn máls fórnarlambsins gefur til kynna að raðnauðgari gangi laus.
**21.45 The Borgias** (4:9)
**22.35 Shattered - LOKAÞÁTTUR** (13:13) Þáttaröð um rannsóknarlögreglumanninn Ben Sullivan.
**23.25 House** (2:23) (e)
**00.15 In Plain Sight** (11:13) (e)
**01.00 The Bridge** (11:13) (e)
**01.50 The Borgias** (4:9) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.40 BMW Championship** (3:4)
**12.10 Golfing World**
**13.00 BMW Championship** (3:4)
**16.00 BMW Championship** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2002 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## BBC entertainment

**10.50** Fawlty Towers **11.30** Fawlty Towers **12.05** Fawlty Towers **12.35** Top Gear **13.25** Top Gear **14.15** Top Gear **15.10** Top Gear **16.00** Live at the Apollo **16.45** Live at the Apollo **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Live at the Apollo **19.45** Live at the Apollo **20.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.00** Fawlty Towers **22.05** The Graham Norton Show **22.40** Fawlty Towers **23.10** Fawlty Towers **23.50** Fawlty Towers **00.25** Fawlty Towers **01.00** QI **01.30** QI

## DR 1

**08.00** AF1 **08.25** Tintin **08.50** Isas Stepz **09.05** Hannah Montana **09.30** Gepetto News **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** 100 års spekulation **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Midt i naturen **13.15** Vilde roser **14.00** Mission. Ekstremsport **14.30** HåndboldSøndag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** 21 Søndag **19.40** Fodboldmagasinet **20.10** Thorne: Bangebuks **22.00** Den hemmelige krig mod terror **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro **04.10** Hubert

## NRK 1

**07.15** Ut i nærturen **07.40** Schrödingers katt **08.10** FBI **08.40** Norge rundt **09.05** Skavlan **10.05** Kjell Arnljot Wig - engasjert og omstridt NRK-pioner **10.45** Smykketyven **12.15** QuizDan **13.15** 4-4-2 **15.30** Åpen himmel **16.00** Ut i naturen **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Siffer **18.35** Norskekysten **19.15** Kennedy-klanen **19.55** Kennedy-klanen **20.40** NM sommerskiskyting **21.00** Kveldsnytt **21.20** Historier om graviditet **22.20** Mordene på Skärsö **23.20** Blues jukeboks **04.30** Morgennytt

## svt1

**10.00** Från Lark Rise till Candleford **11.00** Från Lark Rise till Candleford **12.00** Tack för musiken **13.00** Gäster med gester **13.45** Rapport **13.50** Handbollsextra **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Moraeus med mera **19.00** Mördare okänd **20.45** Ont blod **21.35** The Hour **22.35** Rapport **22.40** Friday night dinner **23.10** Landet Brunsås **23.40** Rapport **23.45** En andra chans **00.15** Hübinette **00.45** Rapport

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VORUM AÐ TAKA INN NÝJA SENDINGU

Við sérhæfum okkur í sófum og stökum stólum.
Ótal möguleikar af útfærslum, ýmist í áklæði eða leðri.

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogi - Sími 553 7100 - www.linan.is
OPIÐ mán - fös 12:00 - 18:00 I laugardaga 11:00 - 16:00

# SÓFA-DAGAR!

## ALLIR SÓFAR Á TILBOÐSVERÐI!

HÚSGAGNAHÖLLIN

Tilboðin gilda til 30. september.

**Nú er rétti tíminn til að kaupa sófa!**



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**179.990**

FULLT VERÐ: 239.990

**FLOW** tungusófi. Grátt áklæði. 253x215 H:83/43 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.



**SETT!** 2 + 3 SÆTA

**259.980**

fullt verð ~~379.980~~



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**139.990**

FULLT VERÐ: 179.990

**STYLO** 3 sæta sófi. Svart leður. B:200 D:85 H:85 cm. **174.990** fullt verð ~~219.990~~.
**STYLO** 2 sæta sófi. Svart leður. B:158 D:85 H:85 cm. **124.990** fullt verð ~~159.990~~.

**COBRA** tungusófi. Svart áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.

## Hinn eini sanni LA-Z-BOY®
## Á FRÁBÆRU VERÐI!

LA-Z-BOY tilboðin gilda til 25. september eða meðan birgðir endast.

**Rýmum til fyrir nýjum vörum!**



NÚNA 45% AFSLÁTTUR

**59.990**

FULLT VERÐ: 109.990



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**59.990**

FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**59.990**

FULLT VERÐ: 119.990

**AMITY** La-z-boy stóll. Brúnt, rautt eða natur áklæði.
B:80 D:80 H:102 cm.

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.

**VIKTOR** La-z-boy stóll. Natur áklæði. B:83 D:95 H:103 cm.
Takmarkað magn.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

> Rosario Dawson

„Hjá leikurum koma auðar stundir þar sem þeir bíða bara og þrá að vinna. Því þarf maður einfaldlega að taka allri vinnu sem býðst.“

***Rosario Dawson leikur í kvikmyndinni Death Proof, sem fjallar um tvo vinkonuhópa sem lenda í morðóðum áhættuleikara sem beitir bíl sínum sem drápstóli. Myndin er í leikstjórn Quentins Tarantino og er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON VARÐ FYRIR BARÐINU Á BIKINÍKLÆDDUM BRETA Á DJASSBAR

# *Þegar ég kynntist næstum Hollívúddstjörnu*

„Mér þykir fyrir því. Það þurfa að vera minnst þrjátíu dagar eftir af gildistíma vegabréfsins til að þú komist inn í Tékkland. Þitt rennur út eftir 29 daga. Ég get ekki hleypt þér lengra.“ Þetta er líklega það síðasta sem maður vill heyra frá kurteisa manninum við innritunarborðið hjá British Airways, átján ára gamall á Heathrow klukkan hálffimm um morgun á leiðinni í fyrstu foreldrafríu utanlandsferðina.

Ósjálfbjarga unglingi á flugvelli dettur ekkert í hug annað en að kveðja vinina, hringja heim og vekja mömmu og pabba, fárast stutta stund yfir því að tollararnir í Leifsstöð hafi útbúið fyrir hann neyðarvegabréf daginn áður án þess að láta vita að hann kæmist ekki með því á áfangastað degi síðar og ræsa hálfa utanríkisþjónustuna – allt svo hann komist örugglega á tónleika með Rolling Stones um kvöldið.

Þökk sé ákveðni föður míns, greiðvikni flugmannsins hjá Icelandair sem skilaði til mín nýjum passa og vilja tollvarðanna til að fúska smá í mína þágu blessaðist þetta nú allt að lokum þótt ég vilji helst gleyma klukkustundunum níu sem ég varði í að eigra um ganga Heathrow (öðru nafni Helvítis), borða þurrar samlokur og svitna af stressi í gegnum tvö sett af fötum. Ég komst til Prag með dauðan farsíma og ég sá Stones – einn. En með tvö jafngild vegabréf í bakpokanum!



Nokkrum dögum síðar gengum við vinirnir inn á þéttsetinn djassbar í fyrirheitnu borginni. Ég vatt mér að manni sem hímdi einn með bjór og spurði hvort við mættum tylla okkur. „Sure“ sagði hann og um leið áttaði ég mig á því að þar fór enginn annar en Ron Perlman, ljótasti leikari í Hollywood. Hann var þar að leika titilhlutverkið í Hellboy. Ég hugsaði mér gott til glóðarinnar, þarna gæti ég spjallað við Hollywoodstjörnu um heima og geima. Í því hrasaði inn um dyrnar mjög hávær, hálfnakinn breskur steggur með kanínueyru í fjólubláu flauelsbikiníi. Ron beið ekki boðanna, heldur forðaði sér með það sama. Eðlilega.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér í vikunni þegar ég sá Ron vin minn fara á kostum sem sólbrúnn hálfviti í fjólubláum flauelsjogginggalla í neóskandireyfararanum Drive. Kannski hann verði einhvern tíma sýndur í sjónvarpinu.

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (3:8) (Daníel Bjarnason) (e)
**10.55 Að duga eða drepast** (40:40) (Make It or Break It) (e)
**11.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.15 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**13.00 Kiljan** (e)
**13.50 Útsvar** (Fjarðabyggð - Hafnarfjörður) (e)
**14.55 Ástin grípur unglinginn** (17:23) (The Secret Life of the American Teenager II)
**15.45 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Noregur) Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Noregs í undankeppni EM.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Franklín** (8:13) (Franklin)
**18.27 Eyjan** (18:18) (Øen) (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Skrímsli gegn geimverum** (Monsters Vs. Aliens) Eftir að loftsteinn lendir á ungri konu og breytir henni í risaskrímsli er farið með hana í skrímslageymslu hins opinbera. Bandarísk teiknimynd frá 2009.
**21.20 Sáli** (Shrink) Sálfræðingur fræga fólksins í Hollywood er miður sín vegna fráfalls konu sinnar og er að verða að hálfgerðum rugludalli. Bandarísk bíómynd frá 2009.
**23.05 Blekking** (Deception) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Bride Wars**
**10.00 Step Brothers**
**12.00 Madagascar: Escape 2 Africa**
**14.00 Bride Wars**
**16.00 Step Brothers**
**18.00 Madagascar: Escape 2 Africa**
**20.00 Little Nicky**
**22.00 Death Proof**
**00.00 Planet Terror**
**02.00 Old School**
**04.00 Death Proof**
**06.00 The Hoax**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 iCarly** (31:45)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 Friends** (19:24)
**14.05 Friends** (22:24)
**14.30 Cougar Town** (9:22)
**14.55 Hot In Cleveland** (9:10)
**15.20 Hawthorne** (2:10)
**16.05 Heimsréttir Rikku** (4:8)
**16.35 Týnda kynslóðin** (5:40)
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 America's Got Talent** (21:32) Fimmta þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir. Dómararnir eru þau Piers Morgan, Sharon Osbourne og grínistinn góðkunni Howie Mandel. Kynnir er Nick Cannon sem er vel þekktur leikari, grínisti með meiru og þar að auki eiginmaður söngkonunnar Mariuh Carey.
**21.05 America's Got Talent** (22:32)
**21.50 Funny People** Gamanmynd með alvarlegu ívafi um grínistann George Simmins sem hefur öðlast annað tækifæri í lífinu og snýr hann ásamt aðstoðarmanni sínum, hinum upprennandi grínista Ira, aftur til þess staðar sem hafði hvað mest áhrif á líf hans. Þar heimsækir hann m.a. staðinn sem kom honum á kortið og stúlkuna sem komst undan.
**00.15 What Lies Beneath** Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi.
**02.20 The Big Lebowski** Kostuleg mynd frá hinum óborganlegu Coenbræðrum sem fjallar um Jeff Lebowski er tekinn í misgripum fyrir forríkan nafna sinn. Hann flækist þar með í flókinn blekkingarvef ósvífinna manna sem hafa nafna hans að féþúfu.
**04.15 Unknown**
**05.40 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.45 Anderlecht - AEK**
**10.30 Evrópudeildarmörkin**
**11.20 Meistaradeild Evrópu**
**13.05 Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**14.15 Stjarnan - ÍBV**
**16.05 Pepsi mörkin**
**17.20 La Liga Report**
**17.50 Spænski boltinn: Barcelona - Osasuna** Bein útsending
**20.00 Floyd Mayweather Jr.- Marquez**
**21.30 Box: Mayweather - Mosley**
**23.00 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz** Skemmtileg þáttaröð þar sem hitað er upp fyrir einvígi Floyd Mayweather og Victor Ortiz.
**23.30 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz**
**00.00 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz**
**00.30 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz**
**01.00 Box: Floyd Mayweather - Victor Ortiz** Bein útsending frá hnefaleikabardaga Floyd Mayweather og Victor Ortiz.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.50 QPR - Newcastle**
**09.40 Premier League Review 2011/12**
**10.35 Premier League World**
**11.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**11.35 Blackburn - Arsenal** Bein útsending frá leik Blackburn Rovers og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**13.45 Bolton - Norwich** Bein útsending frá leik Bolton Wanderers og Norwich City í ensku úrvalsdeildinni.
**16.15 Aston Villa - Newcastle**
**18.05 Everton - Wigan** Frá leik Everton og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**19.55 Wolves - QPR** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.
**21.45 Swansea - WBA** Útsending frá leik Swansea City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**23.35 Blackburn - Arsenal**
**01.25 Bolton - Norwich**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.40 Rachael Ray** (e)
**13.20 Rachael Ray** (e)
**14.05 Dynasty** (27:28) (e)
**14.50 Friday Night Lights** (4:13) (e)
**15.40 One Tree Hill** (20:22) (e)
**16.25 Top Gear Australia** (6:8) (e)
**17.15 Game Tíví** (1:14) (e)
**17.45 The Bachelorette** (5:12) (e)
**19.15 The Marriage Ref** (3:10) (e)
**20.00 Got To Dance** (4:21)
**20.50 A Single Man** Dramatísk mynd frá árinu 2009 með Colin Firth og Julianne Moore í aðalhlutverkum. Enskuprófessorinn George Falconer hefur átt erfitt með að fóta sig í lífinu eftir að lífsförunautur hans síðastliðin 16 ár, Jim, lést í bílslysi fyrir átta mánuðum. Hann hefur reynt að lifa sínu hefðbundna lífi, en án árangurs því söknuðurinn og sorgin er mikil. Þar sem hann rembist við að ná tökum á tilveru sinni verður hann fyrir áhrifum vina sinna sem hver fyrir sig hefur ólík áhrif á hann. Leikstjóri er Tom Ford. Bönnuð börnum.
**22.30 Pollock** (e) Kvikmynd frá árinu 2000 með Ed Harris og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um líf og feril bandaríska listmálarans Jackson Pollock. Hann bjó með bróður sínum í New York, drakk stíft og tók þátt í samsýningum myndlistarmanna. Hann hitti listakonuna Lee sem lagði frá sér penslana til þess að verða fylginautur hans. Þau fluttust upp í sveit og þar þróaði Pollock með sér dreypistílinn. Ed Harris leikstýrir myndinni. Bönnuð börnum.
**00.35 Shattered** (12:13) (e)
**01.25 Smash Cuts** (32:52)
**01.45 Whose Line is it Anyway?** (e)
**02.10 Judging Amy** (8:23) (e)
**02.55 Got To Dance** (4:21) (e)
**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.45 BMW Championship** (2:4)
**09.45 Golfing World**
**10.35 BMW Championship** (2:4)
**13.35 Inside the PGA Tour** (37:42)
**14.00 BMW Championship** (3:4)
**19.30 BMW Championship** (3:4)
**01.00 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**15.45 Gilmore Girls** (20:22)
**16.30 Ally McBeal** (22:22)
**17.15 Nágrannar**
**18.35 Nágrannar**
**19.00 Cold Case** (12:23)
**19.45 Heimsréttir Rikku** (4:8)
**20.20 Borgarilmur** (4:8) Boston er fæðingarstaður Bandaríkjanna – þarna hófst byltingin sem leiddi til sjálfstæðis landsins og Ilmur kynnir sér þá merku sögu.
**21.00 Týnda kynslóðin** (5:40) Frábær skemmtiþáttur.
**21.35 It's Always Sunny In Philadelphia** (8:13)
**22.00 Glee** (20:22)
**22.45 Fairly Legal** (8:10)
**23.30 Ally McBeal** (22:22)
**00.10 Gilmore Girls** (20:22)
**00.55 Cold Case** (12:23)
**01.40 Týnda kynslóðin** (5:40)
**02.05 It's Always Sunny In Philadelphia** (8:13)
**02.30 Glee** (20:22)
**03.15 Fairly Legal** (8:10)
**03.55 Sjáðu**
**04.20 Fréttir Stöðvar 2**
**05.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**21.00 Helginn** Helginn er þáttur þar sem Helgi Hrafn og Helgi Steinar setjast í sófann og ræða um fréttir og efni af netinu.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Gestagangur hjá Randveri**
**22.30 Veiðisumarið**
**23.00 Fiskikóngurinn**
**23.30 Gunnar Dal**
**00.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


FYRIR MINNIÐ OG HEILANN

Neurozan

· Inniheldur alhliða vítamínformúlu
· Hjálpar til við upptöku líkamans af mikilvægum næringarefnum sem aðstoða við að viðhalda minni og einbeitingu
· Inniheldur Ginkó Biloba extract, 5-HTP, Q 10 og fleiri efni sem hafa áhrif á starfsemi heilans




Öll næringarefni sem þú þarft færðu úr EINNI töflu á dag

FYRIR ÓNÆMISKERFIÐ

Immunace

· Stuðlar að bættu ónæmiskerfi
· Inniheldur samsetningu af 22 andoxunarefnum, vítamínum og nauðsynlegum næringarefnum fyrir ónæmiskerfið
· Hjálpar til við að viðhalda mótstöðu gegn sýkingum og veitir vörn gegn skaðlegum sindurefnum
· Hjálpar til við að vernda frumur innan frá
· Inniheldur betacarótín, og L-carnitine

FÆST Í APÓTEKUM

VITABIOTICS WHERE NATURE MEETS SCIENCE

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**
**Funny People**

Gamanmynd með alvarlegu ívafi sem fjallar um frægan grínista sem kemst að því að hann er dauðvona og endurskoðar líf sitt. Aðalhlutverkin leika Adam Sandler og Seth Rogen.



**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Hnapparatið **14.40** Útvarpsperla: Goðsögn í lifanda lífi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Innundir skinni **17.05** Stimpilklukkan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Rinaldo **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

**BBC entertainment**

**08.45** My Family **09.15** My Family **09.45** QI **10.15** QI **10.45** QI **11.15** QI **11.45** My Family **12.15** My Family **12.45** My Family **13.15** My Family **13.45** QI **14.15** Top Gear **15.05** Top Gear **15.55** Top Gear **16.45** Top Gear **17.35** My Family **18.05** My Family **18.35** My Family **19.05** My Family **19.40** QI **20.10** Inspector Lynley Mysteries **20.55** Inspector Lynley Mysteries **21.40** Live at the Apollo **22.25** The Graham Norton Show **23.10** Live at the Apollo **23.55** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **00.40** Fawlty Towers

**DR 1**

**09.10** Spiderman **09.30** Troldspejlet **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.55** Sign up **11.10** OBS **12.15** Maestro **13.20** Dronningeofret **14.20** Skjulte Stjerner **15.20** Skjulte Stjerner **15.40** Før søndagen **15.55** Min Sport **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Stillehavets tropiske eventyr **18.00** Maestro **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.30** Old Gringo **04.00** Noddy **04.10** Gnotterne **04.40** Kasper & Lise **04.50** Den lille prinsesse

**NRK 1**

**06.10** Førkveld **06.50** Førkveld **07.30** Debatten **08.30** Köping Hillbillies **09.00** Ut i naturen **10.00** Friidrett **12.05** Munter mat **12.35** Solgt! **13.05** Siffer **13.35** Norskekysten **14.15** Beat for beat **15.05** X-Fighters **16.35** Stikk **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Humorama **18.25** QuizDan **19.25** Sjukehuset i Aidensfield **20.10** Fakta på lørdag **21.00** Kveldsnytt **21.15** NM sommerskiskyting **21.25** What Happens in Vegas **23.00** Haven **23.40** Dansefot jukeboks m/chat **02.00** Country jukeboks u/chat

**svt1**

**10.50** Dox **12.15** Doobidoo **13.15** Skavlan **14.15** Rapport **14.20** En andra chans **14.50** Lykke **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Go'kväll lördag **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Gäster med gester **18.45** Tack för musiken **19.45** Friday night dinner **20.15** Rapport **20.20** Stulen identitet **21.10** 30 år med U2 **22.00** Bröderna Reyes **22.50** Rapport **22.55** Punch Drunk Love **00.30** Rapport **00.35** Bored to Death **01.05** Skavlan **02.05** Rapport **02.45** Trädgårdsfredag

www.visindavaka.is

# STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN Á KAFFIHÚSI



Dagskrá vísindakaffisins:

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Vísindakaffi á Súfistanum, Laugavegi

## 19., 20., 21. og 22. september kl. 20 - 21:30

## Allir velkomnir!

**Í aðdraganda Vísindavöku er hellt upp á hið sívinsæla vísindakaffi, þar sem fræðimenn kynna rannsóknir sínar. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum sem skipta máli fyrir daglegt líf. Vísindakaffin eru haldin á Súfistanum, Máli og menningu Laugavegi, 19., 20., 21. og 22. september kl. 20:00-21:30 hvert kvöld. Þar kynna vísindamenn á ýmsum fræðasviðum rannsóknir sínar sem eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðar fyrir fólk á öllum aldri. Gestir fá tækifæri til að spyrja og taka þátt í umræðum. Stjórnandi vísindakaffisins er Davíð Þór Jónsson. Einnig verður vísindakaffi á Akureyri 22. september.**

### Mánudagur 19. september kl. 20 - 21:30

**Að fæðast - hættulegasta ferðalagið?**

Burðarmálsdauði á Íslandi er með því allra lægsta sem gerist í heiminum. Hins vegar er hann álíka mikill og fjöldi dauðsfalla í umferðinni á hverju ári og þar af leiðandi gríðarlega stórt heilbrigðisvandamál. Dr. Brynjar Karlsson, dósent við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík veltir upp hverjar eru helstu orsakir burðarmálsdauða og segir frá rannsóknum sem miða að því að búa til tækni sem gerir kleift að meta betur ástand fósturs og hættu á fyrirburafæðingu.

### Þriðjudagur 20. september kl. 20 - 21:30

**Kuldinn síðasta sumar afsannar hlýnun jarðar! ...er það ekki?**

Vísindamenn halda því fram að aukin gróðurhúsaáhrif valdi því að yfirborð jarðar sé að hlýna. Samt var síðasta sumar kalt. Gengur þetta upp? Dr. Halldór Björnsson frá Veðurstofu Íslands ræðir gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar, kal í túnum og hafís.

### Miðvikudagur 21. september kl. 20 - 21:30

**Sagnfræðingar eru frá Mars, valdhafar frá Venus. Af hverju getum við ekki verið sammála um söguna?**

Þekking á liðinni tíð er til margra hluta nytsamleg, eða svo segja margir. Dr. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fjallar um nýtingu sögunnar á Íslandi, allt frá landnámi til okkar daga. Ari fróði sagðist vilja hafa það sem sannara reynist en var það nú satt? Fyrir hvern skrifaði hann? Á hinn bóginn má spyrja hvers vegna sagnfræðingar samtímans ættu að nöldra um stórmenni sögunnar. Skilja þeir ekki að sagan á að sameina okkur, gera okkur stolt af afrekum forfeðranna? Segjum að sagnfræðingar séu frá Mars og valdhafar frá Venus. Er þá nokkuð hægt að mætast á miðri leið? Í hvaða tómarúmi yrði það eiginlega?

### Fimmtudagur 22. september kl. 20 - 21:30

**Offita barna – hvað er til ráða?**

Í vísindakaffi munu þau Ragnar Bjarnason yfirlæknir á Barnaspítala Hringsins og Þrúður Gunnarsdóttir sálfræðingur fjalla um meðferð og úrræði vegna offitu barna.

## Vísindakaffi á Akureyri

### Fimmtudaginn 22. september kl. 20 - 22
### 1862 Nordic Bistro í Hofi menningarhúsi

**Norðausturland – vannýtt náttúruvætti?**

Jón Þorvaldur Heiðarsson við Háskólann á Akureyri og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir við Náttúrustofu Austurlands velta fyrir sér hvernig náttúruperlur á Norðausturlandi gætu nýst okkur sem auðlindir án þess að tapa perluskini sínu.

Vísinda Vaka

PEOPLE rannís

**Látið sjá ykkur í Háskólabíói föstudaginn 23. september!**





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT3 SPORT4 SPORT5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## PERSÓNAN

*Sólveig Ragna Guðmundsdóttir*



**Aldur:** 29 ára.
**Starf:** Forstjóri og meðhönnuður Shadow Creatures og arkitekt.
**Búseta:** 105 Reykjavík.
**Fjölskylda:** Sambýlismaður minn er Carlos Horacio Gimenez og saman eigum við köttinn Lakkrís. Svo á ég auðvitað mömmu, pabba, bróður, systur og hálfsystur.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Sólveig Ragna hannar nýjar umbúðir fyrir Coke Light ásamt systur sinni, Eddu Guðmundsdóttur.

# Íslenski hesturinn í Game of Thrones

Íslenski hesturinn verður töluvert notaður í upptökum á sjónvarpsþáttaröðinni Game of Thrones en eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá er tökulið þáttanna væntanlegt hingað til lands í nóvember. Ekki er leyfilegt að flytja hesta til Íslands þar sem íslenski hesturinn er mjög einangruð tegund og því viðkvæmur fyrir alls kyns hestapestum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir því að yfir eitt hundrað „statistar“ eða staðgenglar verði ráðnir til að taka þátt í tökunum en allt í allt verði í kringum tvö hundruð manns í starfsliðinu. Tökurnar eiga að standa yfir í tvær vikur og er hugmyndin sú að fanga skammdegið sem þá verður búið að taka við stjórnartaumunum. Framleiðslufyrirtækið Pegasus verður tökuliðinu innan handar hér á landi en þar vildu menn ekkert tjá sig um málið.

Game of Thrones kemur úr smiðju bandaríska sjónvarpsrisans HBO og hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. Þættirnir eru byggðir á bókum eftir George R.R Martin. Þættirnir eru sýndir á sunnudagskvöldum á Stöð 2. Önnur þáttaröð er nú í tökum á Norður-Írlandi en auk Íslands verður einnig tekið upp í Króatíu. - fgg



**STÓRT HLUTVERK** Íslenski hesturinn mun væntanlega fá stórt hlutverk í Game of Thrones enda ferðast menn þar aðallega um á hestum. Kit Harington verður að öllum líkindum sú stjarna þáttanna sem kemur hingað til lands.






**HAMINGJUSÖM** Klara Sól var ótrúlega ánægð með að hafa hitt Ben Stiller enda er leikarinn vinsæll hjá krökkunum í Stykkishólmi. Strákurinn í rauðu peysunni heitir Ólafur Þór.

KLARA SÓL: BEN STILLER VAR ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGUR

# Hollywood-stjarna heillaði Hólmara upp úr skónum

„Hann var ógeðslega skemmtilegur og talaði alveg heilan helling við okkur. Hann sagðist ætla að gera myndina sína í Stykkishólmi og vera hérna í viku,“ segir Klara Sól Sigurðardóttir, þrettán ára Stykkishólmsmær.

Klara varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta Ben Stiller í Stykkishólmi í gær. Hollywood-leikarinn er á ferð um landið til að skoða tökustaði fyrir kvikmynd. Stiller hefur leikið við hvurn sinn fingur hér á landi og verið alþýðlegur í framkomu. Klara var í það minnsta í skýjunum yfir að hafa hitt Stiller enda er leikarinn í miklu uppáhaldi hjá krökkunum í bænum.

Framleiðslufyrirtækið True North aðstoðar Stiller á ferð sinni um landið. Föruneytið keyrði meðal annars á Djúpavog þar sem það fór ekki fram hjá neinum að Hollywood-stjarna var í bænum. Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogs, vildi ekkert tjá sig um það hvort hann hefði átt fund með Stiller en Hrönn Ásbjörnsdóttir hjá veitingasölunni Við voginn sagði leikarann vera á vörum allra í bænum. Íbúarnir væru spenntir yfir heimsókninni og vonuðust til þess að Stiller myndi koma Djúpavogi á kortið með mynd sinni, The Secret Life of Walter Mitty.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var síðan flogið aftur til Reykjavíkur í gær eftir heimsóknina á Djúpavog og ferðinni heitið í Stykkishólm. Stiller hefur verið duglegur að uppfæra Twitter-síðu sína á netinu og hann virðist hafa hrifist af bæði land og þjóð. Í það minnsta hrósaði hann fegurð barnanna í Hólminum. Leifur B. Dagfinnsson, einn af eigendum True North, vildi lítið tjá sig um heimsókn Bens Stiller í samtali við Fréttablaðið en staðfesti að þeir væru að leita eftir heppilegum tökustöðum. Hann sagðist ekkert vita hvenær Stiller hygðist halda af landi brott, þeim möguleika væri haldið opnum. „Það er ekkert fast í hendi,“ segir Leifur sem vildi ekkert tjá sig um hvort þetta væri stærsta verkefni fyrirtækisins hingað til en það hefur þjónustað kvikmyndir á borð við Prometheus og Flag of Our Fathers.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær vill Stiller endurgera hina sígildu kvikmynd The Secret Life of Walter Mitty hér á landi en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er handrit myndarinnar skrifað með Ísland í huga.

freyrgigja@frettabladid.is

# Fann grínið í gegnum Jón Gnarr

„Ég er mjög mikill aðdáandi. Hann er einn af mestu áhrifavöldunum mínum,“ segir listamaðurinn Anton Lyngdal Sigurðsson.

Hann bauð Jóni Gnarr á myndlistarsýningu sína á Hverfisgötunni, sem er að miklu leyti tileinkuð borgarstjóranum. „Ég fann grínið í gegnum hann. Mér fannst ég ekki vera með húmor þegar ég var yngri, þannig að ég hlustaði á hann á hverjum einasta degi. Ég fann húmorinn í gegnum hann hans,“ segir hinn 28 ára Anton Lyngdal sem er nemandi í Myndlistarskólanum í Reykjavík og hefur verið virkur veggjakrots-listamaður undanfarin ár.

Alls konar verk eru á sýningunni, þar á meðal akrýlmyndir, verk úr blásnu gleri, skúlptúr úr keramik, bókverk og skissur. Anton málaði einnig mynd af Jóni án þess að borgarstjórinn vissi af og sýndi honum á sýningunni. „Þetta er eiginlega besta málverkið sem ég hef málað.“

Öll verkin eru til sölu á sýningunni nema bókverkið. Að sögn Antons er það listaverk sem snertir alla. „Ég kalla þetta „Gay-Bible“. Ég las Biblíuna og strikaði síðan allt úr sem segir eitthvað slæmt varðandi samkynhneigða og kvenfólk. Ég kalla þetta fordómalausa Biblíu.“ Sýningin er haldin á Hverfisgötu 59 og verður opin til 23. september, alla daga á milli kl. 15 og 19. - fb



**MEÐ ÁHRIFAVALDINUM** Anton Lyngdal Sigurðsson ásamt áhrifavaldi sínum, Jóni Gnarr borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


LAGER
SALA
TEKK-COMPANY
50
TIL
80
% AFSLÁTTUR
50%
LEÐURSÓFI
79.000 KR.
50%
LUKTIR
FRÁ 4.750 KR.
Hús
lyklar
70%
LYKLASKÁPUR
2.850 KR.
60%
KERTA
LUKTIR
FRÁ
1.180 KR.
50%
KERTI
FRÁ
475 KR.
krydd
jurtir
Blóm
70%
KRYDDJURTA
POTTAR
FRÁ 375 KR.
70%
KLUKKA
1.650 KR.
80%
GARÐLUKTIR
590 KR.
50%
SNAGAR
FRÁ
1.275 KR.
TEKK
COMPANY
Opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17
Sími 564 4400
ATH. LAGERSALAN ER Í KAUPTÚNI (GEGNT IKEA, VIÐ HLIÐINA Á VERSLUNUM TEKK-COMPANY OG HABITAT)
FABRIKAN - eitt ká og enginn hamborgari

